allt
Haukur Guðjónsson:
*Ritstýrir nýju bílablaði*
• bílar
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Hamfarirnar í Asíu:
*Neyðarhjálp úr norðri*
• söfnun í sjónvarpi í kvöld
SÍÐA 34 ▶



UNIKA

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
15. janúar 2005 – 13. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

LAUGARDAGUR



**ALCAN VILL BÆTUR** Samkvæmt lögfræðiáliti lögfræðinga Alcan bera olíufélögin ótvíræða skaðabótaskyldu gagnvart fyrirtækinu vegna samráðs. Olíufélögin skiptu með sér sölunni frá árinu 1967. Tjónið nemur að minnsta kosti tugum milljóna króna. **Sjá síðu 2**

**NÝJUNG Í HEILSUGÆSLUNNI** Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið hefur ákveðið að ný þjónusta við börn sem stríða við geðrænan vanda verði hluti af heilsugæslunni í Grafarvogi, en það er er fjölmennasta barnahverfi landsins. **Sjá síðu 6**

**VORÞING Í SPILUNUM** Vaxandi líkur eru á vorþingi Samfylkingar. Össur Skarphéðinsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sætta sig bæði við að landsfundi verði flýtt. Kosið er í póstkosningu um formann flokksins og úrslit tilkynnt á landsfundi. **Sjá síðu 4**

**GAZA LOKAÐ EFTIR ÁRÁS** Sex ísraelskir verkamenn og þrír palestínskir vígamenn féllu í árás þeirra síðarnefndu í fyrrinótt. Árásin var gerð fáeinum klukkustundum eftir að Mahmoud Abbas sagðist ætla að uppfylla öryggisskuldbindingar vegvísisins til friðar. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG




**STÖKU SKÚRIR EÐA ÉL** hér og hvar. Bjart með köflum og hiti 1-7 stig hlýjast sunnan til. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**NÓTTIN Í BÆJARBÍÓI** Kvikmyndasafn Íslands sýnir ítölsku myndina La Notte eftir Antonioni í Bæjarbíói í Hafnarfirði klukkan fjögur í dag.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 33 |
| Tónlist | 34 | Íþróttir | 28 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |

Meðallestur dagblaða
18-35 ára




Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups nóvember 2004

# Rannsaka ekki risagjaldþrot

**Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur ákveðið að aðhafast ekki frekar í gjaldþrotamáli Frjálsrar fjölmiðlunar. Fjölmörg kærumál bárust embættinu vegna gjaldþrotsins. Grunur lék á fjármálamisferli eigenda fyrirtækisins.**

**LÖGREGLA** Embætti ríkislögreglustjóra hefur ákveðið að aðhafast ekki frekar í gjaldþrotamáli Frjálsrar fjölmiðlunar. Gjaldþrot fyrirtækisins er eitt stærsta gjaldþrotamál Íslandssögunnar og námu kröfur í þrotabúið rúmum tveimur milljörðum króna. Meint fjármálamisferli eigenda fyrirtækisins voru til rannsóknar en undir Frjálsa fjölmiðlun heyrðu á þriðja tug fyrirtækja sem höfðu verið seld eða orðið gjaldþrota áður en til gjaldþrots Frjálsrar fjölmiðlunar kom. Því reyndust svo til engar eignir í þrotabúinu.

Í nóvember 2002 var efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra kölluð til aðstoðar í gjaldþrotamálinu. Skiptaráðandi vísaði þá sölu félagsins á eigum þess í netmiðlinum Vísi.is til rannsóknar embættisins. Salan fór fram þá um vorið en Frjáls fjölmiðlun var úrskurðuð gjaldþrota í júlí 2002. Skiptaráðandi fékk ekki í hendur undirritaðan samning um sölu á eignum Vísis.is, sem voru líklega seldar fyrir um 60 milljónir króna. Greiðsla barst Frjálsri fjölmiðlun en hvarf úr sjóðum fyrirtækisins. Skiptaráðandi vildi meðal annars rannsókn á því hverjum greiðslan barst. Auk þess afhentu Eyjólfur Sveinsson og Sveinn Eyjólfsson, fyrrverandi eigendur Frjálsrar fjölmiðlunar, ekki skiptaráðanda gögn um félagið Time Invest sem var í þeirra eigu og er líklega skráð í Lúxemborg en er nú í eigu þrotabúsins. Ekki er vitað hvort félagið á fjármuni í erlendum bönkum sem með réttu féllu í hlut kröfuhafa.

Jón H.B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans, hefur sagt að tugur kærumála hafi borist embættinu vegna gjaldþrotsins. Kærurnar vörðuðu ýmis ætluð brot gegn hegningarlögum og skattalögum.

Í bréfi frá ríkislögreglustjóra segir að gögn hafi ekki borist frá skiptaráðanda sem gefa tilefni til lögreglurannsóknar. Sveinn Eyjólfsson segist fagna niðurstöðu ríkislögreglustjóra enda hafi að hans mati enginn grundvöllur verið fyrir kærunum.

ghg@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BÖRNIN GEFA Í LANDSSÖFNUNINA** Í gærkvöldi höfðu safnast yfir 10 milljónir króna í landssöfnuninni Neyðarhjálp úr norðri, en söfnunin nær hámarki í dag og lýkur með samsendingu sjónvarpsstöðvanna í kvöld. Í Kringlunni í Reykjavík lét ungviðið ekki sitt eftir liggja og lagði til smáræði í söfnunarbauk í gær, en slíkir baukar eru einnig í Smáralind í Kópavogi og á Glerártorgi á Akureyri.

Neyðarhjálp úr norðri:

## Söfnunin nær hámarki

**HJÁLPARSTARF** Landssöfnunin vegna hamfaranna í Asíu á öðrum degi jóla, Neyðarhjálp úr norðri, nær hápunkti í dag. Söfnunin er ein sú umfangsmesta sem hér hefur verið ráðist í, en að henni stendur fjöldi hjálparsamtaka auk fjölmiðla, félagasamtaka, fyrirtækja og almennings.

Söfnuninni var ýtt úr vör á þriðjudaginn, en í dag leggjast á eitt þrjár sjónvarpsstöðvar, þrjár verslunarmiðstöðvar, þrjú dagblöð og níu útvarpsstöðvar auk listamanna, fyrirtækja, félagasamtaka og almennings með það fyrir augum að safna sem mestu.

Algengt er að fólk gefi 1.000 til 5.000 krónur, en fyrir þúsund krónur er hægt að kaupa fimm ullarteppi og fyrir 3.000 krónur er hægt að bólusetja sextíu börn gegn mislingum.

Heilbrigðisráðherrar Evrópusambandsríkjanna lýstu í gær miklum áhyggjum af sálarheill íbúa flóðasvæðanna, einkum þó barna. **Sjá síðu 8**

Félagsmálanefnd:

## Impregilo neitaði að mæta ASÍ

**KÁRAHNJÚKAR** Fulltrúar Impregilo höfnuðu því að mæta fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar fyrir félagsmálanefnd Alþingis í gærmorgun. Sneru fulltrúar ASÍ því frá að beiðni nefndarinnar þannig að hægt væri að hlýða á málflutning Impregilo. Í staðinn verður fundur með ASÍ á þriðjudagsmorgun.

Fundurinn var haldinn til að fjalla um aðbúnað og kjör starfsmanna á Kárahnjúkum. Hann áttu að sitja fulltrúar félagsmálaráðuneytisins, Landsvirkjunar, verkalýðshreyfingarinnar og Impregilo.

„Þeir bera sig illa undan ásökunum Alþýðusambandsins í sinn garð en treysta sér síðan ekki að sitja sameiginlegan fund þar sem Alþýðusambandsmenn geta hlýtt á þeirra mótrök og hugsanlega leiðrétt misskilning eða rangtúlkanir,“ segir Ögmundur Jónasson alþingismaður.



**GIANNI PORTA** Fulltrúar Impregilo neituðu að mæta fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir að Impregilo hafi einfaldlega viljað útskýra mál sitt í friði og ró. „Það breytir ekki því að við erum tilbúnir að hitta fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar hvar sem er og hvenær sem er.“

- ghs

Tíu ár frá snjóflóðunum í Súðavík:
*Hörmungarsagan rifjuð upp*
SÍÐUR 24 - 27 ▶



Klám í tölvuleikjum:
*Einmenningskynlíf á bláþráðum*
SÍÐA 30 ▶



17
DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA
Corolla
Tilboðsverð
1.669.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA



## SPURNING DAGSINS

*Guðjón, var símreikningurinn ekki nógu hár fyrir?*

**Hann hækkar ekki neitt því rukkað verður eftir öðrum leiðum.**

Guðjón Halldórsson er þróunarstjóri Góðra lausna sem er í samkeppni við Farsímagreiðslur um hvor verði fyrri til að koma þjónustu á markað sem gerir fólki kleift að borga stöðumælagjöld með farsímum.

Framkvæmdastjóri verktakafyrirtækis dæmdur fyrir skattsvik:

# Dæmdur til greiðslu þrjátíu milljóna

**DÓMSMÁL** Maður á sextugsaldri var, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, dæmdur til að greiða rúmar þrjátíu milljónir í sekt og í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og brotum um virðisaukaskatt. Eins árs fangelsi kemur í stað sektarinnar verði hún ekki greidd.

Maðurinn sem var stjórnarmaður og framkvæmdastjóri verktakafyrirtækis játaði brot sín. Hann stóð ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna ársins 2001. Þá stóð hann ekki skil á staðgreiðslu sem haldið var eftir af launum starfsmanna fyrirtækisins frá árinu 2000 til ársins 2003. Maðurinn stóð heldur ekki skil á virðisaukaskatti sem innheimtur hafði verið í nafni fyrirtækisins samtals um tíu milljónir króna frá árinu 2000 til ársins 2003. Skattsvik mannsins nema samtals rúmlega fimmtán milljónum króna. **- hrs**



**HARALDUR JÓHANNESSEN RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI**
Ríkislögreglustjóri ákærði manninn fyrir skattsvik.

Tölur um nýliðið ár:

# Græddum á ferðafólki

**FERÐAFÓLK** Tölur Seðlabankans sýna að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum eru 2,2 milljörðum meiri fyrstu níu mánuði síðasta árs en voru árið áður.

Samgönguráðuneytið segir tölur fyrir árið í heild ekki liggja fyrir, en fyrstu níu mánuðina nemi hækkunin 7 prósentum. Tekjurnar jukust úr 30,4 milljörðum króna í 32,6 milljarða. „Mestu munar um aukna neyslu erlendra ferðamanna hér á landi, sem nemur 1,8 milljarði króna," segir þar en fyrstu níu mánuði nýliðins árs sóttu 300 þúsund erlendir gestir landið heim. **- óká**

# Alcan vill bætur frá olíufélögunum

**Samkvæmt lögfræðiáliti lögfræðinga Alcan bera olíufélögin ótvíræða skaðabótaskyldu gagnvart fyrirtækinu vegna samráðs. Olíufélögin skiptu með sér sölunni frá árinu 1967. Tjónið nemur að minnsta kosti tugum milljóna króna.**

**VERÐSAMRÁÐ** Forsvarsmenn Alcan, áður Ísal, hafa ákveðið að sækjast eftir bótum frá olíufélögunum vegna verðsamráðs þeirra. Samkvæmt lögfræðiáliti sem unnið var fyrir fyrirtækið bera olíufélögin ótvíræða skaðabótaskyldu vegna þess. Ekki hefur verið ákveðið hvort beðið verði um viðræður við félögin áður en höfðað verður skaðabótamál.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan segir að félagið muni ekki sitja þegjandi undir þessu, enda nemi tjónið að minnsta kosti tugum milljóna. Hann segir að ekki sé búið að meta tjónið nákvæmlega en miða megi við að fyrirtækið kaupi olíu fyrir um 200 til 250 milljónir á ári. Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur þegar óskað eftir viðræðum við olíufélögin um skaðabætur vegna tjóns sem útgerðin hefur orðið fyrir vegna verðsamráðs.

Í niðurstöðu samkeppnisráðs kemur fram að olíufélögin hafi gert Ísal þannig tilboð að tryggt væri að Skeljungur héldi viðskiptunum við fyrirtækið gegn því að Skeljungur héldi áfram að skipta framlegð af viðskiptunum með Olís og ESSÓ.

Samkvæmt niðurstöðu samkeppnisráðs höfðu olíufélögin um áratugaskeið skipt með sér sölu Skeljungs til Ísal. Strax á fundi olíufélaganna árið 1967 var samþykkt að félögin myndu bjóða tiltekið verð í kaup Ísal á eldsneyti. Jafnframt var ákveðið að það félag sem fengi viðskiptin skyldi skipta sölunni jafnt með hinum félögunum. Að mati samkeppnisráðs sýna gögn málsins með skýrum hætti að þetta fyrirkomulag hafi staðið þar til Samkeppnisstofnun gerði húsleit hjá olíufélögunum árið 2001.

Árið 1996 ákváðu stjórnendur Ísal að endurnýja samning við Skeljung. Starfsmenn olíufélagsins tilkynntu þá Essó og Olís um þessar viðræður og leituðu eftir samþykki þeirra varðandi kjör sem bjóða ætti. Jafnframt sýna gögnin að Skeljungur hafi leynt Ísal því að félagið skipti sölunni með hinum olíufélögunum og hefði gert það frá upphafi viðskiptanna árið 1967.

**ghg@frettabladid.is**



**HÖFUÐSTÖÐVAR ALCAN**
Fyrirtækið vill bætur frá olíufélögunum vegna verðsamráðs þeirra.



**LOÐNUNNI FAGNAÐ**
Terta í tilefni fyrsta loðnufarmsins sem barst til Fáskrúðsfjarðar. Magnús Ásgrímsson, verksmiðjustjóri hjá LVF, afhendir Bergi Einarssyni skipstjóra tertuna.

Loðnuveiðar:

# Hnúfubakur á miðunum

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuveiðar hafa gengið vel síðustu sólarhringa, þrátt fyrir að leiðindaveður hafi verið á miðunum austur af Langanesi, og er loðnu nú landað allt frá Siglufirði, austur um land og suður til Vestmannaeyja. Töluvert er af hnúfubak á loðnumiðunum og dæmi um að þeir hafi rifið nætur skipanna sem þá hafa neyðst til að halda til hafnar. **- kk**

Skuldabréfaútgáfa:

# Stórt útboð Íslandsbanka

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur gefið út skuldabréf á alþjóðamarkaði að fjárhæð 450 milljónir evra eða jafngildi rúmlega 37 milljarða króna. Þetta er stærsta skuldabréfaútgáfa Íslandsbanka til þessa. Skuldabréfin eru til fimm ára og eru gefin út undir EMTN rammasamningi bankans um alþjóðlega skuldabréfaútgáfu. Viðtökur markaðarins voru góðar og var útgáfan seld til yfir 50 fjárfesta víðs vegar í Evrópu og Asíu.

Árið 2004 nam alþjóðleg skuldabréfaútgáfa bankans rúmlega 2,1 milljarði evra, jafngildi yfir 170 milljarða króna, í tæplega 50 útgáfum. Þetta gerir nýliðið ár að umfangsmesta fjármögnunarári Íslandsbanka til þessa. **- hh**



**SKEMMDIR Á BÍLNUM**
Ökumaður bílsins rétt náði að sveigja frá malarflutningabíl og skrapaði hliðina.

Malarflutningavagn:

# Rann þvert yfir veginn

**SLYS** Litlu mátti muna að alvarlegt umferðarslys yrði á Selfossi á hádegi í gær þegar malarflutningavagn rann þvert á móti umferð.

Til móts við Fossveg þurfti malarflutningabíll að hemla snögglega þegar bíll á undan honum hægði á sér. Ökumaður malarflutningabílsins sá að ekki næðist að stöðva bílinn í tæka tíð og ákvað að víkja út í hægri vegaröxl, en þá fór svo að aftanívagn bílsins fór þvert á veginn.

Bíll sem á móti kom þurfti að sveigja út í vegarkant til þess að lenda ekki undir vagninum. Vagninn skrapaði hins vegar vinstri hlið bílsins og skemmdi töluvert. Ökumaður bílsins slapp heill á húfi. **- ghg**

Lýst eftir vitnum:

# Árekstur á gatnamótum

**LÖGREGLA** Rétt fyrir klukkan tíu síðasta miðvikudagsmorgun lentu saman hvítur Toyota Land Cruiser jeppi og grár VW Golf fólksbíll á mótum Arnarnesvegar og Bæjarbrautar í Garðabæ.

Lögreglan í Hafnarfirði lýsir eftir vitnum að óhappinu og biður fólk sem veitt getur upplýsingar að hafa samband í síma 525 3300. Jeppanum var ekið austur Arnarnesveg, en fólksbifreiðinni norður Bæjarbraut og ætlaði vestur Arnarnesveg. **- óká**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÁREKSTUR Á ESKIFIRÐI** Nokkuð harður árekstur varð á Strandgötu á Eskifirði í gærdag. Bílarnir lentu framan á hvor öðrum í fljúgandi hálku. Ökumenn bílanna meiddust minniháttar en bílarnir skemmdust nokkuð.

**SLAPP ÓMEIDDUR** Ökumaður bíls slapp ómeiddur eftir að hafa misst stjórn á bíl sínum, keyrt út af og hafnað í skurði skammt frá Kaldárholti í Rangárþingi ytra. Ökumaðurinn var í bílbelti. Bíllinn skemmdist nokkuð.

## EVRÓPA

**NÍU LÉTUST** Níu manns létust þegar lítil farþegaflugvél hrapaði í fjalllendi í Síberíu. Flugvélin, gömul tvíþekja, var að koma inn til lendingar þegar hún hvarf af ratsjám á fimmtudag. Flak hennar og lík farþeganna fundust í gær.




Sameining ÍÚ og Fréttar:

# Nýja nafnið er 365

**FJÖLMIÐLUN** Íslenska útvarpsfélagið og Frétt hafa verið sameinuð undir nýju nafni, 365, sem skiptist í 365 – ljósvakamiðla og 365 – prentmiðla. Ritstjórnir fjölmiðla halda fullu sjálfstæði en rekstur, framleiðsla og sölu- og markaðsmál verða sameiginleg nema hjá PoppTíví og FM957.

Samhliða breytingunum verður stofnað framleiðslufyrirtækið Hvítar myndir sem mun taka yfir alla framleiðslu og starfa sjálfstætt.

Fjármálastjórnun 365 verður hjá Og Vodafone. Þjónustuver 365 verður hluti af þjónustuveri Og vodafone. „Þarna verður öflugasta þjónustuver á Íslandi og þannig byrjað að starfa strax um næstu mánaðamót," segir Pálmi Guðmundsson markaðsstjóri.

Stefnt er að því að sameinað félag verði til húsa að Skaftahlíð 24.




**MERKI SAMEINAÐS FYRIRTÆKIS**
Nafn fyrirtækisins á að endurspegla þjónustu þess allan sólarhringinn allan ársins hring.

Gunnar Smári Egilsson verður framkvæmdastjóri, Hermann Hermannsson aðstoðarframkvæmdastjóri og Kristján Grétarsson yfirmaður framleiðslunnar.

Gunnar Smári segir að nafnið eigi að endurspegla þjónustu fyrirtækisins allan sólarhringinn allan ársins hring. **- ghs**




**NÝR LAND ROVER DISCOVERY 3**

Verð frá kr. 5.480.000

LAND-ROVER

GO BEYOND™

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.1.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,46 | 62,76 |
| Sterlingspund | GBP | 116,89 | 117,45 |
| Evra | EUR | 81,92 | 82,38 |
| Dönsk króna | DKK | 11,01 | 11,07 |
| Norsk króna | NOK | 10,03 | 10,09 |
| Sænsk króna | SEK | 9,06 | 9,11 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 95,18 | 95,74 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**Króna 112,47 -0,74%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Fjörutíu ópíumfíklar eru í meðferð hjá SÁÁ:

# Fá fjármagn fyrir meðferð ópíumfíkla

**HEILBRIGÐISMÁL** Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir jákvætt að fjármagn fáist frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu til að halda áfram lyfjameðferð þrjátíu ópíumfíkla. Fjörutíu ópíumfíklar eru í lyfjameðferðinni.

Tuttugu milljónir verða veittar á tveimur árum sem er áætlaður kostnaður fyrir lyfjameðferð þrjátíu fíkla. Þórarinn segir meðferðartíma fíklanna ófyrirséðan og það þurfi að taka einn dag í einu. Hann segir fjörutíu ópíumfíkla vera í meðferð og því verði haldið áfram og hafa þeir komist að sem sækjast eftir slíkri meðferð. Samt sem áður segir Þórarinn ýmsa þætti verða áfram til umræðu á milli ráðuneytisins og SÁÁ því þeir hafi ýmsar óskir og væntingar. Þar á meðal umræðan um hvort eigi að setja meiri peninga í áfengis- og vímuefnameðferðir því enn standa eftir ýmis vandamál í heilbrigðisþjónustunni. **- hrs**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**
Er ánægður með að ráðuneytið veiti fjármagn í lyfjameðferð ópíumfíkla.

Snjóflóð á Patreksfirði:

# 17 yfirgáfu húsnæði sitt

**SNJÓFLÓÐ** 17 íbúum í sex íbúðarhúsum við Mýrar- og Urðargötu á Patreksfirði var gert að rýma heimili sín í gær vegna snjóflóðahættu. Samkvæmt upplýsingum frá almannavarnanefnd á Patreksfirði féll snjóflóð fyrir ofan göturnar fyrr um morguninn sem varð tilefni þess að gefin var út tilkynning um hættu vegna snjóflóða. Flestir íbúanna voru að heiman þegar flóðin féllu.

Klukkan 16 í gær var hættuástandinu hins vegar aflétt. Snjóeftirliti verður þó haldið áfram og fylgst grannt með snjóalögum. ■

Trúnaðarbréf afhent:

# Ræddi við forsetann

**UTANRÍKISMÁL** Tómas Ingi Olrich afhenti í byrjun vikunnar Jacques Chirac, forseta Frakklands, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Frakklandi.



**TÓMAS INGI OLRICH**

Að afhendingu lokinni átti sendiherra fund með Frakklandsforseta og ræddu þeir samskipti ríkjanna. „Kom fram áhugi Frakka á að efla samstarf á sviði vísinda, ekki síst á sviði hátækni,“ segir í tilkynningu utanríkisráðuneytis. „Sendiherra lýsti ánægju Íslendinga með gott samstarf á sviði menningarmála, minntist á nýafstaðna menningarkynningu í Frakklandi og þakkaði stuðning Frakka í því sambandi.“ **- óká**

F-listinn mótmælir:

# Minni gjöld á fasteignir

**BORGARMÁL** F-listinn í borgarstjórn mótmælti í vikunni hugmyndum Reykjavíkurlistans um hækkun fasteignagjalda. Listinn telur að óbreytt álagningarhlutfall fasteignagjalda leiði til of mikillar hækkunar vegna 20 prósenta hækkunar fasteignamats.

F-listinn styður því hugmyndir um að álagningarhlutfall fasteignagjalda verði lækkað þannig að raunhækkun fasteignagjalda verði ekki umfram hækkun launavísitölu. Minnt er á að margvísleg þjónustugjöld hafi hækkað hjá borginni í lok árs og Orkuveitan gagnrýnd fyrir hækkanir á sama tíma og í ljós komi að kostnaður vegna nýrra höfuðstöðva hafi verið vanáætlaður. ■

# Lög flokksins heimila vorþing

**Vaxandi líkur eru á vorþingi Samfylkingar. Össur og Ingibjörg sætta sig bæði við að landsfundi verði flýtt. Tímasetningin var rædd í framkvæmdastjórn flokksins. Formaður er kosinn í póstkosningu og úrslit tilkynnt á landsfundi.**

**STJÓRNMÁL** Vaxandi fylgi virðist vera við þá hugmynd innan Samfylkingarinnar að landsfundi flokksins verði flýtt og verði hann haldinn á vori komandi í stað hausts. „Hvort tveggja er heimilt samkvæmt lögum flokksins“, segir Stefán Jón Hafstein, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar. Hugmynd þessa efnis var rædd á fundi framkvæmdastjórnarinnar fyrr í vikunni og málið verður tekið upp aftur á fundi 24. janúar.

Össur Skarphéðinsson, formaður Samylkingarinnar segist „frekar jákvæður“ á þessa hugmynd. „Ég er tilbúinn að hlýta óskum félaga minna ef þeir kjósa að halda fundinn í vor. Ég vil þó taka skýrt fram að ég er ekki upphafsmaður að þessari hugmynd. Það eru ýmsir kostir við þetta útfrá sjónarhóli flokksins og ég mun eins og alltaf hafa heill flokksins að leiðarljósi.“ Össur sækist eftir endurkjöri.

> **„Fjölmiðlarnir myndu fara hamförum í heila gúrkutíð ef fundurinn væri í haust.**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, segir að fyrri yfirlýsingar hennar um framboð standi og litlu skipti hvort kjörið verði í vor eða haust: „Ég sætti mig við hvort heldur sem er.“

Kostirnir við það að kjósa í vor eru fyrst og fremst þeir að stytta þann tíma sem formannsslagurinn standi. „Fjölmiðlarnir myndu fara hamförum í heila gúrkutíð ef fundurinn væri í haust“ segir háttsettur flokksmaður. Einnig er bent á að flokkurinn verði í haust farinn að huga að sveitastjórnarkosningunum sem verða vorið 2006.

Formaður Samfylkingarinnar verður kosinn í póstkosningu og úrslit tilkynnt á landsfundi. Þar er síðan kosið í önnur embætti, til dæmis í embætti varaformanns. Þannig er ekkert því til fyrirstöðu að tapi Ingibjörg Sólrún fyrir Össuri geti hún boðið sig fram til varaformanns að nýju.

**a.snaevarr@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**ÖSSUR OG INGIBJÖRG**
Bæði til í landsfund í vor. Össur er „frekar jákvæður“ og Ingibjörg sættir sig við „hvort heldur sem er.“

Klórverksmiðja Mjallar-Friggjar:

# Eðlilegt að klára birgðir

**IÐNAÐUR** Davíð Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, fundar með forsvarsmönnum Mjallar-Friggjar á mánudaginn, en fyrirtækið framleiðir klór í Kópavogi án þess að hafa til þess tilskilin leyfi.

„Við erum að skoða málið,“ segir Davíð og kveðst lítið vilja tjá sig um það á meðan. Hann segist þó þeirrar skoðunar að ekki hafi verið óeðlileg viðbrögð að leyfa fyrirtækinu að klára klórgasbirgðirnar sem komnar voru á vinnslusvæðið fyrst vinnsla hafi verið hafin á annað borð. „Þessi hylki eru hættulegri þegar þau eru undir þrýstingi og hættan alla jafna mest þegar verið er að flytja þau,“ sagði hann. **- óká**

Hagnaður Símans:

# Borgaði sjúkrahús á 12 árum

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs harmar hugmyndir um að bjóða landsmönnum nýjan Landspítala fyrir einkavæðingu Símans, en lýsir um leið fullum stuðningi við aukin fjárframlög í þágu bættrar heilbrigðisþjónustu.

Bent er á að Landssíminn hafi á undanförnum árum skilað 2 til 3 milljörðum árlega í ríkissjóð og skilað nærri 2,5 milljörðum fyrstu níu mánuði síðasta árs. „Ef stjórnvöld vilja sækja fjármuni til byggingar nýs hátæknisjúkrahúss til Landssímans er ljóst að rekstrarhagnaður fyrirtækisins á næstu 10 til 12 árum getur hæglega staðið undir slíkri framkvæmd,“ segir þingflokkurinn. **- óká**




Jónar Transport fluttir í Kjalarvoginn!

Sama símanúmer 535 8000

JÓNAR TRANSPORT

Kjalarvogi · 104 Reykjavík · www.jonar.is


## Veðrið

**RÓLEGHEITA-VEÐUR Í DAG**
Segja má að dagurinn í dag sé lognið á undan storminum. Hæglætisveður og hiti nokkuð yfir frostmarki og auk þess bjart með köflum. Á morgun hvessir af suðvestri með kólnandi veðri og og snjókomu eða él sunnan- og vestan til en úrkomulitlu veðri fyrir norðan. Enn hvassari verður hann með suðurströndinni á mánudaginn ef fer sem horfir og víða éljagangur og vægt frost.
Það er því um að gera að njóta dagsins í hvívetna!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Hvassviðri víða um land, síst norðaustan til.

### Mánudagur




Stormur á suðurhelmingi landsins annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C | skýjað | Frankfurt | 3°C léttskýjað | Torrevieja | 17°C | skýjað |
| Osló | -2°C | skýjað | Prag | 3°C alskýjað | Róm | 11°C | skýjað |
| London | 10°C | léttskýjað | Amsterdam | 4°C léttskýjað | New York | 4°C | léttskýjað |
| París | 7°C | skýjað | Varsjá | 3°C léttskýjað | Miami | 25°C | skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Ótrúlegt verð
Yfir 60 tegundir ljósa
1.000
Loftljós, Bluff
Hvítt/Appelsínugult/Silfur
6000849-50
500
Ljóskastari, 2F
Sputnik
6000815
Veggljós
Bolero
6000840-41
500
500
500
Borðlampi
Cubo
6000818
Loftljós, Nacar
6000828-29
500
500
Borðlampi
Macao
6000832
Borðlampi
6000844-46
2 verð
500 og 1.000
á völdum ljósum
Gildir eingöngu í Skútuvogi og á Smáratorgi.
ALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTS
Dúndurútsala
algjört verðhrun!
1.000
500
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú áhyggjur af verðbólgu?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | x% |
| Nei | xx% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hlustar þú á talmálsútvarp?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Heilsugæslan í Grafarvogi:

# Ný þjónusta við börn í vanda

**HEILBRIGÐISMÁL** Tekin hefur verið ákvörðun af Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu um að ný þjónusta við börn sem stríða við geðrænan vanda verði hluti af heilsugæslunni í Grafarvogi sem er fjölmennasta barnahverfi landsins.

Atli Árnason, yfirlæknir heilsugæslunnar í Grafarvogi, segir tímamót að gefa heilsugæslunni möguleika á því að hafa aðgang að sálfræðingi, iðjuþjálfa og félagsráðgjafa í frumþjónustu. „Það má segja að það bætist við nýtt vopn í meðferðarsafnið. Við höfum reynslu af því í gegnum ungbarnaeftirlit að við sjáum oft tengslatruflanir í fjölskyldum. Jafnvel erfiðleika í samskiptum ungra barna og fjölskyldna þeirra og við erum viss um að ef við komum nógu snemma inn í mál sé hægt að varna því að slík einkenni breytist í geðsjúkdóma í stað þess að vera truflanir,“ segir Atli. Hann segir eftir miklu að slægjast þar sem þeir geti aðstoðað og stutt fólk og varnað því að börnin þeirra verði veikari síðar meir. **- hrs**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ATLI ÁRNASON LÆKNIR**
Nýja þjónustan getur jafnvel varnað því að börn verði veikari síðar meir þar sem hægt verður að grípa nógu tímanlega inn í.

Þjónustumiðstöðvar Rvk:

# Yfirmenn ráðnir

**BORGARMÁL** Borgarráð samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að ráða framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva borgarinnar frá og með 1. mars næstkomandi. Ráðin verða Aðalbjörg Traustadóttir, Hafdís Gísladóttir, Óskar Dýrmundur Ólafsson og Ragnar Þorsteinsson.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði kölluðu eftir upplýsingum og greinargerðum um þá umsækjendur sem boðaðir voru í viðtal og vildu vita hvers vegna umsóknum frá forstöðumönnum borgarhlutaskrifstofa hafi verið hafnað. **- óká**

Óveður í Danmörku:

# Tugmilljarða skemmdir

**DANMÖRK** Óveðrið sem gekk yfir Danmörku um síðustu helgi olli skemmdum sem metnar eru á 40 milljarða íslenskra króna, að því er fram kom í fréttum Danske Radio.

Tryggingafélagið Tryg gerir ráð fyrir að tjón viðskiptavina sinna vegna óveðursins nemi átta til ellefu milljörðum króna. Þar sem Tryg er með 22 prósenta markaðshlutdeild er heildarkostnaðurinn metinn á fimm milljarða. **- bþg**

Sænsk stjórnvöld:

# Vilja boltabullur burt

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska ríkisstjórnin vill banna íþróttabullum aðgang að íþróttaleikvöngum í framtíðinni. Dómsmálaráðherrann hefur lagt fram lagafrumvarp þessa efnis og er tilefnið það að mjög hefur borið á ólátum í tengslum við íþróttaviðburði síðasta árið.

„Ofbeldi á íþróttaviðburðum eru óviðunandi,“ sagði Thomas Bodström dómsmálaráðherra og bætti við: „Íþróttaleikvangar okkar eru staðir þar sem mikið er af börnum og foreldrum.“ ■

# Þrautaganga Abbas hafin

**Sex ísraelskir verkamenn og þrír palestínskir vígamenn féllu í árás þeirra síðarnefndu í fyrrinótt. Árásin var gerð fáeinum klukkustundum eftir að Mahmoud Abbas, nýkjörinn forseti Palestínumanna sagðist ætla að uppfylla öryggisskuldbindingar vegvísisins til friðar.**

**GAZA, AP** Óvíst er hvaða áhrif mannskæð árás palestínskra vígamanna á ísraelska verkamenn aðfaranótt föstudags hefur á fyrirhugaðar friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna. Sex Ísraelar féllu fyrir hendi vígamannanna áður en árás þeirra var hrundið og þrír vígamannanna drepnir.

Árásin í gærmorgun var gerð tæpum sólarhring eftir að Mahmoud Abbas, sem í dag tekur við embætti forseta palestínsku heimastjórnarinnar, lýsti því yfir að hann vildi standa við allar skuldbindingar sem Palestínumenn tóku á sig þegar þeir samþykktu vegvísinn til friðar, þeirra á meðal þá að Palestínumenn hættu árásum á Ísraela. Sama dag sagði einn leiðtoga Hamas koma til greina að hætta árásum á Ísraela.

> **„Abu Mazen fær ekki hundrað daga frest.**

Ísraelar brugðust skjótt við árásinni og lokuðu landamærunum að Gazaströndinni. Þeir sögðust þó bíða með að grípa til hefndaraðgerða. Tzipi Livni, dómsmálaráðherra Ísraels, sagði eftir árásina að ísraelsk stjórnvöld myndu gefa Abbas meiri tíma til að takast á við herskáar hreyfingar Palestínumanna. Húsnæðismálaráðherrann Yitzhak Herzog varaði hins vegar við því að þolinmæði Ísraela væri ekki endalaus. „Ísrael mun ekki sætta sig við stöðugar hryðjuverkaárásir á saklausa borgara. Abu Mazen fær ekki hundrað daga frest,“ sagði Herzog. Abu Mazen er auknefni Abbas.

Þrenn samtök vígamanna lýstu ábyrgð á hendur sér, þeirra á meðal Hamas og Al Aqsa píslarvættirnar sem tengjast Fatahhreyfingu Abbas. Árásin er fyrsta meiriháttar andstaðan sem herskáar hreyfingar Palestínumanna sýna Abbas, sem hefur mælst til þess að Palestínumenn láti af ofbeldi í baráttu sinni fyrir sjálfstæði. Sami Abu Zuhri, talsmaður Hamas, sagði árásina hins vegar alls ekki skilaboð til Abbas, heldur áminningu til Ísraela.

Lokun landamæranna kemur sér afar illa fyrir íbúa Gaza. Þar með er komið í veg fyrir flutning vöru til og frá svæðinu auk þess sem það lokar á möguleika Palestínumanna til að sækja vinnu í Ísrael. ■



**FÓRNARLAMB ÁRÁSAR JARÐSUNGIÐ**
Herzl Shlomo var sárt syrgður þegar hann var borinn til grafar í gær, fáeinum klukkustundum eftir að hann lét lífið ásamt fimm öðrum verkamönnum í árás palestínskra vígamanna.








**HUYGENS Á YFIRBORÐI TÍTANS**
Huygens er hér sýndur nýlentur á yfirborði Títans í þessu málverki listamanns sem vann myndina fyrir Evrópsku geimferðastofnunina.

Lending geimfarsins Huygens þykir mikið afrek:

# Lenti á stærsta tungli Satúrnusar

**ÞÝSKALAND, AP** Evrópskum geimvísindamönnum tókst í gær að lenda geimfari á yfirborði Títans, stærsta tunglsins sem gengur á sporbraut um Satúrnus og þykir það mikið verkfræðilegt afrek. Vonir eru bundnar við að geimfarið sendi frá sér upplýsingar um efni og andrúmsloft tunglsins sem geti varpað ljósi á uppruna lífs á jörðu.

„Við vitum á grundvelli lögmála þyngdaraflsins að það er lent,“ sagði David Southwood, vísindastjóri Evrópsku geimvísindastofnunarinnar, um för geimfarsins Huygens fimm tímum eftir að það hóf för sína niður á yfirborð tunglsins. Upphaflega var ekki gert ráð fyrir að Huygens sendi frá sér merki í nema þrjá klukkutíma.

Mikilvægasti þátturinn í ferð Huygens var tveggja og hálfs klukkustunda flug farsins niður að tunglinu. Meðan á því stóð átti Huygens að safna upplýsingum um andrúmsloftið og taka myndir af yfirborði tunglsins. Talsverð líkindi eru talin með Títan og jörðinni þegar hún var ung og því telja menn að finna megi vísbendingar um hvernig líf þróaðist á jörðu. Geimfarið sendi upplýsingar frá sér til móðurskipsins Cassini sem sendi þær áfram til stjórnstöðvar í Þýskalandi. ■

Kindakjötssala:

# 25 kíló á kjaft

**LANDBÚNAÐUR** Sala kindakjöts jókst um 13,5 prósent milli áranna 2003 og 2004, eða um 860 tonn, samkvæmt upplýsingum frá Landssamtökum sauðfjárbænda. Sala síðasta árs jafngildir því að hver Íslendingur hafi borðað um 25 kíló af kindakjöti.

„Svo virðist sem aukið framboð á unnum vörum úr lambakjöti og öflugt markaðsstarf sé að skila sér. Eftirspurnin hefur aukist til muna og hafa allir sem koma að framleiðslu lambakjöts lagt sig fram um að mæta þeirri eftirspurn með góðum árangri,“ segja samtökin. Þá er talið að vel hafi gengið að auka áhuga yngra fólks á lambakjöti, en kannanir hefðu sýnt að sá hópur neytti minnst af því. **- óká**

Netbankinn:

# Styrkir fatlaðra

**STYRKUR** Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins hefur endurnýjað tölvubúnað sinn fyrir styrk sem Netbankinn veitti. Tölvukennsla og tölvunotkun er sögð orðin vaxandi þáttur í endurhæfingarstarfi þjónustumiðstöðvarinnar.

Eldri búnaður var kominn til ára sinna og endurnýjun því orðin brýn. Netbankinn er eingöngu rekinn á netinu og þótti stjórninni því vel við hæfi að styðja við bakið á starfseminni og verkefnum sem efla þekkingu og möguleika fatlaðra. **- hrs**




# Útsalan
## í fullum gangi

**ENN MEIRI VERÐLÆKKUN**




ENNEMM / SÍA / NM14688

Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / 528 8000 / www.smaralind.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir forstjóri Vinnumálastofnunar?*

2 *Hvað hefur Landsvirkjun tapað miklu á fjarskiptarekstri?*

3 *Hvað hækkar húshitunarkostnaður með rafmagni mikið með nýjum raforkulögum?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Neyðarhjálp úr norðri:

# Svamlað í söltum sjó

**LANDSSÖFNUN** Félagar í Sjósundfélagi Íslands efna í dag til sjósundsmaraþons sem framtakið er liður í landssöfnuninni Neyðarhjálp úr norðri.

Að sögn Benedikts Lafleur, formanns Sjósundfélagsins, ætla sundmennirnir að skiptast á að vera í sjónum í stutta stund í einu þar sem sjávarhiti er afar lágur á þessum árstíma, aðeins um tvær gráður. Þrátt fyrir kuldann býst hann við að hátt í þrjátíu manns muni dýfa sér ofan í vatnið.

„Við erum náttúrlega að synda til að leggja okkar af mörkum í landssöfnuninni en við erum líka að sýna fram á að það er hægt að vinna með náttúruöflunum þótt þau séu grimm eins og dæmin sanna, það er hægt að ganga til móts við þau við erfiðar aðstæður og líka finna paradísina hér á norðurhjara,“ segir Benedikt en hann hefur stundað sjósund í hálft annað ár og hefur aldrei verið hraustari.

Kapparnir ætla að svamla um í sjónum fram eftir degi og getur fólk heitið á þá með því að hringja í söfnunarsímann, 755 5000. ■



**BENEDIKT LAFLEUR ÁSAMT ÓÞEKKTUM SUNDKAPPA**
Félagar í Sjósundfélagi Íslands hittust á æfingu í gær en þeir ætla að synda í tveggja gráðu heitum sjó til að safna fé.

Sjónvarpssafnanir:

# Safnað víða um heim

**SAFNANIR, AP** Belgar luku í gær þriggja vikna söfnunarátaki til hjálpar þeim sem eiga um sárt að binda eftir hamfarirnar í Asíu og á austurströnd Afríku á annan dag jóla. Alls safnaðist á þriðja milljarð króna.

Mikil fjársöfnun var haldin í kanadísku sjónvarpi á fimmtudagskvöld þar sem margar stjörnur lögðu hönd á plóg.

Í kvöld verður svo haldin mikil fjársöfnun í bandarísku sjónvarpi og hefur hver stórstjarnan á fætur annarri tilkynnt um það undanfarna daga að hún taki þátt í útsendingunni.■

## HAMFARIRNAR

**NÍU MÆÐUR DRENGS** Níu konur hafa gert tilkall til ungs barns sem var flutt á sjúkrahúsið Kalmunai á Srí Lanka daginn sem flóðbylgjan skall yfir. Ekki er vitað um uppruna barnsins og því erfitt að ákvarða hver sé raunveruleg móðir barnsins. Konurnar hafa rifist harkalega innbyrðis og ein þeirra hótað að fremja sjálfsmorð fái hún barnið ekki.

**RÁÐHERRAR TIL TAÍLANDS** For-sætisráðherrar Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, Matti Vanhanen, Kjell Magne Bondevik og Göran Persson, koma til Taílands á morgun. Þeir ætla að þakka fyrir þá hjálp sem landar þeirra fengu eftir flóðbylgjuna og leita leiða til að fá upplýsingar um afdrif 2.000 landa sinna sem er saknað.

**ÓHÆTT AÐ BORÐA FISK** Ótti margra íbúa landanna sem urðu flóðbylgjunni að bráð hefur orðið til þess að Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna sá sig tilknúna til að lýsa því yfir að óhætt væri að borða fisk. Orðrómur hfur gengið um að hættulegt sé að borða fisk þar sem þeir kunni að hafa nærst á líkum fólks sem lést í flóðbylgjunni.

**VILJA VARANLEGAN FRIÐ** „Við höfum engan áhuga á vopnahléi. Við viljum varanlegan frið og vinnum að því,“ sagði Jusuf Kalla, varaforseti Indónesíu, þegar hann hafnaði boði uppreisnarmanna í Aceh um vopnahlé í kjölfar flóðbylgjunnar á annan í jólum.

# Neyðarhjálp úr norðri nær hámarki

**Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu hófst í vikunni en nær hámarki í dag. Vonast er til að landsmenn opni pyngjur sínar og veski og láti fé af hendi rakna.**

**LANDSSÖFNUN** Landssöfnunin vegna hamfaranna í Asíu, Neyðarhjálp úr norðri, nær hápunkti í dag. Söfnunin er ein sú umfangsmesta sem ráðist hefur verið í hér á landi en að henni standa fjölmörg hjálparsamtök auk fjölmiðla, félagasamtaka, fyrirtækja og almennings.

Söfnunni var formlega ýtt úr vör á þriðjudaginn og hefur hún staðið yfir undanfarna daga en í dag nær hún hins vegar hámarki. Þrjár sjónvarpsstöðvar, þrjár verslunarmiðstöðvar, þrjú dagblöð og níu útvarpsstöðvar auk listamanna, fyrirtækja, félagasamtaka og almennings munu leggjast á árarnar og safna sem mest þau mega.

Elín Þ. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri, segir að söfnunin hafi farið vel af stað. „Allir hafa lagst á eitt, sýnt samhug og verið tilbúnir að leggja sitt af mörkum.“ Á hádegi í gær höfðu þrjár milljónir safnast í símasöfnunni.

Söfnunarféinu verður varið til neyðaraðstoðar nú og uppbyggingar á næstu árum á vegum fimm mannúðarsamtaka: Barnaheilla, Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða kross Íslands, SOS barnaþorpa og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Þannig verður hægt að veita læknisaðstoð og heilsugæslu á hamfarasvæðunum, hjálpa fjölskyldum sem misstu allt sitt itl að koma undir sig fótunum á ný og treysta framtíð barna sem misst hafa foreldra sína.

Algengt er að framlag fólks sé á bilinu 1000-5000 krónur en fyrir þær upphæðir má gera ýmislegt. Til dæmis duga þúsund krónur fyrir fimm ullarteppum eða fimmtíu kertapökkum, fyrir þrjú þúsund krónur má bólusetja sextíu börn gegn mislingum og kaupa má sjö kassa af næringarríku kexi fyrir fimm þúsund krónur.

sveinng@frettabladid.is




**SAFNAÐ FYRIR BÁGSTADDA**
Sjálfboðaliðar verða á ferli í Kringlunni, Smáralind og Glerártorgi og safna fé en einnig munu skemmtikraftar bregða á leik. Fyrir þrjú þúsund krónur má bólusetja sextíu börn gegn mislingum.

## STUÐNINGUR Í VERKI

**Innheimta ekki æfingagjald** Knattspyrnufélag Siglufjarðar innheimtir ekki æfingagjöld fyrir yngri flokka á vorönn á þessu ári heldur hvetur félagið í staðinn foreldra barnanna sem hjá því æfa til að láta duglega af hendi rakna í söfnunarsíma Rauða krossins.

**Stórsveit treður upp** Stórsveit listamanna treður upp í Smáralind og Kringlunni í dag, eins og í gær til stuðnings Neyðarhjálpar úr norðri. Tenórarnir þrír; Jóhann Friðgeirsson, Snorri Wiium og Þorgeir Andrésson syngja við undirleik Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur. Diddú, Bjössi bolla o.fl. skemmta gestum, auk þess sem kór Kársnesskóla flytur frumsamið lag Kristjáns Hreinssonar, skálds í Skerjafirði, sem samið er vegna hörmunganna í Asíu.

**Skemmtun á Glerártorgi** Á Akureyri skemmta á Glerártorgi Óskar Pétursson með einsöng og Helgi Þórsson kveður rímur. Börn úr Tónlistarskóla Akureyrar og Tónlistarskóla Dalvíkur syngja og til stendur að halda uppboð í dag.

**Sjálfboðaliðar með bauka** Rauði krossinn hefur mannað vaktir sjálfboðaliða sem ganga um með söfnunarbauka í Kringlunni í Reykjavík, Smáralind í Kópavogi og Glerártorgi en gengið verður um þar og safnað í bauka.

**Hjúkrunarfræðingar hjálpa** Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga ákvað síðasta mánudag að veita einni milljón króna til hjálparstarfs Rauða krossins vegna hamfaranna í Suðaustur-Asíu. Þá hvetur félagið önnur fag- og stéttarfélög til að láta fé af hendi rakna.

**Grundfirðingar góðir** Í Grundarfirði söfnuðust í vikulokin rúmar 520 þúsund krónur þegar gengið var í hús, auk þess sem félagasamtök og fyrirtæki lögðu átakinu lið. Í bænum búa rúmlega 700 íbúar.

**Fyrirtæki og félagasamtök** Ferðaskrifstofan Sumarferðir gaf 500 þúsund krónur til söfnunarinnar og skorar á aðrar ferðaskrifstofur að gera slíkt hið sama. Þá hafa ýmis fyrirtæki og félagasamtök lagt átakinu lið. Norðlenska ehf. gaf til dæmis 100 þúsund krónur og Kiwanishreyfingin á Íslandi gaf 700 þúsund.

**Bæjarfélög taka þátt** Bæjarstjórn Seyðisfjarðar gefur 100 þúsund krónur til söfnunar Rauða krossins og skorar á aðrar bæjarstjórnir að taka einnig þátt. Sveitarfélagið Fjarðabyggð hefur gefið 200 þúsund krónur, Sveitarfélagið Ölfus 100 þúsund krónur, Ísafjarðarbær 250 þúsund krónur og Húsavík 250 þúsund krónur.

**Leikhúsin eru með** Leikhópurinn Sokkabandið ætlar að halda styrktarsýningu á leikritinu „Faðir vor“ eftir Hlín Agnarsdóttur 20. janúar næstkomandi. Þá gaf kvikmyndahúsið Regnboginn andvirði af sölu inn á nýju Stuðmannamyndarinnar „Í takt við tímann“ í gærkvöld. Þá var gefið andvirði aukasýningar á Hárinu um síðustu helgi, en leikhópurinn skoraði á Borgarleikhúsið að fara sömu leið. Þar á bæ var ákveðið að gefa innkomuna á leikritið „Héra Hérason“ í gærkvöld.

**Safnað með Súmötrukaffi** Kaffitár gefur andvirði af sölu kaffis frá Súmötru til söfnunarinnar, en að auki ætlar starfsfólk fyrirtækisins að gefa alla sína vinnu þá daga sem söfnunin stendur.

**Styrktartónleikar á Akranesi** Í gærkvöld voru á Akranesi haldnir styrktartónleikar með hljómsveitum úr Fjölbrautaskóla Akraness. Þar tróð upp fjöldinn allur af ungu fólki.

**Framlag Símans og Landsbankans** Síminn leggur Rauða krossinum til símaver og númer í söfnunina, auk þess sem starfsmenn fyrirtækisins söfnuðu fé. Þá er Landsbankinn fjárvörsluaðili söfnunarinnar og sér um talningu og slíkt. Svo hafa Íslenska auglýsingastofan og Nonni og Manni útbúið auglýsingar fyrir söfnunina.

FRAMBOÐSFRESTUR

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um **kjör stjórnar og trúnaðarráðs** Verzlunarmannafélags Reykjavíkur fyrir árið 2005.

Framboðslistum skal skila á skrifstofu félagsins, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 1. hæð, eigi síðar en kl. 12:00, mánudaginn 31. janúar 2005.

**Kjörstjórnin**

Starf okkar eflir þitt starf VR



**Á BARNASPÍTALA Á SRÍ LANKA**
Háskólanum Mulliyawalai Vidyananada á Srí Lanka hefur verið breytt í flóttamannabúðir og bráðabirgðaspítala eftir að flóðbylgjan gekk yfir.

Andlegar þjáningar fólks geta verið miklar á hamfarasvæðunum:

# Brýnt að takast á við sálræna áfallið

**HELSINKI, AP** „Við stöndum frammi fyrir stöðu sem gerir mjög miklar kröfur til okkar og ég er ekki viss um að við ráðum við þær að svo stöddu. En við gerum okkar besta,“ sagði Marc Danzon, svæðisstjóri Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar í Evrópu, um þau sálrænu áföll sem fólk í ríkjunum þar sem flóðbylgjan gekk yfir varð fyrir.

Heilbrigðisráðherrar aðildarríkja Evrópusambandsins lýstu í gær miklum áhyggjum af því hvernig sálarheill íbúa flóðasvæðanna yrði tryggð, einkum þó barna. Þetta var niðurstaðan af fundi þeirra með fulltrúum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar í Helsinki, höfuðborg Finnlands. Ráðherrarnir sendu frá sér aðgerðaáætlun um hvernig veita ætti fólki á hamfarasvæðunum sálræna aðstoð.

„Mikilvægast er að takast á við áfallið sem börnin hafa orðið fyrir,“ sagði Marc Danzon og kvað það ekki hafa gerst frá lokum seinni heimsstyrjaldar að jafnmargir hefðu orðið fyrir svo miklu áfalli. ■

4 x 80 gramma ungnautahamborgarar með brauði

**447** KR.

20% afsláttur við kassann
Merkt verð 559kr.

**20% afsláttur** við kassann



# Einfalt og frábært!

LASAGNE fyrir þrjá til fjóra

**699** KR.



TORTILLAKÖKUR
EKKERT BRUDL
4 eða 8 stykki í pakka

PAKKI MEÐ 4 eða 8

**199** KR.





UNGNAUTAHAKK

**919** kg KR.

20% afsláttur við kassann
Merkt verð 1149kr.kg

**20% afsláttur** við kassann

UNGNAUTAHAKK

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

# Nýtt kortatímabil!

PÍTUBLANDA

**199** KR.
200g



6 pítubuff með brauði og sósu

**499** KR.



# Íslandsnaut

Í ÍSLANDSNAUTIÐ ER EINGÖNGU NOTAÐ UNGNAUTAKJÖT

Tilboðin gilda um helgina eða meðan birgðir endast

ERAN/Landlist

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Margir nýbúar hér á landi eiga ættingja og vini sem hafa orðið fyrir barðinu á flóðöldunni miklu.

## Þar ríkir bara sorg

Nú um helgina stendur sem hæst landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu. Þótt nú séu um þrjár vikur síðan flóðaldan mikla lagði í rúst tugi þúsunda heimila og varð hundruðum þúsunda manna að fjörtjóni eru enn að berast fréttir af fjölda látinna og tjóni á mannvirkjum. Sífellt nýjar fréttamyndir segja líka meira en mörg orð um hamfarirnar.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, er verndari söfnunarinnar. Hún segir að við Íslendingar getum á ýmsan hátt sett okkur í spor þeirra sem hafa orðið fyrir barðinu á hamförunum. Skemmst sé að minnast snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri og eldgossins í Vestmannaeyjum, auk þess hversu marga hafið hafi tekið. Vigdís minntist líka sérstaklega á börnin á hamfarasvæðunum þegar söfnunin var kynnt. Mörg þeirra hafa misst foreldra sína og eiga ekki í nein hús að venda. Í Heimaeyjargosinu nutum við Íslendingar aðstoðar víða að, en einkum þó frá frændum okkar annars staðar á Norðurlöndum og Bandaríkjamönnum. Viðlagasjóðshús risu víða á sunnanverðu landinu og minna okkur enn á gosið í Eyjum og örlæti frændþjóðanna.

Margir nýbúar hér á landi eiga ættingja og vini sem hafa orðið fyrir barðinu á flóðöldunni miklu. Renuka Perera frá Srí Lanka er ein þeirra sem ekkert hafa heyrt frá mörgum vinum og ættingjum og veit ekki hvort þeir eru lífs eða liðnir. Hún sagði í viðtali við Fréttablaðið að venjulega væri áramótunum fagnað þar líkt og hér. „Enginn fagnaði áramótunum að þessu sinni. Vinkona mín sagði ekkert í umhverfinu hafa borið vitni um að nýtt ár hefði gengið í garð, þar ríkir bara sorg," sagði Renuka.

Nokkrir Íslendingar eru í hjálparsveitum á hamfarasvæðinu, og íslensk flugfélög hafa flutt hjálpargögn þangað og veika og slasaða Svía til síns heima.

Einn af þeim Íslendingum sem starfa nú á flóðasvæðunum er Vilhjálmur Jónsson, sem lengi hefur búið í Indlandi. Hann sagði í viðtali við Fréttablaðið að hann hefði alls ekki verið viðbúinn þeirri hrikalegu sjón sem við blasti þegar hann kom niður að ströndinni. Flóðið hafði sópað öllu í burtu og bátar höfðu undist utan um tré, sagði hann. „Það sem snerti mig mest var tilfinningin um að vonin væri horfin. Það er erfitt að útskýra þetta, en kannski er þetta eins og að vera laminn og barinn en það kemur ekki niður á líkamanum heldur sálinni," sagði Vilhjálmur. Hann og hans fólk hafa fengið leyfi yfirvalda til að taka að sér neyðaraðstoð og hjálparstarf í þrjú þúsund manna þorpi, í samvinnu við nokkra kaþólska presta. Þar stóð ekki steinn yfir steini eftir hamfarirnar.

Þótt við höfum fengið margar og hrikalegar lýsingar á ástandinu á flóðasvæðunum er eins og fólk trúi því betur og það komist betur til skila hvernig ástandið er ef Íslendingar sem eru á vettvangi greina frá.

Víðtæk samstaða hefur náðst um söfnunina um helgina. Þar koma við sögu fjölmiðlar og ýmis samtök sem eiga aðild að alþjóðlegu hjálparstarfi. Þetta á að tryggja að peningarnir sem safnast nú um helgina fari beint í hjálparstarfið en ekki í milliliði.

Skorað er á landsmenn að rétta hjálparhönd, því gífurlegt endurreisnarstarf er fyrir höndum á flóðasvæðunum. ■


30 rúmlesta réttindanám

Námskeið 24. janúar - 5. mars

Kennsla mánud., miðviku. og fimmtud. kl. 18.00-22.10

**Námsfög eru:** Siglingafræði og samlíkir, siglingareglur og vélfræði, siglinga- og fiskileitartæki, sjóhæfni, veðurfræði og öryggismál.

Nánari upplýsingar og skráning
í síma 522 3300 eða á netfangið sa@mennta.is

MENNTAFÉLAGIÐ
Skóli véltækni og siglinga

Stýrimannaskólinn í Reykjavík — Vélskóli Íslands


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Snúið við blaðinu

Fyrir nokkrum dögum var á þessum vettvangi fjallað um ákvörðun bæjarstjórans á Seltjarnarnesi, Jónmundar Guðmarssonar, að falla frá hækkun fasteignagjalda sem að óbreyttu hefði fylgt í kjölfar hækkunar fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu. Ólíklegt þótti þá að borgarstjórinn í Reykjavík, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, færi sömu leið enda hafði borgarstjórnarmeirihluti R-lista þegar fellt tillögu sjálfstæðismanna þar að lútandi. En nú hefur það merkilega gerst að Steinunn Valdís hefur tekið málið upp aftur og ákveðið að fara að fordæmi Seltirninga. Hefur greinilega kynnt sér frekar rökin í málinu. Það verður að teljast til fyrirmyndar að stjórnmálaforingi treysti sér til að snúa við blaðinu með þessum hætti. Mættum við fá meira af svona snúningum frá Steinunni Valdísi!



### Rove höfundurinn

„Það var Karl Rove [ráðgjafi Bush Bandaríkjaforseta] sem bjó til hugtakið „Listi hinna staðföstu þjóða". Það var engin pólitísk ákvörðun íslenskra stjórnvalda sem lá að baki því að nafn Íslands var skráð á þann lista, það var almannatengslaákvörðun, tekin í Hvíta húsinu, í því skyni að koma pólitískum skilaboðum á framfæri á einfaldan hátt við bandarískan almenning. Á því bera íslensk stjórnvöld ekki ábyrgð heldur starfsmenn Hvíta hússins og forseti Bandaríkjanna." Svo skrifar Pétur Gunnarsson, starfsmaður Framsóknarflokksins, í vefriti flokksins, Tímanum, í gær. Hann lét svipuð orð falla í Silfri Egils á sunnudaginn.



Að þessu sinni er ljóst að boðskapurinn er með velþóknun sjálfs forsætisráðherrans, Halldórs Ásgrímssonar, sem haft hefur mikil óþægindi af málinu öllu. En sé málið svona vaxið vaknar þessi spurning: Af hverju mótmæltu íslensk stjórnvöld ekki að listinn skyldi settur saman? Af hverju fóru þau ekki að dæmi Kosta Ríka og heimtuðu að nafn Íslands yrði fjarlægt? Og af hverju hafa þessar skýringar ekki heyrst áður, til dæmis strax eftir að listinn var birtur?

gm@frettabladid.is

# Hinir ofsóttu

Í DAG
MÁLFLUTNINGUR RÁÐAMANNA



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Það hefur verið sérkennilegt að fylgjast með málflutningi ráðamanna íslenska lýðveldisins allt frá því að fjölmiðlafrumvarpið var lagt fram í vor. Engu er líkara en að þeir telji sig sæta einelti og stöðugum ofsóknum fyrir það eitt að vilja festa lýðræðið í sessi með því að sjá til þess með lagasetningu að eignarhald fjölmiðla væri fjölbreytt. Þeirri kenningu var komið á flot að allir starfsmenn fjölmiðla væru málpípur eigenda fjölmiðlanna. Þó væru það einungis svokölluð Baugstíðindi, sem væru lýðræðinu hættuleg, því að eigendur þeirra væru staðráðnir í að koma ríkisstjórninni frá. Þess vegna skyldu aðrir fjölmiðlar undanþegnir lögunum og engin ákvæði sett til verndar starfsmönnum fjölmiðla fyrir húsbóndavaldi forráðamanna þeirra. Þeir sem harðast gengu fram í forsvari fyrir stjórnarherrana hikuðu ekki við að fullyrða að valdarán hefði verið í undirbúningi fyrir kosningarnar í fyrra, en hefði mistekist. Jafnframt átti fyrrum náinn samstarfsmaður forsætisráðherrans, aðstoðarmaður hans og helsti trúnaðarmaður í einkavæðingarnefnd um árabil, Hreinn Loftsson, að hafa reynt að bera á hann mútur, kaupa hann til að ganga í þjónustu Baugs. Þegar það mistókst vegna staðfestu forsætisráðherra var áætlun Baugsfeðga um valdarán sett í gang! Allir voru forsvarsmenn þessarar kenningar handgengnir forsætisráðherra: Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Hallur Hallsson og Júlíus Hafstein. Sá síðastnefndi var nýlega sérstaklega verðlaunaður með háu embætti í utanríkisráðuneytinu, eins og til að staðfesta velþóknun utanríkisráðherrans á þessum málflutningi þeirra félaga.

Þegar forsetinn synjaði fjölmiðlalögunum undirskriftar átti það að vera liður í þessu samsæri um að grafa undan réttkjörnum stjórnvöldum þjóðarinnar. Með snjallræði þáverandi forsætisráðherra (les: brellu) var komið í veg fyrir að lögin færu undir þjóðaratkvæði, enda kjósendur upp til hópa „vitleysingar", sem ekki vissu hvað þeim væri fyrir bestu. Nefnd voru dæmi um mál frá fyrri tíð, sem þjóðin hefði að líkindum fellt, hefðu þau verið borin undir atkvæði hennar á sínum tíma. Alþingi hafði hins vegar borið gæfu til að hafa vit fyrir þjóðinni og samþykkt þessi óvinsælu mál, og forsetar hingað til verið jafngæfusamir, er þeir neituðu öllum óskum stórra kjósendahópa um að vísa þessum umdeildu málum til þjóðaratkvæðis. Þetta sýndi að Alþingi yrði alltaf að hafa síðasta orðið. Annars væri stjórnskipun lýðveldisins í hættu. Þorri þjóðarinnar væri „vitleysingar", sem ekki væri treystandi til að greiða atkvæði um einstök mál, þótt kannski mætti treysta þeim til að skila sér á kjörstað og kjósa flokkinn sinn í almennum kosningum á fjögurra ára fresti.

> „Nú virðist ofsóknaræðið vera að taka sig upp aftur. Utanríkisráðherra ásakar Gallup og fjölmiðla um að hafa gengið í lið með stjórnarandstöðunni í enn einni „vitleysisumræðunni".

Nú virðist ofsóknaræðið vera að taka sig upp aftur. Utanríkisráðherra ásakar Gallup, og að þessu sinni alla fjölmiðla án undantekninga, um að hafa gengið í lið með stjórnarandstöðunni í enn einni „vitleysisumræðunni". Gallup spurði spurningar, sem var svo vitlaus, að hann sjálfur, utanríkisráðherrann, hefði verið í vandræðum með að svara henni. Spurningin var svona: Á Ísland að vera á lista með þeim þjóðum, sem styðja hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna í Írak, eða á Ísland ekki að vera á listanum? Aðeins 14% svarenda stóðust prófið, vilja að Ísland sé á listanum. Heil 84% landsmanna reyndust vera vitleysingar. Heil 58% sjálfstæðismanna reyndust vera vitleysingar. 93% kvenna reyndust vera vitleysingar. Björn Bjarnason tók upp þykkjuna fyrir herra sinn og gaf í skyn að enginn listi væri til og spurningin því ómarktæk. Halldór Ásgrímsson tók undir það og kvað Gallup hafa átt að spyrja hvort Íslendingar séu því fylgjandi að styðja lýðræðisþróun í Írak, kosningar þar og uppbygginguna sem framundan er þegar lokið hefur verið við að leggja landið í rúst! Björn hótaði því að alþjóðastofnunin Gallup yrði spurð út í þetta athæfi íslenska útibúsins. Íslenska Gallup lætur slíkar hótanir þó ekki á sig fá og stendur við sitt.

Þjóðarhreyfingin lagði fram drög sín að yfirlýsingu til birtingar í New York Times þann 1. desember síðastliðinn. Þar voru lögð fram rök fyrir því að innrás í Írak væri brot á alþjóðalögum og stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og að ekki hafi verið farið að fyrirmælum íslenskra laga þegar formenn stjórnarflokkanna ákváðu að Ísland yrði meðal 30 þjóða á þessum lista. Þeim rökum hefur verið svarað með skætingi einum og útúrsnúningi ámóta og í þeim sýnishornum, sem að ofan eru talin.

Kannski er kominn tími til fyrir Gallup að spyrja: Hvort telur þú að málflutningur ráðamanna landsins í fjölmiðlamálinu, deilunni um málskotsrétt forseta og þjóðaratkvæði, og veru Íslands á lista hinna staðföstu þjóða, beri vott um heilbrigða skynsemi eða ofsóknaræði. ■





SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

VÍSIR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# R-listinn verði áfram

UMRÆÐAN
FRAMTÍÐ
REYKJAVÍKURLISTANS



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
FYRRVERANDI BORGARFULLTRÚI

Enda þótt enn sé langt til næstu borgarstjórnarkosninga er þegar farið að ræða framtíð Reykjavíkurlistans og raddir heyrast um að tími sé kominn til þess að leggja hann niður. Þessar raddir heyrast einkum úr Framsóknarflokknum en þar hafa alltaf verið einhverjir efasemdarmenn um R-listann. T.d. hefur formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, aldrei verið neitt hrifinn af R-listanum.

Ég tel, að Reykjavíkurlistinn eigi að halda áfram. R-listinn hefur í stórum dráttum staðið sig vel og Reykvíkingar hafa verið ánægðir með listann eins og sést best á því, að listinn hefur sigrað í þrennum borgarstjórnarkosningum. Nýr borgarstjóri hefur nýlega tekið við embætti, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, frá Samfylkingunni. Hún hefur farið vel af stað og ef hún stendur sig vel áfram í embætti mun það styrkja R-listann í sessi og auka líkurnar á því, að R-listinn bjóði fram áfram í næstu kosningum.

Framsóknarmönnum gremst hve fylgi Framsóknarflokksins í Reykjavík er lítið en samkvæmt skoðanakönnunum er það aðeins um 5%. Gestur Gestsson og fleiri framsóknarmenn vilja kenna Alfreð Þorsteinssyni og öðrum forustumönnum Framsóknar í borgarstjórn um. En Kristinn Snæland, sem var dyggur stuðningsmaður Framsóknar til skamms tíma, segir að sökin liggi hjá formanni Framsóknarflokksins, Halldóri Ásgrímssyni. Hann skrifar grein um mál þetta í Fréttablaðið og gagnrýnir formann Framsóknar fyrir stefnuna í málefnum aldraða og öryrkja og fyrir stefnuna í Íraksmálinu.

Ég tel, að sökin á fylgisleysi Framsóknar í Reykjavík liggi ekki hjá borgarfulltrúunum Alfreð og Önnu. Þeir hafa staðið sig ágætlega. Alfreð hefur staðið sig nokkuð vel. Hann hefur fylgt þeirri stefnu, að Reykjavík eigi að stuðla að aukinni atvinnu og framkvæmdum í Reykjavík og nágrenni og hefur hann beitt sér fyrir því innan Orkuveitu Reykjavíkur að Orkuveitan réðist í umfangsmikla atvinnuuppbyggingu með orkuframkvæmdum til stóriðju. Hann hefur lagst gegn einkavæðingu Orkuveitunnar. Þessi stefna er í anda jafnaðarmanna. Ég tel að vísu að óþarfi hafi verið að byggja svo stórt hús fyrir Orkuveituna og gert var en allur R-listinn ber ábyrgð á því.

Auðvitað kemur að því einhvern tímann, að R-listinn leysist upp og flokkarnir, sem að honum standa, bjóði fram sjálfstætt hver fyrir sig. En sá tími er ekki kominn. Rétt er einnig að hafa í huga að þegar það gerist er mikil hætta á því að Sjálfstæðisflokkurinn endurheimti meirihlutann í borgarstjórn. Þegar stuðningsmenn R-listans taka afstöðu til þess hvort R-listinn eigi að halda áfram eða ekki þurfa þeir að hafa þetta atriði í huga. Vilja þeir færa Sjálfstæðisflokknum völdin á ný í Reykjavík. Ef þeir vilja það ekki, eiga þeir að standa með Reykjavíkurlistanum áfram í næstu kosningum. ■

## AF NETINU

### Skattalækkun R-listans

R-listinn hefur hætt við að hækka skatta! Í kjölfar þess að Sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi kenndu R-listanum stærðfræði hefur borgarstjóri R-listans dregið boðaða hækkun á fasteignagjöldum til baka. Ber þá ef til vill að túlka þetta sem skattalækkun hjá R-listanum? Hækka skatta....hætta við að hækka skatta...=...lækka skatta?

**Davíð Guðjónsson á Deiglan.com**

### Misskiptur auður

Sú tæknibylting sem gert hefur hnattvæðingu heimsins mögulega hefur til þessa einkum nýst auðugum ríkjum og stórfyrirtækjum. Upplýsingahraðbraut á milli markaða heimsins gengur sleitulaust. Á hinn bóginn hefur lítið verið gert til að skapa jafn hraðvirka upplýsingaveitu innan þróunarlanda, sem m.a. gæti miðlað viðvörunum um náttúruhamfarir. Þar hafa margir aldrei átt símtal, hvað þá verið tengdir við margmiðlunarnet heimsins.

**Sverrir Jakobsson á Múrinn.is**

### Báknið skýtur framhjá

Þegar rætt er um að Báknið megi ekki vaxa og minnka eigi umsvif Ríkisins er það ekki eingöngu til þess að spara heldur líka til að bæta þjónustuna sem stofnanirnar veita í dag. Það er löngu ljóst að þjónusta í ríkisreknu fyrirkomulagi er iðulega á skjön við þarfir markaðarins en einstaklingurinn er í betri tengslum við viðskiptavini sína og býr því við meira aðhald. Þar með veitir hann betri þjónustu og býr til verðmætari söluvöru. Báknið hittir aldrei beint í mark.

**Örvar Marteinsson á sus.is**

### Trúverðugleiki og traust

Sú staða sem nú er uppi á fjölmiðlamarkaðnum leggur að mínu mati ríkar siðferðislegar skyldur á herðar forsvarsmanna bæði Baugs og Fréttar/Íslenska útvarpsfélagsins um að koma hreint fram og eyða öllum vafamálum um leið og þau koma upp á yfirborðið.
Trúverðugleiki og traust almennings er undir og því mikið í húfi fyrir alla sem hlut eiga að máli.
Ég vona að Jóhannes í Bónus eða einhver annar forsvarsmaður Baugs mæti í Kastljósið í kvöld og skýri aðkomu Baugs að þessum bræðravígum á Útvarpi Sögu.

**Andrés Jónsson á politik.is**

### Afrek Valgerðar

Ef hægt er að tala um afrek í sömu setningu og rætt er um feril Valgerðar Sverrisdóttur þá væri það helst í sambandi við Kárahnjúkavirkjun. Við andstæðingar virkjunarinnar verðum að viðurkenna að það er töluvert afrek að ná fram samþykki og framkvæmdaleyfi fyrir jafn brjálað verkefni og þetta. Vissulega þarf ég að fara varlega svo ég sé ekki að hafa „heiðurinn“ af fólki eins og Halldóri Ásgrímssyni, Davíð Oddsyni, Finni Ingólfssyni, Friðriki Sóphussyni, Sigurði Arnalds og Siv Friðleifsdóttur.

**Jóhann Hjalti Þorsteinsson á sellan.is**

### Spennandi kostur

Í stað þess að kaupa Zeppelin-loftfar, eða bora jarðgöng til Vestmannaeyja er miklu gáfulegra að athuga hagkvæmni þess að útbúa flotgöng með segulhraðlest milli lands og eyja. Athuga þarf þetta.

**Ari Karlsson á Deiglan.com**




Orka til að takast á við hvað sem er

Tölur eru birtar með leyfi Neytendasamtakanna

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Gæðakönnun Neytendasamtakanna á morgunkorni
Neytendablaðið 2.tbl., júní 2003

| Vörutegund | Heildar-einkunn | Orka (kcal) | Fita (g/100 g) | Sykur (g/100 g) | Trefjar (g/100 g) |
|---|---|---|---|---|---|
| Weetabix | 4,7 | 343 | 3 | 5 | 7 |
| Cheerios | 4,1 | 368 | 6 | 5 | 6 |
| Corn Flakes | 3,3 | 381 | 1 | 8 | 2 |
| Havrefras | 3,0 | 359 | 7 | 12 | 7 |
| Fitness | 2,6 | 362 | 1 | 17 | 4 |
| Special K | 2,3 | 381 | 1 | 16 | 2 |

Weetabix fær bestu einkunn!






# Tími fyrir sand á stéttar

**KATRÍN ÞORSTEINSDÓTTIR**
MEINATÆKNIR SKRIFAR UM FÆRÐ FYRIR FÓTGANGANDI


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er ekki létt verk að ganga um bæinn sinn þessa dagana. Vonandi er hægt að ýta við þeim sem eiga að setja sand fyrir gangandi fólk. Það er fljúgandi hálka í bænum og búið að vera slæmt ástand í marga daga. Fólk sem til dæmis þarf að skreppa í Hagkaup í Skeifunni eða í Kringluna er í lífshættu og má þakka fyrir að komast þangað óbrotið.

Það er búið að setja þessar fínu göngubrýr á Miklubraut, einar þrjár að tölu, en það gleymist alveg að hugsa um að fólk þurfi að geta gengið upp og niður að þeim. Það er allt fullt af snjó og núna klaka í öllum tröppum og svo er svell fyrir krakkana sem eru á brettum. Það er kannski meiningin að við hinir eldri skellum okkur bara líka á bretti. Ég vil fá sand og salt fyrir gangandi fólk á allar gangstéttar og á allar tröppur þar sem er umferð gangandi fólks. Það er alveg jafnmerkilegt og þessar bílar sem virðast alltaf vera í forgang hjá borginni. ■

MAÐUR VIKUNNAR

# Nákvæmur náttúruverndarsinni

**HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON**
FYRRVERANDI RÁÐHERRA

Hjörleifur Guttormsson vann mál fyrir héraðsdómi sem hann höfðaði til ógildingar starfsleyfis álvers Alcoa á Reyðarfirði. Hjörleifur taldi úrskurð umhverfisráðherra ólögmætan og að meta þyrfti sjálfstætt umhverfisáhrif vegna álversins. Ekki dygði að byggja á mati af fyrra álveri, þar sem búnaður til mengunarvarna væri ekki sambærilegur. Héraðsdómur féllst á rök Hjörleifs.

Hjörleifur hefur verið ötull andstæðingur Kárahnjúkavirkjunar og talsmaður náttúruverndarsjónarmiða. Eins og kunnugt er hafa Austfirðingar upp til hópa verið hlynntir byggingu virkjunarinnar en Hjörleifur er borinn og barnfæddur á Austurlandi og var þingmaður kjördæmisins um árabil. Hann hefur aldrei hræðst að fara gegn straumnum og er einkar fylginn sér í málum sem hann tekur upp á sína arma.

Hjörleifur er fæddur árið 1935 í gróðurvininni Hallormsstað, þar sem faðir hans var skógarvörður. Uppvöxturinn í Hallormstaðarskógi kann að hafa ráðið nokkru um áhuga Hjörleifs á náttúruvísindum. Eftir stúdentspróf hélt hann til náms í líffræði við háskólann í Leipzig, þar sem hann stundaði nám í líffræði og lauk prófi árið 1963. Hann var í hópi vinstrisinnaðra íslenskra stúdenta í Austur-Þýskalandi á tímum kalda stríðsins.

Þegar heim kom settist hann ásamt konu sinni að í Neskaupstað. Hjörleifur sinnti þar kennslu og rannsóknarstörfum og hóf fljótlega afskipti af félagsmálum, sem leiddu á endanum til þess að hann var kosinn á þing fyrir Alþýðubandalagið vorið 1978 þegar Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn unnu stóran sigur í þingkosningnum. Hann varð iðnaðarráðherra í vinstri stjórn sem mynduð var í kjölfarið. Stjórnin lifði ekki nema rúmt ár og kosið var á ný í desember 1979. Hjörleifur varð aftur iðnaðarráðherra í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen í febrúar 1980 og gegndi því embætti til 1983.


TEIKN: HELGI SIG. WWW.HUGVERKA.IS

Í iðnaðarráðherratíð hans voru uppi áform um virkjun Bessastaðaár á Austurlandi. Hjörleifur stóð einnig í samningaviðræðum um raforkuverð við fulltrúa Alusuisse vegna álversins í Straumsvík. Meðan æðstu menn þjóðarinnar fóru með erlenda gesti í laxveið er sagt að Hjörleifur hafi farið með sína gesti í fjallgöngur.

Hjörleifur er mikill nákvæmnismaður og setur sig geysilega vel inn í öll þau mál sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann er því með erfiðari andstæðingum í pólitík og hvergi hægt að koma að tómum kofanum í þekkingu hans á málum. Hann er geysilega fylginn sér og þrjóskur og gefst aldrei upp. Fræg eru málþóf hans á þingi þar sem hann stóð í ræðustól sleitulaust klukkutímum saman. Gárungar fundu í kjölfarið upp mælieininguna Hjörl sem er eining sem mælir samhangandi ræðutíma á mörkum mannlegrar getu.

Stjórnmálastörf hans einkenndust af nákvæmni, vinnusemi og skipulegri þekkingaröflun; eiginleikum sem verður alla jafna að telja til kosta, en voru andstæðingum hans og stundum flokksfélögum nokkur þyrnir í augum. Hann lætur sig litlu gilda hvort skoðanir hans eru til vinsælda fallnar. Afstaða hans til framkvæmda á Austurlandi er í andstöðu við marga fyrrum samherja hans í Alþýðubandalaginu í Neskaupstað.

Náttúruvernd hefur alla tíð verið mikið hugðarefni Hjörleifs en hann hafði forgöngu um stofnun Náttúruverndarsamtaka Austurlands, löngu áður en vinstrimenn urðu svo grænir sem þeir urðu síðar. Ekki verður skilið við mann vikunnar öðruvísi en að minnast á rit Hjörleifs um náttúru Austurlands og hálendisins á svæðinu. Þar hefur hann unnið mikið afrek sem gleðja mun og gagnast áhugafólki um náttúru og gönguferðir um ókomin ár. ■

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.553* **+0,90%**

**Fjöldi viðskipta:** 337
**Velta:** 2.095 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Fiskeldi Eyjafjarðar** | 8,33% | **Flugleiðir** | -2,46% |
| **Össur** | 3,68% | **Landsbankinn** | –0,40% |
| **Actavis** | 2,29% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,20 +2,29% ... Atorka 5,81 +0,87% ... Bakkavör 25,70 +0,39% ... Burðarás 12,65 +0,40% ... Flugleiðir 11,90 -2,46% ... Íslandsbanki 11,40 +0,44% ... KB banki 479,00 +1,05% ... Kögun 47,40 – ... Landsbankinn 12,55 -0,40% ... Marel 52,50 +0,96% ... Medcare 6,05 – ... Og fjarskipti 3,54 +0,57% ... Samherji 11,30 – ... Straumur 9,95 +2,05% ... Össur 84,50 +3,68%

***Tölurnar eru frá kl. 15.00 í gær.**

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**AF FUNDI VERSLUNARRÁÐS** Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands; Klaus Dieter Schuerle, sérfræðingur í einkavæðingu fjarskiptafyrirtækja; og Johann Venzl, sendiherra Þýskalands á Íslandi.

# Telur Símann tilbúinn til sölu

**Sérfræðingur sem vann að sölu þýska ríkissímans segir aðstæður til rekstrar Símans góðar og sýnist fyrirtækið vera tilbúið til einkavæðingar.**

Klaus Dieter Schuerle sem tók þátt í einkavæðingu þýska ríkissímafyrirtækisins Deutsche Telekom telur miklu skipta að verkferlar og markmið í aðdraganda einkavæðingar séu skýr. Hann segir að langur undirbúningstími sé hins vegar ekki endilega heppilegur.

Schuerle ræddi um einkavæðingu Deutsche Telekom á fundi Þýsk-íslenska verslunarfélagsins og Verslunarráðs Íslands í gær. Hann lýsti aðdraganda einkavæðingarinnar og sagðist almennt telja að mjög vel hefði tekist til. Langur undirbúningstími hefði hins vegar valdið vanda þar sem ýmislegt í rekstri fyrirtækisins hafi verið undir mikilli smásjá á því tímabili.

Um einkavæðingu Símans á Íslandi segist Schuerle ekki getað sagt til um hvert sé líklegt verðmæti félagsins. „Það væri ekki viðeigandi að ég tjáði skoðun á því,“ segir hann.

Hann segir hins vegar allt benda til þess að Síminn sé tilbúinn til þess að verða einkavæddur og að starfsaðstæður hér á landi séu mjög hagstæðar til fjarskiptarekstrar.

Í einkavæðingu þýska símans var það markmið ríkisstjórnarinnar að sem stærstur hluti félagsins kæmist í eigu almennings meðal annars vegna þess að litið var um að almenningur ætti hluti í fyrirtækjum. Um það hvort hann telji slíkt fyrirkomulag heppilegt hér á landi segir Schuerle að ríkisstjórnin hafi úr ýmsum kostum að velja. Hann segir að líklega sé raunhæfara hér á landi en í Þýskalandi að selja stóran hlut til kjölfestufjárfestis. „Þegar um ræðir Deutsche Telekom er kjölfestuhlutur hundruð milljarða krónafjárfesting en það má ætla að fleiri geti keppst um hlut í Símanum hér á Íslandi,“ segir hann.

**thkjart@frettabladid.is**

# Aukning hjá Geest

Breski matvælaframleiðandinn Geest sem Bakkavör hyggst kaupa, birti í gær áætlanir um afkomu nýliðins árs.

Stjórnendur Geest gera ráð fyrir því að veltuaukning ársins verði fimm prósent, þrátt fyrir mótbyr. Rekstrarskilyrði hafa verið óhagstæð vegna aukinnar samkeppni smásala sem þrýst hefur niður verði frá framleiðendum.

Geest býst við harðri samkeppni áfram, en félagið er bjartsýnt á að árið í ár verði nokkuð gott. Markaður fyrir kældar matvörur sem er sérsvið Bakkavarar vex hraðar en matvælaiðnaðurinn almennt.

Landsbankinn birti í gær greiningu þar sem Bakkavör er verðmetin eftir sameiningu við Geest. Niðurstaða greiningardeildar Landsbankans gefur gengið 22,8 á hlut í Bakkavör. Lokagengi bréfa Bakkavarar í gær var 25,7 og mælir greiningardeildin því með sölu bréfanna. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**AUKNING Í MÓTBYR** Sala matvælaframleiðandans Geest jókst, þrátt fyrir harðnandi verðsamkeppni. Stjórnendur Bakkavarar vinna að kaupum á fyrirtækinu.



# ÚTSÖL

60% 50%

þessi eina sanna!

40% 30% 20%

INTER


ULOK
NÚ TÖKUM
VIÐ LOKA
SPRETTINN!
GERÐU GÓÐ KAUP
SPORT®
Húsgagnahöllin
s. 585 7220
Opið: Mán - föstud. 10 - 19
Laugard. 10 - 18 og sunnud.12 - 18
Smáralind
s. 585 7240
Opið: Mán - föstud. 11 - 19
Laugard. 11 - 18 og sunnud.13 - 18
Selfossi
s. 480 7009
Opið: Mán - föstud. 9 - 21
Laugard. 9 - 21 og sunnud.10 - 21

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Hvítasöfnuðurinn stjórnar ekki Framsóknarflokknum í Reykjavík“*

***Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi 9. janúar.***

*„Ekki höfum við verið að finna að því þó að sá ágæti maður Jón Baldvin Hannibalsson haldi ræður...og komi í alla þætti og tjái sig um stjórnmál... við höfum ekki verið að finna að því að þetta er gamall formaður stjórnmálaflokks og er með þetta svona í beinunum, við finnum ekki að því.“*

***Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins 8. janúar.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

# Úr bakherberginu…



### Óvinur óvinarins er vinur minn

Útvarpsráð samþykkti á síðasta fundi sínum að fresta fram í næstu viku að auglýsa stöðu fréttastjóra útvarps ríkisins laust til umsóknar. Framsóknarmenn telja sig búna að tryggja sér stuðning við Sigríði Árnadóttur fyrrverandi fréttastjóra Stöðvar 2 og útvarpsfréttamenn til margra ára. Sigríður ætti að geta gengið að starfinu vísu segja heimildarmenn ekki aðeins vegna reynslu hennar af rekstri fréttastofu og burtrekstri en það skiptir máli þegar Sjálfstæðismenn eru annars vegar því hefð er fyrir að ráða fréttstjóra Stöðvar 2 með ferskt skófar meintra óvina flokksins í Lynghálsinum á rassinum. Óvinir óvina manns eru jú vinir manns. Sigríður hafði sem kunnugt er stuðning fjögurra útvarpsráðsmanna (stjórnarandstaða plús framsókn) þegar hún sótti um stöðu fréttastjóra Sjónvarps gegn annarri konu með reynslu af (burt)rekstri, Elínu Hirst, þá nýrekinnar af Stöð 2.

### Líkari Guðna en Guðni sjálfur

Mörgum þykir með ólíkindum hve Jóhannes Kristjánsson eftirherma beinlinis fer í líki „fórnarlamba“ sinna. Sem kunnugt er hefur hann sérstakt dálæti á Framsóknarmönnum og fara þeir Alfreð Þorsteinsson og Guðni Ágústsson ekki varhluta af því. Jóhannes nýtur þess auðvitað að fylgjast sérstaklega vel með stjórnmálum enda hefur hann próf upp á vasann í stjórnmálafræði. Hitt þykir Guðna Ágústssyni að sögn með ólíkindum og það er að Jóhannes þekkir Guðna betur en Guðni sjálfur. Jóhannes sagði eitt sinn við Guðna : „Þú ert með skarð í efri góm“. Guðni brást öndverður við og sagði þetta hina mestu vitleysu. Jóhannes stóð fast á sínu og sagði að Guðni ræki tunguna upp í efri góm vinstra megin í hvert skipti sem hann talaði á þingi. Guðni prófaði þetta og sjá!: Jóhannes hafði rétt fyrir sér.

### Guðsmenn vinsælli en Alfreð

Og fyrst verið er – aldrei þessu vant – að fjalla um framsókn á þessari síðu þá er staðan þannig í skoðanakönnun á vefsíðu framsóknar í Reykjavík að 38% vilja vera áfram í sameiginlegu framboði með R-lista en 62% vilja bjóða fram sér, X-B. Guðsmennirnir hafa vinninginn. Um 600 manns hafa tjáð sig.

## VIKA Í PÓLITÍK

ÁRNI SNÆVARR SKRIFAR



# Við í Vesturbænum eða pólitík í prófessoragettóinu

Stjórnmál voru hluti af barnæsku minni. Ekki vegna þessa að foreldrar mínir væru í pólitík – öðru nær –, bara allir nágrannarnir. Þegar ég var að alast upp á sjöunda áratugnum var Aragatan moldargata og státaði af myndarlegum drullupollum sem baðaði ég baðaði mig í að mestu einn míns liðs í, því á meðan ég þreytti sjö ára bekkjarpróf voru börn hinna prófessorana flest í stúdentsprófum. Öll göslum við í forinni en þó horfa sum okkar til stjarnanna. Allavega skrifaði Gylfi þonn á Aragötu ellefu sig inn í Íslandssöguna þegar hann tók á móti handritunum á sama tíma og ég bankaði hjá honum og Gurru og spurði ráðherrafrúna hvort hún væri til í að koma í fótbolta. Hver veit nema maðurinn sem sagði „vessgú Flatögbogen“ hafi verið í dinner.

Á meðan plottaði Ólafur Jóhannesson í næsta húsi á Aragötu þrettán að fleygja Gylfa út úr menntamálaráðuneytinu sem hann og gerði þegar ég var níu ára.

Gunnar Thoroddsen á Oddagötu 8 reyndi að sleppa úr prófessoragettóinu og flytja inn á Bessastaði þegar tengdapabbi hans Ásgeir Ásgeirsson flutti þaðan og á Aragötu 14. Gunnari varð þó ekki kápan úr því klæðinu. Kristján Eldjárn sem bjó langt í burtu, alveg hinum meginn við Háskólann í Þjóðminjasafninu, vann kosningarnar og Gunni Thor flutti burtu í fýlu. Allaleið upp á Víðimel og fékk sér leigjanda, Steingrím J. Sigfússon.

Enda kannski eins gott því nú mætti '68 kynslóðin á Aragötuna í líki Vimma, sonar Gylfa og Gurru. Vimmi hafði notað bræður mína sem markstangir í leikjum knattspyrnufélagsins Rimmugígjar sem hann rak og í stjórnmálum hugðist hann leika sama leikinn, ofsótti alla nágranna sinn og er af því löng saga. En nú man enginn eftir Óla Jó og Gylfa þonn nema við í Vesturbænum.

Meira að segja minningin um Vimma er þoku hulin. Vigga á horninu reyndi að vísu að redda heiðri hverfisins og lét kjósa sig forseta fyrir bráðum 25 árum.

En nú er hún Snorrabúð stekkur.

Einn helsti pótintáti Jóns Ágeirs í Bónus flutti á Oddagötuna! Enn nú er hann víst fluttur til Lundúna til að telja peninga hans Jóns Ásgeirs í Bónus. Eða kannski einhvers annars.

Allt er í heiminum hverfult.

Sic transit gloria mundi.

Húsbréf

Útdráttur húsbréfa

Nú hefur farið fram útdráttur húsbréfa í eftirtöldum flokkum:

4. flokki 1992 – 44. útdráttur
4. flokki 1994 – 37. útdráttur
2. flokki 1995 – 35. útdráttur

Koma þessi bréf til innlausnar 15. mars 2005.

Öll númerin verða birt í Lögbirtingablaðinu.
Auk þess liggja upplýsingar frammi hjá Íbúðalánasjóði, í bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800 | www.ils.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BEÐIÐ FYRIR RÁÐHERRA**
Árni Magnússon, félagsmálaráðherra segir að einu tengsl sín við Hvítasunnusöfnuðinn séu þau að hann hafi leyft þeim að biðja fyrir sér á samkomu í Kirkjulækjarkoti. „Ég er reyndar líka hrifinn af gospel-tónlist.“

# Hvítasunnumenn gegn R-listanum

**Ásakanir Alfreðs Þorsteinssonar á hendur hvítasunnumönnum vekja spurningar hvort fámennir hópar geti náð tangarhaldi á stjórnmálaflokkum.**

Nýleg ummæli Alfreðs Þorsteinssonar, borgarfulltrúa um að „hvítsunnumenn ráði ekki Framsóknarflokknum“ vekja upp spurningar um hvort jafnvel litlir jaðarhópar geti náð yfirráðum yfir valdamiklum en að sama skapi fámennum stjórnmálaflokkum. Þekkt dæmi eru um þetta erlendis frá og nægir að nefna hvernig róttækir Trotskýistar náðu yfirráðum yfir hverri flokksdeild breska Verkamannaflokksins og sveigðu stefnu hans langt til vinstri.

Alfreð Þorsteinsson tók þetta mál upp í deilum við Gest Gestsson, formann framsóknarfélagsins í Reykjavík-Norður.“Annars skilst mér að Gestur sé einhver angi af Hvítasunnusöfnuðinum og það eru hreinar línur að söfnuðurinn stjórnar ekki Framsóknarflokknum í Reykjavík,“ sagði Alfreð í Fréttablaðinu. Gestur segir Hvítasunnumenn hvorki sérstaklega fjölmenna í Framsókn né stefni þeir að yfirráðum þar. „Ég get fullyrt að ekki einni einasti stjórnarmaður í framsóknarfélögunum í Reykjavík eru í Hvítasunnusöfnuðnum að sjálfum mér undanskildum. Þetta eru bara kjaftasögur sem ætlaðar eru til að koma einhverju orði á mig. Mér er alveg sama ég er stoltur af þessu.“

Alfreð telur tvo til þrjá af forkólfum flokksins í borginni vera Hvítasunnumenn. Hann tekur fram að hann telji Hvítasunnumenn vinna gott barna- og unglingastarf. „Ég er einfaldlega á móti því að trúflokkar geri sig gildandi innan stjórnmálaflokks. Þó ég bendi á það, þýðir það alls ekki að ég hafi eitthvað á móti hvítasunnusöfnuðnum.“

Alfreð segir ágreining hans og Gests snúast um hvort halda skuli R-listasamstarfinu áfram. „Hann er fylgjandi samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og ég er því ósammála.“

Gestur segir flest benda til að Framsóknarflokkurinn bjóði fram sér í næstu kosningum. „Ég starfa við sölu- og markaðsmál. Alfreð Þorsteinsson er ekki söluvara. Ef við reyndum að selja hann í Kringlunni færi brunavarnarkerfið af stað og allir færu út. Ég er ekki á leiðinni í framboð og á engra hagsmuna að gæta. Ég hef bara áhyggjur af borgarstjórnarkosningunum útfrá störfum mínum í kosningastjórn.“

Halldór Ásgrímsson og Árni Magnússon eru báðir kjörnir á þing úr Reykjavík-Norður. „Ég hef mikið samband við þá útaf kjördæminu“ segir Gestur en segist ekki vera tala máli þeirra. Hann segist ekki vita til þess að Árni Magnússon hafi nein sérstök tengsl við Hvítasunnusöfnuðinn þótt hann hafi komið á samkomu flokksins í Kirkjulækjarkoti um Verslunarmannahelgina. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra segir það misskilning að hann sé hvítasunnumaður . „Ég hljóp í skarðið fyrir Halldór Ásgrímsson og fór á samkirkjulegt mót um verslunarmannahelgina. Þar bauðst prestur hvítasunnusafnaðarins til að biðja fyrir mér. Mér fannst það í góðu lagi. Ég myndi fúslega viðurkenna það ef ég væri í þessum söfnuði enda ekkert til að skammast sín fyrir. Hins vegar er það ekki rétti, ég er í þjóðkirkjunni.“ Árni segist telja að meint ítök hvítasunnumanna í Framsóknarflokknum orðum aukin. „Mér finnst ómálefnalegt að blanda því inn í pólitíska umræðu hvaða trúflokki tilteknir menn tilheyra.“

Það er svo ekkert nýtt að ýmis samtök láti til sín taka innan sjórnmálaflokkanna. Skýrustu dæmin eru kvennahreyfingin og samtök verkalýðs og atvinnurekenda að ógleymdri íþróttahreyfingunni. Þekkt er kosningamaskína KR-inga sem malaði Ellert B. Schram atkvæði á sínum tíma og víst er að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Guðmundur Árni Stefánsson (formaður knattspyrnudeildar FH) hafa ekki liðið fyrir FH-tengsl sín, Ásgeir Friðgeirsson fyrir formennsku sína í Breiðablik og Guðlaugur Þór Þórðarson fyrir formennsku sína í Fjölni og Skotfélaginu – svo dæmi séu tekin af handahófi.

20 til 70 manns mæta á fundi hjá Samfylkingunni í Reykjavík að sögn Karls Th. Birgissonar, framkvæmdastjóra. Hann telur útilokað að jaðarheyfingar gætu sölsað undir sig hans flokk: „Samfylkingin er alltof stór til þess“. Enn færri mæta á fundi hjá Framsóknarflokknum í Reykjavík og af ljósmyndum af dæma voru varla meira en tvö fótboltalið á aðalfundi kjördæmisráðs Framsóknarmanna í Reykjavíkurkjördæmi-Norður, þar sem Gestur Gestssonar er formaður og þingmenn eru Halldór Ásgrímsson og Árni Magnússon.

En jafnvel þó það gæti reynst erfitt að ná undir sig stjórnmálaflokki má hafa áhrif á stefnu hans með samstilltu átaki fárra manna. Viðmælendur blaðsins eru á einu máli um að það sé hægt að sölsa undir sig til dæmis aðalfundi einstakra flokksfélaga. „Það yrði bara tímabundið“ segir háttsettur maður í einum flokkanna. Bent er á að ekki sé óalgengt að áhugamenn um einstök mál eða hagsmunaðilar geti komið ákveðnum hlutum inn í drög að stefnuskrá. „Þegar til kastanna kemur gengur þetta hins vegar ekki upp“, segir alþingismaður.

a.snaevarr@frettabladid.is



KF londonlamb
839 kg KR.
Merkt verð 1399kr.
EKKERT BRUÐL
KJARNAFÆÐI
London lamb
40% afsláttur við kassann
Tilboð í hrönnum á bonus.is
Notum helgina!
SERVÖRU VERSLANIR
Eitt notadrýgsta heimilistækið!
JDV ÖRBYLGJUOFN
ÓTRÚLEGT VERÐ!
4899 KR.
750w
Nýtt kortatímabil!
FROSIN ÝSUFLÖK MEÐ ROÐI
ÝSUFLÖK MEÐ ROÐI
299 kg KR.
1.5 lítra BLANDARI
1599 KR.
250w
4 MACH3 RAKBLÖÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ!
499 KR.
Gillette MACH3
JASMÍN HRÍSGRJÓN
GOLDEN JASMINE HRÍSGRJÓN
5x100g
99 KR.
Frosin ber og berjablöndur í úrvali í Bónus og ferskir ávextir og grænmeti tilvalið í hollustu og orkudrykkina!
ERAN/Landlist
HRÁSALAT OG KARTÖFLUSALAT
Kartöflu salat
Hrá salat
KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
99 KR.
350g
EKKERT BRUÐL
99 KR.
300 ml
Palmolive
FRÁBÆRAR KULDAÚLPUR
St.: S-M-L-XL ÓTRÚLEGT VERÐ!
2995 KR.
UNGNAUTASNITSEL Í RASPI
Tilboð
Á borðið
UNGNAUTASNITSEL Í RASPI
1398 kg KR.
Íslenskir ullarsokkar
ULLARSOKKAPAR
599 KR.
Þurrkurnar Í LITUM!
3 HJÓLATÖSKUR
4999 KR.
Skipuleggjum geymsluna!
TVEGGJA BLAÐA ÞURRKUR
Þurrkur fást á Akureyri -Holtagörðum -Smáratorgi og í Spöng
Lítill kassi
99 KR.
Stór kassi
199 KR.
Lítill kassi: L 46sm x B 31sm x H 25sm
Stór kassi: L 61sm x B 40sm x H 41sm
1999 settið KR.
FERÐATÖSKUSETTIN NÝ SENDING!
BÓNUS

MARTIN LUTHER KING (1929-1968)
var fæddur þennan dag.



*„Ég hef ákveðið að halda mér við ástina. Hatrið er of þung byrði að bera.“*

*- Því miður voru sumir landa hans ekki sömu skoðunar. Þeir myrtu hann.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Nornin frá Buchenwald

Þennan dag 1951 var Ilse Koch, sem gekk undir nafninu „nornin frá Buchenwald“, dæmd í ævilangt fangelsi í Vestur-Þýskalandi. Ilse Koch var eiginkona fangabúðastjórans í hinum alræmdu Buchenwald-fangabúðum nasista rétt hjá Weimar. Maður hennar var höfuðsmaður í SS og var yfirmaður Sachsenhausen-búðanna og síðan Buchenwald til 1944 þegar nasistar tóku hann af lífi fyrir fjárdrátt og þjófnað.

Ekki er að fullu vitað hversu margir voru í Buchenwald en talið er að meira en 50.000 manns hafi látið lífið þar, aðallega af völdum sjúkdóma og hungurs. Ilse Koch var sérlega illræmd fyrir grimmd. Vitnisburðir fanga í búðunum sögðu hana hafa riðið um búðirnar og barið fanga með svipum sér til yndisauka. Þá hélt hún uppi spurnum um fanga með húðflúr og lét drepa þá, flá og súta skinnið til nota í skrautgripi á heimilum SS-manna. Í Nürnberg-réttarhöldunum voru sýndar myndir af þessum gripum sem Bandamenn fundu í stríðslokin. Ilse Koch var dæmd í Nürnberg í ævilangt fangelsi en bandaríski hernámsstjórinn breytti dómnum síðar í fjögurra ára vist. Vegna gífurlegs þrýstings var hún leidd fyrir rétt að nýju og þá dæmd til ævilangrar fangavistar. Ilse Koch hengdi sig í fangaklefa sínum 1967 og varð fáum harmdauði.



15. JANÚAR 1951

## MERKISATBURÐIR

**1535** Hinrik VIII lýsir sjálfan sig æðsta mann ensku kirkjunnar.

**1861** Elisha Otis fær einkleyfi á gufuknúinni lyftu.

**1870** Asninn notaður í fyrsta sinn sem merki bandaríska demókrata.

**1919** Píanóleikarinn Paderevskí verður forsætisráðherra Póllands.

**1983** Bandalag jafnaðarmanna stofnað að undirlagi Vilmundar Gylfasonar. Flokkurinn fékk fjóra menn kjörna í alþingiskosningum í apríl sama ár.

**1991** Stöð 2 hefur beinar útsendingar frá CNN vegna Persaflóastríðsins.

**1994** Minnihlutaflokkarnir í borgarstjórn Reykjavíkur ákveða að bjóða fram sameiginlega undir nafni Reykjavíkurlistans.


†



*Kæru vinir. Við færum ykkur öllum innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við sviplegt andlát eiginmanns míns og besta vinar, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þórðar Guðmundssonar**

frá Reykjum, vélfræðings, Reykjaborg, Mosfellsbæ.
f. 13. apríl 1926 d. 12. desember 2004

Sérstaklega þökkum við Karlakórnum Stefni í Mosfellsbæ, kór eldri félaga í Karlakór Reykjavíkur og starfsfélögum hjá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir þá aðstoð og virðingu er þeir sýndu í minningu Þórðar. Megi nýja árið færa ykkur öllum frið og farsæld.

**Freyja Norðdahl**
**Guðbjörg Þórðardóttir** **Guðni Már Henningsson**
**Kjartan Þórðarson** **Sigrún Ragna Sveinsdóttir**
**Þórður Freyr Hilmarsson** **Sonja Berg**
**Guðmundur Jón Þórðarson**
**Haukur Ingi Þórðarson**
**Katrín Ísafold Guðnadóttir**
**Tinna Kjartansdóttir**
**Freyja Kjartansdóttir** **Sigurjón Örn Ólafsson**
**Sæunn Kjartansdóttir**
**Ásta Kristín Andrésdóttir** **Björgvin Marinó Pétursson**
**Guðmundur Páll Andrésson**
**Berglind Andrésdóttir** **Ævar Valgeirsson**
**Sigurjón Hákon Andrésson**
**Guðmundur Atli Pálsson**
**Emilía Björg Björgvinsdóttir**



†



*Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við fráfall eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og bróður,*

**Péturs Valdimarssonar**

frá Varmadal, Miðstræti 13, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks og lækna á deild 11e Landspítala við Hringbraut.

**Anna Sigfúsdóttir, fjölskylda og systkini.**



†



*Kæru vinir og ættingjar, hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning við fráfall*

**Sveinbjörns Júlíussonar**

rafvirkja

**Ólöf Ingibergsdóttir, Guðrún Sesselja Sveinbjörnsdóttir, Margrét Marís Sveinbjörnsdóttir, Ívar Örn Sveinbjörnsson, Júlíus Veturliðason, Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Ingibergur Sigurjónsson, Margrét Pálfríður Magnúsdóttir og aðrir aðstandendur.**


**AFMÆLI**: STEINGRÍMUR STEINÞÓRSSON ER 54 ÁRA Í DAG

# Það er ekki til frásagnar

Steingrímur Steinþórsson, bókaútgefandi í Skruddu, er 54 ára í dag. Tímamótin hringdu í hann og spurðu fyrst hvernig þetta hefði gengið í ár.

„Bókaútgáfan hjá okkur gekk vel. Og það er eiginlega sama sagan hjá öllum sem ég hef talað við í greininni. En þessa dagana erum við að taka við bókum úr dreifingunni, skilunum. Mann svíður auðvitað í hjartað við hvern einasta kassa. En þetta var ágætt.“

Hvaða bækur voru nú helstar hjá ykkur fyrir þessi jól?

„Stærsta bókin var þriðja bindið í hinu ágæta verki Gísla Sigurðssonar, Seiður lands og sagna, þar sem hann fjallar um Suð-Vesturland. Áður voru komin tvö bindi en þetta þriðja seldist betur en hin tvö og svo á þetta auðvitað eftir að seljast. Þetta er stórvirki sem selst svona mallandi allan ársins hring. Nú svo var það Flosi. Hún gekk ljómandi vel eins og við mátti búast, þótt hún næði ekki sömu stórsölunni og bókin hans í fyrra. Jöklaveröld Helga Björnssonar. Fyrirfram bjuggumst við ekki við stórsölu í þessari bók en hún kom mjög vel út. Þá vorum við með smásagnasafn eftir Ágúst Borgþór Sverrisson og nýja bók eftir spennusagnahöfund, Ian Rankin, sem ekki hefur átt bók á íslenskum markaði fyrr en er vel þekktur í Bretlandi. Við vorum með sjö bækur á síðasta ári og við kvörtum ekkert undan útkomunni.“

Hvað er svo framundan?

„Mesta stórvirkið hjá okkur á komandi mánuðum er stórvirki Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings um Lagarfljót. Þetta er mikil bók prýdd fjölda mynda. Höfundurinn er löngu landskunnur fyrir skrif sín og rannsóknir í náttúrufræði. Við erum líka að undirbúa útgáfu á lítilli bók eftir Sigurjón Björnsson sálfræðing um Skagann og Skagaheiði. Þar er mikill fróðleikur sem ekki hefur verið aðgengilegur áður, örnefni, reiðleiðir og sögulegt efni. Nú, við erum líka að fást ofurlítið við kiljuútgáfu. Bók Rankins, Með köldu blóði, kemur út í kilju og einnig ný þýðing af eldri bók eftir hann. Þá erum við að gefa út að nýju í kilju, hina frægu bók Salingers „Bjargvætturinn í grasinu“, í þýðingu Flosa Ólafssonar. Svo það eru næg verkefni.“

Ætlarðu að halda upp á afmælið Steingrímur?

„Nei, ekki get ég sagt það. Við gerum okkur kannski smá dagamun hjónakornin en það er ekki til frásagnar. Ég held ekki upp á afmæli nema á svona tíu ára fresti.“ ■



**STEINGRÍMUR STEINÞÓRSSON** Bókaútgáfan gekk vel.

## ANDLÁT

**Stefanía Jónsdóttir** lést föstudaginn 7. janúar. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Kjartan Þór Valgeirsson**, Akraseli 10, lést 8. janúar.

**Járngerður Einarsdóttir** frá Tjörnum, Vestur-Eyjafjöllum, lést mánudaginn 10

**Brynheiður Ketilsdóttir** frá Ketilsstöðum í Mýrdal, Austurgerði 1, Vestmannaeyjum, lést þriðjudaginn 11. janúar.

**Eygerður Ingimundardóttir** frá Hrísbrú, Reykjabyggð 28, Mosfellsbæ, lést þriðjudaginn 11. janúar.

## JARÐARFARIR

11.00 **Vilhjálmur Óskarsson**, frá Reiðholti, Lýtingsstaðahreppi, verður jarðsunginn frá Mælifellskirkju.

13.00 **Guðrún Jakobsdóttir** , fyrrv. húsmóðir á Grund, verður jarðsungin frá Blönduóskirkju.

13.30 **Paul Erik Símonarson**, Grýtu, Eyjafjarðarsveit, verður jarðsunginn frá Grundarkirkju.

14.00 **Jóhann Magnússon** bifreiðaskoðunarmaður, Móholti 12, Ísafirði, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Gunnar Páll Björnsson**, frá Grjótnesi, verður jarðsunginn frá Snartarstaðakirkju.

14.00 **Jón Ingvarsson**, Silfurtúni, Búðardal, verður jarðsunginn frá Hvammi í Dölum.

## AFMÆLI



**Berglind Ásgeirsdóttir** sendiherra er fimmtug í dag.

**Anton Helgi Jónsson** rithöfundur er fimmtugur í dag.

**Helgi Seljan**, fyrrv. alþingismaður, er 71 árs.



**Höskuldur Þráinsson** prófessor er 59 ára í dag.

**Ævar Petersen** fuglafræðingur er 57 ára.



**Ragnar Ingi Aðalsteinsson** skáld er 61 árs.

**Ásgeir Bolli Kristinsson** verslunarmaður er 54 ára.

**Ragnheiður Gyða Jónsdóttir** blaðamaður er 48 ára.

**Einar Páll Tamimi** lögfræðingur er 36 ára í dag.




15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista



MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is


Nýtt kortatímabil
STÓRÚTSALA
30-90% AFSLÁTTUR*
Bíómiði í kaupbæti ef keypt er fyrir 2000kr. eða meira!
DVD
BÍÓMIÐI
TAXI
BÍÓMIÐI
FINDING NEVERLAND
Takmarkað magn! Fyrstir koma fyrstir fá!
499kr.
499kr.
999kr.
999kr.
1.299kr.
1.299
1.499kr.
1.299kr.
999kr.
799kr.
499kr.
299kr.
MÚSÍK
1.299kr.
1.299kr.
CD+ DVD
1.299kr.
DVD
1.299kr.
DVD
1.299kr.
LEIKIR
2.999kr.
1.999kr.
999kr.
1.999kr.
SKÍFAN
...skemmtir þér ; )
* Af afsláttarvörum
10% afsláttur af öðrum vörum við kassa
LEIKIR • MÚSÍK • DVD • LEIKIR • MÚSÍK • DVD • MÚSÍK • DVD • LE
Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is
Birt með fyrirvara um ritvillur og myndbrengl - TURNINN

■ KVIKMYNDIR

# Kvikmyndahátíðir í eina sæng

> „Það hefur vantað að það sé langtímaplan í gangi. Menn hafa verið að halda þetta hver í sínu horni en það er erfitt að láta þetta bera sig.

Stofnað hefur verið nýtt fyrirtæki, Iceland Film Festival Ehf., sem mun standa fyrir alþjóðlegum kvikmyndahátíðum á Íslandi. Stofnendur eru eigendur kvikmyndahúsanna og dreifingaraðilar hérlendis. Þeir aðilar eru Samfélagið sem rekur Sambíóin og Háskólabíó, Skífan sem rekur Regnbogann og Smárabíó, Myndform sem rekur Laugarásbíó og Græna ljósið sem hefur sérhæft sig í dreifingu óháðra kvikmynda.

Fyrirtækið mun stefna að því að halda eina stóra kvikmyndahátíð árlega og nokkrar minni á hverju ári. Verður fyrstu stóru hátíðinni hleypt af stokkunum 7. apríl næstkomandi. Nefnist hún Iceland Film Festival 2005 og mun fara fram í öllum kvikmyndahúsum Reykjavíkur. Auk þess fer hún fram á Selfossi, Akureyri og í Keflavík. Frumsýndar verða hátt í 30 kvikmyndir hvaðanæva að úr heiminum og stendur hátíðin yfir í allt að þrjár vikur.

Ísleifur B. Þórhallsson, eigandi Græna ljóssins, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hins nýja fyrirtækis. Hann hefur margra ára reynslu af dreifingu og markaðssetningu kvikmynda sem og skipulagningu kvikmyndahátíða og annarra atburða. Á síðastliðnum tveimur árum hefur hann m.a. staðið að hátíðunum Breskum bíódögum og Bandarískum indí-bíódögum. Heppnuðust þær báðar vel og sóttu yfir tíu þúsund áhorfendur hvora hátíð.

Ísleifur segir að mikili þörf hafi verið fyrir fyrirtæki sem þetta. „Það sem hefur vantað er ein stór hátíð á ári sem er haldin reglulega og á sér samastað allt árið um kring. Það hefur vantað að það sé langtímaplan í gangi. Menn hafa verið að halda þetta hver í sínu horni en það er erfitt að láta þetta bera sig. Við ákváðum frekar að reyna að snúa bökum saman,“ segir Ísleifur.

Hann telur að í samfélaginu sé krafa um að sýna kvikmyndir sem alla jafna eru ekki sýndar í bíóum. Á kvikmyndahátíðinni í apríl verða til dæmis sýndar myndir í átta flokkum, þar á meðal miðnæturflokki þar sem ögrandi kvikmyndir fá að njóta sín og í heimsflokki þar sem sýndar verða óháðar myndir frá hinum ýmsu löndum.

Þegar hefur verið tilkynnt um þrjár myndir sem verða sýndar á Iceland Film Festival; Mala educación, nýjustu mynd spænska leikstjórans Pedro Almodóvar, Ett Hål i mitt hjärta eftir Svíann Lukas Moodysson sem áður hefur gert Fucking Åmål og Tilsammans, og gamanmyndina Garden State eftir Zach Braff úr þáttunum Scrubs.

freyr@frettabladid.is



**MALA EDUCACIÓN** Nýjasta mynd spænska leikstjórans Pedro Almódovar þykir ákaflega vel heppnuð, rétt eins og flest fyrri verk hans.

## Mjög sjokkerandi

Lukas Moodysson, leikstjóri myndarinnar Ett Hål i mitt hjärta, eða Gat á hjartanu, er einn athyglisverðasti leikstjóri samtímans. Hann hefur unnið sér gott orð fyrir áleitnar myndir á borð við Fucking Åmål, Tilsammans og Lilja 4-ever.

„Myndin fjallar um fjórar utangarðsmanneskjur sem búa í lítilli íbúð. Þær ætla að slá í gegn með því að búa til klámmynd og áhorfendur fylgjast með öllu fara úr böndunum,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson sem sá myndina þegar hún var frumsýnd á kvikmyndahátíð í Toronto. „Salurinn var fullur af fólki enda virtur leikstjóri á ferð en það voru ekki margir sem náðu að sitja til enda. Í Svíþjóð hengdu þeir upp viðvaranir til að fólk gæti áttað sig á efni myndarinnar,“ segir hann. „Hún er mjög sjokkerandi og það er erfitt að horfa á hana. Hún sómar sér vel í þessum miðnæturflokki, sem hefur ekki sést áður á íslenskri kvikmyndahátíð.“



**TILSAMMANS** Lukas Moodysson á að baki athyglisverðar myndir á borð við Tilsammans.

Svo gæti farið að Lukas Moodysson verði á frumsýningu myndarinnar hér á landi en Ísleifur og félagar vinna nú hörðum höndum að því að fá hann til að mæta á Iceland Film Festival í apríl. ■


STÓRSÝNING EVRÓ HELDUR ÁFRAM ALLA HELGINA...
LANDSINS MESTA ÚRVAL FERÐATÆKJA Í SKEIFUNNI.



**Aliner**
Aliner 30 sek að reisa & fella
Komið í sýningarsal Evró & sjáið uppsetningu



**Miller Ontario lágþekja**
Janúar tilboð 3.990.000
(8 eftir).



**Fyrsta flokks húsbifreiðar í úrvali.**
Hymer, Adria í úrvali .
Komið og sjáið úrvalið um helgina.



**Fleetwood Tuscon 8 fet**
949.000.-
Sýnum 9 fellihýsi um helgina!



**Adria 390DS hjólhýsi**
Verð 1.490.000.-

EVRÓ
SKEIFAN • Reykjavík
Sími: 533 1414 • Símbréf: 533 1479

# allt

[ **bílar** o.fl.
Discovery 3 frumsýndur í dag
BLS. 2 ]



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| *Reykjavík* | 10.54 | 13.37 | 16.21 |
| *Akureyri* | 10.59 | 13.22 | 15.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**
Í dag er laugardagurinn 15. jan., 15. dagur ársins 2005.




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 254 stk.
**Keypt & selt** 48 stk.
**Þjónusta** 37 stk.
**Heilsa** 13 stk.
**Skólar & námskeið** 2 stk.
**Heimilið** 37 stk.
**Tómstundir & ferðir** 8 stk.
**Húsnæði** 35 stk.
**Atvinna** 28 stk.
**Tilkynningar** 9 stk.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Atli og samstarfsmenn hans hjá B&L vilja vekja upp umræðu um mikilvægi dempara í bílum.

## LIGGUR Í LOFTINU *í bílum*

**Toyota** hefur áttunda árið í röð náð metsölu í Evrópu. Framleiðandinn seldi 915.966 bifreiðar á síðasta ári og hefur salan aukist um tíu prósent frá fyrra ári. Toyota er því þriðji stærsti bílaframleiðandi í heimi. Markaðshlutdeild Toyota fyrir síðasta ár var fimm prósent í Evrópu og hefur aldrei verið hærri. Toyota framleiddi 582.695 bifreiðar, 494.635 vélar og 195.163 gírkassa í verksmiðjum sínum í Bretlandi, Frakklandi, Tyrklandi og Póllandi. Markmið Toyota er að selja 980.000 bifreiðar á næsta ári.



**Hekla hf.** hefur stillt upp Mitsubishi DAKAR 4x4 jeppa í Smáralind en Dakar-rallið stendur sem hæst þessa dagana. Mitsubishi-liðið er það sigursælasta í keppninni frá upphafi og stefnir að tíunda sigri sínum. Liðið hefur sigrað síðustu fimm ár en bílar sem Hekla selur eru nú í þrem efstu sætunum. Í Smáralindinni má einnig finna óbreyttan Mitsubishi Pajero og Mitsubishi Outlander.



**Rúmlega 240** Volvo-bílar seldust á síðasta ári hér á landi. Það gerir Volvo að langmest selda lúxusmerkinu á Íslandi eins og mörg undanfarin ár en Volvo er með meira en þriðjung af lúxusbílaflokknum. Mest selda Volvo-bifreiðin árið 2004 var sportjeppinn Volvo XC90.



**Bílaframleiðandinn Audi** afhjúpaði nýjan Quattro-hugmyndabíl á bílasýningunni í Detroit í Bandaríkjunum sem fór fram helgina 9.-11. janúar á þessu ári. Bíllinn heitir Audi Allroad Quattro og var þessi fjórhjóladrifsbíll sérstaklega hannaður fyrir sýninguna. Nú er öllu tjaldað þar sem nýi Audiinn er búinn betri akstursеiginleikum og fer hvert á land sem er.

*bilar@frettabladid.is*

# Lélegir demparar auka líkur á óhöppum

***Atli Vilhjálmsson, þjónustustjóri hjá B&L, leiðir lesendur Fréttablaðsins í sannleikann um dempara sem eru mjög mikilvægir í umferðaröryggi.***

„Það eru demparar í öllum bílum og minnst fjórir demparar í hverri bifreið – yfirleitt einn á hvert hjól. Það skiptir miklu máli að hafa demparana í lagi því lélegir demparar auka hemlunarvegalengd bílsins og gera akstursеiginleika þar af leiðandi lakari. Líkur á að lenda í árekstri eru því meiri sem hemlunarvegalengdin er lengri. Einnig eru meiri líkur á útafakstri því þegar bíllinn er farinn að dúa mikið lenda ökumenn í erfiðleikum við að hafa stjórn á bílnum því það er líkt og hann sé á gormum,“ segir Atli.

Þrátt fyrir það sem fólk heldur kannski er alls ekki erfitt að athuga hvort demparar séu í góðu standi eður ei. „Besta viðmiðunin um hvort demparar séu orðnir lúnir er að fara yfir hraðahindrun. Því meira sem bíllinn dúar, þeim mun lélegri eru demparanir. Þetta er mjög stór þáttur í öryggi bílsins og ég held að fólk geri sér ekki almennilega grein fyrir því. Í dýrari bílum endast demparar um 120 til 150 þúsund kílómetra en í ódýrari bílum eru þeir farnir að slappast verulega eftir um það bil 100 þúsund kílómetra.“

Atli er segist hissa á að svokallaðir demparaprófarar séu ekki komnir á skoðunarstöðvar. „Í skoðun eru demparar bara öngskoðaðir og athugað hvort þeir leki. Það er vökvi í dempurum og stundum gas og ef lekur er sett út á það og nýr settur í staðinn. En ef bara er skipt um einn dempara og hinir þrír eru lélegir þá versna akstursеiginleikar bílsins til muna,“ segir Atli en vandi er að finna demparaprófara hér á landi. „Við hjá B&L erum að skoða það alvarlega að leigja svona demparaprófara og bjóða fólki að koma til okkar og prófa. Við viljum endilega vekja upp umræðu um dempara því þetta er mjög mikið öryggisatriði fyrir alla í umferðinni.“

Fyrirtækið Fálkinn er með demparaprófara á sínum snærum en það er mikið apparat og tekur um tvo tíma að setja upp. Fálkinn hefur sett hann upp nokkrum sinnum, auglýst það og boðið fólki að prófa demparana því að kostnaðarlausu. Sumarið 2003 var fyrirtækið með hann uppsettan allt sumarið og var ferðast með hann frá Reykjavík til Hvolsvallar með viðkomu á bensínstöðvum Olís. Síðasta sumar var hann settur upp nokkrum sinnum sem og í haust og stefna starfsmenn Fálkans á að setja hann aftur upp í vor þegar sól hækkar á lofti.

*lilja@frettabladid.is*



**Bílakaup**
Ekki hika við að leita þér aðstoðar hjá sérfræðingi þegar þú kaupir notaðan bíl, svo þú kaupir ekki köttinn í sekknum. Leitaðu ráðlegginga hjá bifreiðaverkstæði og vittu hvort ekki sé boðið upp á þjónustu þar sem bifvélavirki kemur með þér að skoða bílinn sem þú hyggst kaupa. Fáðu einnig mat á því hvort bíllinn þurfi einhverrar viðgerðar við og hversu mikið það muni kosta.




























Nýr Land Rover Discovery 3 verður í boði bæði í 5 sæta og 7 sæta útgáfu. Þriðja sætaröðin í 7 sæta útgáfunni þykir sérlega rúmgóð. Þá eru aftari sætaraðir upphækkaðar eins og í kvikmyndahúsum, sem breytir miklu fyrir aðstöðu farþega í aftursætunum.

# Ný kraftmikil vél

***Nýr Land Rover Discovery 3 verður frumsýndur hjá B&L í dag.***

Þessi þriðja kynslóð af Discovery hefur vakið athygli meðal annars fyrir búnað, sem hefur hingað til aðallega verið fáanlegur í flokki dýrustu jeppa. Þar á meðal er Terrain Response, nýtt skynvætt aldrifskerfi, en Range Rover eigendur ættu að kannast við nokkuð við búnaðinn. Hann byggir á tækni frá Range Rover sem löguð hefur verið að Discovery. Terrain Response aldrifskerfið lagar Discovery 3 sjálfkrafa að akstursaðstæðum og verður hann þannig jafnvígur meðal annars á möl, grjóti, aurbleytu, snjó, hálku, miklum bratta eða sandi.

Þá er Discovery 3 einnig kominn með svipaða loftpúðafjöðrun og Range Rover, auk þess sem hann minnir útlitslega á þennan stóra bróður sinn í lúxusjeppaflokknum, bæði að innan- og utanverðu. Með útlitsbreytingunni er Land Rover að undirstrika þær gagngeru breytingar sem gerðar hafa verið á Discovery, jafnt tæknilega sem hönnunarlega.

Auk þess kemur jeppinn með nýja og kraftmikla V6 túrbó dísilvél sem hönnuð er af Jagúar, en hún skilar 189 hestöflum í fullum afköstum og 440 Nm í tog. Einnig kemur jeppinn með V8 bensínvél. Nýr Discovery 3 kostar frá 5.480.000 kr. beinskiptur og 5.750.000 kr. sjálfskiptur.

Land Rover Discovery 3 jeppinn verður frumsýndur hjá B&L í dag. ■

# Metsala á Skoda

***Á síðasta ári voru seldir 673 Skoda bílar á Íslandi.***

Hekla sló met í sölu á Skoda bifreiðum á síðasta ári en alls seldust 673 nýir bílar. Markaðshlutdeild Skoda var 5,5% sem er 37% söluaukning frá árinu á undan. Söluhæsti Skoda bíllinn var Skoda Octavia og var hann þriðji söluhæsti bíllinn á markaðnum þegar allar gerðir eru skoðaðar en alls voru seldir 578 slíkir bílar. Tvo mánuði á árinu varð Skoda Octavia söluhæsti bíllinn á markaðnum, í júlí og í nóvember.

Nýr Skoda Octavia verður kynntur hér á landi í febrúar. Nýi bíllinn er stærri, lengri, breiðari, öruggari og betur búinn en fyrirrennarinn.

Skoda Octavia af eldri gerð verður áfram í boði í Terno útfærslu. Sá bíll er vel búinn og á verði frá 1.745.000 þús. kr. og mun Octavia Terno einnig fást áfram í fjórhjóladrifinni Combi útfærslu. ■



Mynd frá Skoda deginum þegar Hekla fagnaði sigri Octavia fjórða árið í röð í JD Power áreiðanleikakönnuninni.



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Subaru Impreza vann í flokki millistórra bíla.

# Subaru sigrar í tveim flokkum

***Könnun á ánægju bílaeigenda.***

Fyrir skömmu var gerð könnun í Hollandi og athuguð ánægja eigenda með bifreiðar sínar. Könnunin náði til eigenda alls 77 bílategunda og 35 bílaframleiðanda en 240 þúsund bílaeigendur voru spurðir.

Í flokki millistórra bíla sigraði Subaru Impreza og í flokki jepplinga bar Subaru Forester sigurorð úr býtum. Subaru-umboðið á Íslandi, Ingvar Helgason hf., er að vonum ánægt með þessar niðurstöður og segir þær endurspegla ánægju íslenskra viðskiptavina. ■

**Vinnuvélanámskeið**

Verð kr. 39,900.-
Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd
Sími: 894-2737
www.ovs.is
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving





FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Haukur ritstýrir Bílum & Sporti en hann er mjög metnaðarfullur í sínu starfi og hefur geysilegan áhuga á farartækjum af hverju tagi.

# Myndrænt og yfirgripsmikið bílablað

***Tímaritið Bílar & Sport kom út í byrjun mánaðarins. Útgáfufyrirtækið Alurt ehf. stendur fyrir útgáfu blaðsins en það er Haukur Guðjónsson sem ritstýrir því.***

„Blaðið fæst í öllum bókavöruverslunum og bensínstöðvum þannig að sem flestir ættu að geta nálgast það. Satt best að segja er ég mjög hissa yfir þeim góðu viðtökum sem blaðið hefur fengið því oft er erfitt að koma tímaritum á laggirnar. Bílar & Sport hefur selst vel og margir hafa hringt inn og beðið um áskrift. Það eru líka geysilega margir sem hafa stöðvað mig úti á götu og lýst yfir ánægju sinni því svona blað hafi vantað í tímaritaflóruna,“ segir Haukur að vonum stoltur með fyrsta tölublað tímaritsins.

„Þetta er mánaðarrit og eiginlega eina íslenska bílablaðið. Við tökum á öllu því sem flokkast sem mótorsport. Við fjöllum um nýja og breytta bíla, kíkjum á fornbíla, mótorhjól, jeppa, flugvélar og jafnvel fjarstýrða bíla og flugvélar sem er orðið mjög vinsælt sport. Þetta er afskaplega yfirgripsmikið blað og við leggjum mikla áherslu á myndræna þáttinn. Góðar myndir eru mjög mikilvægar og við viljum sýna lesendum öll smáatriði þegar við erum að kynna bíla og tækninýjungar. Það hefur einmitt oft vantað góðar myndir í sams konar bílablöð en hjá okkur fá lesendur allan pakkann,“ segir Haukur sem er mjög metnaðarfullur í því sem hann gerir. „Þórður Freyr Sigurðsson, eigandi Alurt, hafði samband við mig og bað mig um að ritstýra blaðinu. Að vonum var ég mjög ánægður þar sem ég hafði látið mig dreyma um að gera svona tímarit því það vantaði tvímælalaust á Íslandi. Ég hef líka rosalega gaman að bílum og mjög sterkar skoðanir á því sem ég vil sjá í blaðinu. Eitt af því sem ég er að leggja lokahönd á og mun eflaust verða fastur liður í framtíðarblöðum er kennsla um ýmislegt. Allt frá því að skipta um kerti í bílnum og upp í flóknari hluti. Ég vil kenna fólki á öllum stigum, hvort sem það eru byrjendur eða lengra komnir.“

En er blaðið ekki bara fyrir harða bílaáhugamenn? „Nei, ég held ekki. Það er rosalega fjölbreytt og ég held að allir gætu haft gagn og gaman að. Ég á meira að segja nokkra félaga sem hafa ekki gaman að bílum en finnst blaðið gott og skemmtilegt. Ég er að minnsta kosti mjög bjartsýnn á framhaldið,“ segir Haukur.

Bílar & Sport kostar 895 krónur í lausasölu.

*lilja@frettabladid.is*


Áskriftarsími 588 7888
www.bilarogsport.is



FAI Auto Parts
**Vélaviðgerðir**
**Vélavarahlutir**
- Pakkningarsett
- Ventlar
- Vatnsdælur
- Tímareimar
- Viftureimar
- Knastásar
- Olíudælur
- Legur
- Stimplar

Varahlutir sem þú getur treyst á !
VÉLAVERKSTÆÐIÐ KISTUFELL
TANGARHÖFÐA 13
Sími 577 1313 • www.kistufell.com




## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar.**

## Með loftlaus dekk... viljandi

Jeppafólk og aðrir útivistarfíklar fengu ánægjulega jólagjöf í desember sem enn er í notkun: Snjó. Um leið og hálendið fölnar fyllist það af fólki sem finnst í góðu lagi að hossast svolítið og verða kalt á nebbanum. Þeir sem eiga jeppa fara ef til vill í skála í námunda við helli jólasveinanna, elda þar læri og segja sögur fram á nótt.

Í slíkum ferðum heyrast oft setningar eins og: „Ég ætla að hleypa meira úr“ og: „Ég er í þremur pundum, svíf yfir þetta“. Þá er verið að vitna til loftþrýstings í dekkjunum. Með því að hleypa lofti úr þeim eykst það flatarmál sem snertir jörðu og með því fæst tvöfaldur ágóði: Annars vegar eykst veggrip til muna og hinsvegar dreifist þyngd bílsins á stærri flöt. Þannig getur jeppi á stórum dekkjum stigið léttar til jarðar en fótgangandi maður ef hleypt er vel úr. Þá grefur hann sig síður niður í snjó og flýtur frekar ofan á honum.

Flestir jeppamenn og -konur hafa 18-25 pund í dekkjunum alla jafna (eftir stærð dekkja og þyngd bíls) og fara gjarnan í 8-13 pund á malarvegum og 2-3 pund (og jafnvel neðar) ef færi er orðið mjög þungt í snjó. Þá er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

Lin dekk hitna meira. Gúmmíið í dekkjunum krumpast í sífellu og sé ekið á miklum hraða í einhvern tíma getur hitinn skemmt dekkin.

Lin dekk eru viðkvæmari fyrir oddhvössu grjóti og hrauni. Hlið dekksins stendur orðið út fyrir sólann og kemst frekar í snertingu við undirlagið. Hún gatast frekar en sólinn og því þarf að fylgjast vel með veggrjóti.

Lin dekk hrökkva frekar af felgunni. Sérstaklega er hætt við affelgun í hliðarhalla.

Á linum dekkjum er okkur líka hættara við að beygla felgur ef við rekumst á stóra steina.

Síðast en ekki síst ber alltaf að hafa í huga að hreyfingar bílsins breytast ef dekkin eru lin. Fjöðrunin er öðruvísi þar sem dekkin gefa meira eftir en áður og svörunin frá stýri og út í hjól verður öðruvísi og umtalsvert seinni.

Farið því varlega ef þið eruð að leika ykkur í snjónum eða mýkja bílinn á malarvegi. Munið líka að hleypa aldrei úr nema þið hafið loftdælu og viðgerðarsett fyrir dekkin með í för.


**ALLT Á EINUM STAÐ**
- HEILSÁRSDEKK
- NAGLADEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BÓN OG ÞVOTTUR
- BREMSUKLOSSAR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- PÚSTÞJÓNUSTA

SBD, SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066




Bílabúð Benna
NOTAÐIR BÍLAR



Sskoda Octavia GLXI 1600 , 04/2001, ek. 62 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, fjarstýrðar samlæsingar. Ath. skipti á ódýrari. Verð 980 þús.



VW Bora 1600 Highline 04/2000, ek. 95 þús. 4 dyra, 5 gíra, abs, rafmagn í rúðum og speglum, cd, fjarstýrðar samlæsingar, topplúga, ný tímareim. Ath. skipti á ódýrari. Verð 1.050 þús.



Toyota Avensis 1600 Terra, 12/1997, ek. 110 þús. 4ra dyra, 5 gíra fjarstýrðar samlæsingar, þjónustubók, nýleg tímareim. Ath. skipti á ódýrari. Verð 790 þús.



Daewoo Nubira CDX 2,0 Polar Wagon, 02/2000, ek. 70 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, rafmagn í rúðum og speglum, cd, fjarstýrðar samlæsingar,spoiler, þjónustubók, Ath. skipti á ódýrari. Verð 820 þús.



Daewoo Kalos SE 1400, 06/2003, ek. 28 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, rafmagn í rúðum, 4 líknarbelgir og fl. Frábær rúmgóður sparneytinn bíll, Ath. skipti á ódýrari. Verð 1.090 þús.

**Bílabúð Benna ehf. Notaðir bílar**
**Bíldshöfði 10, 110 Rvk.**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**

BÍLASALAN
HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 - Sími 567-4840 og 660-0565



SSANGYOUNG REXTON, árg. 2004, ek. 2 þús. km. Dísel, sjálfsk., heilsársdekk, álfelgur, CD, kastarar, leður og fl. Verð 4850 þús. Tilboð 4550 þús.



Dodge Caravan SXT, árg. 2005, ek. 0 þús. km. Sjálfsk., álfelgur, CD, litað gler, sumardekk, þjófav., DVD system og fl. Verð 3750 þús. Nýr ókeyrður bíll !!



Dodge Caravan SXT, árg. 2005, ek. 0 þús. km. Sjálfsk., 7 manna, álfelgur, CD, þjófav., kastarar, litað gler og fl. Verð 3650 þús. Ath. Nýr ókeyrður bíll !!



Mini Cooper árgerð 2003. Ekinn 19 þúsund km. Nýskráður 2003. Næsta skoðun 2005. Verð kr. 2850.000. Álfelgur, geislaspilari.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is
S. 587 7777



Ford F-150 2004, ssk, 4ra dyra, leður, lúga, gylltur, ek. 11 þ. km. Verð 3890 þús.



Dodge Ram 2500 5.7 Hemi 2003. ssk., ek. 32 þ. km, grár. Verð 2890 þús. ath óð.



Nissan Terrano II 3.0 tdi 7/ 2003, ssk., sóllúga, ek. 45 þ. km. Verð 3250 þús., (eigum fleiri bíla til) bein sala.

**Litla bílasalan**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

MASTER



**MASTER.**
**Ford F 250 Lariat** árg 2004 6.oL. diesel, ssk., verð kr. 4390.000.-
**Cherokee Grand LMT** 2003 8cyl leður, lúga og fl. Kr. 4.190.000.-
**Ford Explorer LMT** 2004 8cyl ssk leður og fl. Verð kr. 3.900.000.-
**MMC Pajero 3.2DTi** ssk., árg. 2000, ekinn 130 þús. verð kr. 3.370.000.-
**Mercedes ML 400 CDI** diesel, árg. 2002, leður. lúga og fl. Kr. 6450.000.-
**BMW X5 4,4L** árg. 2003, ssk, leður og fl.
Verð kr. 6.690.000.
**Kjör samkomulag – skoðum uppítökur..**

**Master ehf**
**Glæsibær Álfheimar 74, 104 Reykjavík**
**Sími: 5402200**
**www.masterbill.is**

SG BÍLASALA
Brekkustíg 38
260 Reykjanesbæ
sími: 421-4444
fax: 421-1732



Dodge Ram 1500 Double Cab, 05/2003. 5700. 4ra dyra, sjsk., grár, ek. 62 þús. Skipti ódýrari. Verð 2.990.000. SG Bílar s. 421 4444.



Hyundai Tucson 09/2004. 2700, 5 dyra, sjsk., ek. 3000. Hlaðinn aukahlutum, samlitur. Verð 2.990.000, skipti ódýrari. SG Bílar 421 4444.

**SG Bílasala**
**Brekkustíg 38, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 421 4444**

SPA Bíll



Landrover TD5 ES Sýningarbílar frá Landrover. Eknir um 14 þús km. Leður, sjálfskipting ofl.ofl. Verð: 3520 þús.

**Sparibill ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLIN



Getum boðið nýja JEEP CHEROKEE GRAND LIMITED 5,7 HEMI með k 25 pakka,km mælir,krók og bakkvörn frá canada afhendingatími 3-4 vikur á frábæru verði kr 4.890.000. Ingimar gsm 893 2165.

**Viðskiptavinir ath. Opið alla daga vikunnar.**

**Nýja bílahöllin**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Galant V6-24 2500, árg. '98, ekinn 115 þús. Verð 1250 þús. Nánari uppl. Fúsi s. 860 7503.



Til sölu þessi fallegi BMW 318i '94. Ssk., rafk. rúður a/c, CD, topp ást. S. 896 5120.



Til sölu Volvo V 70 XC 4x4, árg. 2000, ek. 107.000 km. Uppl. í s. 846 0210.



Kia Carnival '00 2,5 V6 ek. 64 þ. 7 manna, litað gler, ný naglad. + ný Michelin sumard. Verð 300 þ. + 980 þ. bílalán. S. 693 5300.



Ford F 350 4x4 Crew Cab árg. 2002 til sölu F 350 Lariat, leður, 6m. hús, ek. 105 þ. km. 7,3 diesel, langur pallur m/kúlu, pallhús fylgir, nagladekk og ný heilsársdekk. Reimdrifin loftpressa, kútur, lögn og tengi f. ABS loftbremsur. Vöruflutningavagn (2003)m/ 6,5 tonna burðarg. og ABS loftbremsur getur fylgt ef . Einnig eldri gerð af stóro camperhúsi. Skipti möguleg. Uppl. í síma 892 5628.



VW Passat 2,0 Trendline 09, 2002 ek. 25 þús. km verð 2190 þús kr. sjálfskiptur álfelgur + auka felgur sumar-vetrardekk ,spólvörn ESP, vindskeið leður krómpakki einn með öllu frábært eintak. Hafa sambandi við Bílasala Selfoss 482 4002 eða Hlynur 893 1650.



VW Passat 1,6 stw árg 1998 ek.119 þús verð 790 þús áhvílandi 730,000 þús afborgun 17 þús á mán tilboð 35.000 út + yfirtaka. Hafa sambandi við Bílasala Selfoss 482 4002 eða Hlynur 893 1650.



Toyota Corolla Wagon Terra 1998 ek.125 þús verð 630,000 þús tilboð 500 þús. Hafa sambandi við Bílasala Selfoss 4824002 eða Hlynur 893-1650

### Athugið get útvegað

Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

WV Bora árg. 2004 ekinn 17.000 km. Bíllinn er svartur með krómlistum. Fæst með yfirtöku á rekstrarleigusamningi. 70.000 í tryggingu og mánaðarlegar greiðslur ca 36.000. Allt innifalið. Uppl. í síma 891 7585.

Til sölu Mazda 323 '90, ssk., þarfn. viðg. Nýr rafg., púst og fl. Verðh. 40-50 þ. Uppl. í s. 893 6850.

Renault Laguna stw, ssk., árg. '00. Ek. 73.000. Verð 1180 þús., ath. sk. 0-500 þús. S. 660 1908.

Til sölu MMC Galant GLSi, árg '99, vínrauður, ek 89 þús, ssk., topplúga, leður, rafm. í öllu. Vel með farinn. Ásett verð af umboði 1250 þús. áhv. 880 þús, afb. 20 þús á. Ath. skipti á vélsleða 100-150þ. Uppl. í s. 616 6155.

## 0-250 þús.



Toyota Corolla árg. 1994. Beinsk., ekinn 187 þús. km. Ásett verð 270 þúsund. Uppl. í síma 893 2260.



W-Golf 1600 1993 4ra dyra. Til sölu W-Golf hvítur, ekinn 97,500 km. í góðu ásigkomulagi. Sumar og vetrardekk, álfelgur, beinskiptur, spoiler með ljósi. Verð 220 þús. Uppl. í síma 864 6497 og 861 6016.



Til sölu Pajero diesel árg. '88 ekinn 350 þús. Verð 195.000. Ath. skipti. Uppl. í síma 854 0943.



Honda Civic '91, sk. '06. Verð 150 þús. Uppl. í síma 861 9201 e. kl. 18.



Ford Ranger árgerð '93. Góður bíll. Verð 250 þús. stgr. Sími 893 7518.



M. Benz '89, ek. 232 þús. sk. '05 lítur vel út. verð 300 þús. Uppl. í s. 822 7040.



Nissan Sunny STW 4x4, 1992, ekinn 135 þ. Ásett verð 190 þ. Sími 899 7414.

Amma er hætt að keyra! Susuki swift til sölu, vel með farinn og í toppstandi. Árg. '90, verð 220, ekinn 43.000. Sími 866 1763.

**Benz 190E 2 L. árg. '87, ekinn 315 þús. Ný vetrardekk. Ásett verð 200 þús. Tilboð óskast. Uppl. í síma 663 0454.**

Daihatsu Applause '91. Ekinn 100 þús., í toppstandi, nýskoðaður. Verð 150 þús. Uppl. í s. 696 9774.

Pajero V6 '90 langur, ekinn 227.000 km. Sumar og vetrad. á felgum. Verð 175.000. Uppl. í síma 892 3508.

VW Golf Manhattan, árg. 1996, 1800cc. Rauður, ek. 188 þús., skoðaður, ný dekk, 5 dyra. Góður bíll, listaverð 380 þús. Verð aðeins 250 þús. Uppl. í s. 660 7560.

Til sölu Colt fellihýsi, nýtt fortjald, notað 2var. Rafmagn í öllu og 13" dekk, ísskápur 100 þús. út og rest á lánum. S. 896 8244.

Toyota Corolla XLi Special Series, 5 dyra, '94, ek. 159 þ., ásett 300 þ., selst á 200 þ. Fjarstýrðar samlæsingar, spoiler. S. 894 9070.

Daihatsu Curoe skoðaður '05. Ekinn 92 þús. Verð 90 þús. Uppl. í s. 868 5922.

MMC Cancer '93 1.6 c.c, beinsk., Rafm. Í rúðum, cd, lítur vel út. Listav. 250 þús. V. 200 þús. Stg. Uppl. í s. 698 2397.

Til sölu MMC L300 4X4, 8 manna, árg. 1991. Þarfnast lagfæringa. Verð kr. 99.000. Uppl. í síma 899 5264.

Toyota Tercel 4x4 til sölu. Árg. '86 í mjög góðu ásigkomulagi. Sk. '05. Verð 60 þús. S. 846 0421 & 565 3063.

Mazda 323F 1,6, 16v, '91, sk. '06, ssk., rafm. og hiti í sætum. Uppl. í s. 868 1679.

Til sölu Nissan Primera, árg '91, sumar og vetrardekk. Verð 110 þús. Uppl. í s. 822 7591.

Toyota Corolla '87. Ágætis bíll. Á sama stað óskast plötuspilari. Hafið samband í s. 697 9035, Sigurjón.

Mjög vel með farinn Hyundai Pony árg. '94, 3ja dyra, eyðir litlu, ek. 85 þús. Er á nagladekkjum. Verð c.a 200 þús. S. 899 2666.

Til sölu Nissan Sunny 1400 '95, 2ja dyra, ek. 220 þús, sk.'05, sumardekk og vetradekk á felgum, cd. Verð 220 þús. Uppl. í s. 892 8585.

Skoda Felicia, árg '96, station, ek 124 þús, sk '05, álfelgur. Finn bíll. Verð 180 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla Station '97, beinskiptur, 1600 vél, ekinn 151 þ. Góður bíll. Tilboð 400 þ. S. 662 4596.



### VW Caravelle

Dísel árg '92 10 farþega, lítur vel út að innan, þarfnast lagfæringar að utan. Tilboð. S. 898 6581.



Til sölu Ford Explorer Dísel, með Mözdu vél, 3,5. Til sölu hjá Höfðabílum í síma 577 1085.



Opel Astra disel, ssk., skr. 10/2000, ekinn 192 þ. Verð tilboð. Uppl. í s. 565 6779 & 693 5524.



Tilboð!!!! Daewoo lanos, árg. 12\2000, ek. 55 þ. km. 5 gíra, flottur bíll í toppstandi, ásett verð 690 þ. Tilboð stgr. 490 þ. Uppl. í síma 820 3371.



Renault Megane Williams 2,0F1 1998 til sölu. Þarfnast smá lagfæringar. Fæst á þessu tilboði! Yfirtaka á láni sem er 418 þús. og 80 þús. í pen. Listaverð 750 þús. Verður að seljast. Uppl. í síma 820 0509.



MMC Lancer 4x4, árg. '96, ek. 185 þús. Vel farinn í toppstandi. Uppl. í s. 698 0978 eða 557 6656.



Toyota Corolla XLI Sedan 1,3. árg. '84, ek. 146 þús., rafm. í rúðum. Verð 390.000. S. 822 3001.

Chevrolet pallbíll árg. 1987. 6,2 diesel, sjálfskiptur. Verð 350 þús. Uppl. 869 7175.

### Gullmoli

Toyota Corolla '95. Konubíll frá upphafi. Uppl. í s. 898 6174.

Til sölu Toyota Carina Station '94. Ssk., ekinn 147 þús. Ásett verð 420 þús. Uppl. í s. 855 1700

Góð kaup - úrvals stationbíll. Silfurlituð Nubira 1600 bsk. 79 þúsþ. km. Sk. '05. Listaverð 500 þús. Selst á 350 stgr. S. 824 5345.

Mazda 626 '94. Ekinn 175 þús. Tilboð óskast. Uppl. í s. 868 6882.

Opel Astra '96, ek. 115 þús., sk. '05. Verð 300 þús. Sumardekk fylgja. Uppl. í s. 662 5172.

### Útsala

Mazda '97, beinsk., ek 153 þús. Sk. '05. Verð 350 þús. stgr. Uppl. í 847 0012.

Toyota Corolla '93-'94, sk. '05, vel með farinn. Verð 290 þús. Uppl. í s. 847 4932 og 473 1310.

## 500-999 þús.

MMC Montero 2002 blár, ek. 82.000 Ltd m. öllu. Ss. V. 2390.000. Sími 898 9097.

Dodge Chrysler Willys árg. '64, 318, ssk, Mudderdekk, Micro skorinn. Tilboð 690 þús. Uppl. í s. 897 1283.

Til sölu Opel Vectra 1,6GL árg '98 ek 113þ ssk. spoiler spólvörn ABS. v kr. 750þ s 8943330

Til sölu mjög fallegur og vel með farinn Kia Grand Sportage 4x4, árg. '98, ek. 115 þús. Ásett verð 890 þús. Selst á 750 þús. stgr. Uppl. í s. 551 0807, Ágúst.

BMW 320i '97, ek. 130 þ., 17" kant álf., CD, litagler. Ásett verð 1.270 þ. Tilboð 900 þ. Skipti möguleg í dýrari bíl. S. 616 6618.

Kia Grand Sportage árg '99, ek. 72 þ. Beinsk. Áhv. 329 þ. V. 860 þ. S. 663 4900 & 690 2920.

VW Passat 5 dyra, beinsk., '98. Ek. 86 þ. V. 900 þ. Skipti möguleg á ódýrari. S. 898 7436.

Peugeot 206 árg.'00. Ek 70 þús. km, beinsk., 5 dyra. S+v. dekk, álf. V. 650 þús. Uppl. í s. 868 4824.

Honda CR-V árg. '98 sjálfskiptur, hvítur, ekinn 161 þ. Vel með farinn, einn sá best útlítandi, einn eigandi, þjónustubók frá upphafi. Fæst á góðu verði. Til sýnis á aðalbílasölunni. Sími 551 7171.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Kia, Peugeot, Honda. S. 555 3560. Sendum á flutning.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris ’98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Vél 4,2TD í Toy Landcr. 92-94 skipting, gírkassi driflæsingar, boddyhlutir, innrétting og m.fl. S. 824 8004.

Er að rífa Trooper árg. ’99 & Opel Astra árg. ’97. Bílaverkstæði Birgis Guðnasonar Ólafsfirði, sími 893 7203.

GRAND CHEROKEE. Útvega alla varahl. í flestar gerðir USA bíla. S. 896 5120.

Izuzu Trooper ’91, bensín 2,6 l til niðurrífs. Gott kram, ónýtt body. S. 862 1755.

## Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg., allar almennar viðgerðir. Sérpöntunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrbo ehf. s. 544 2004.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






Öll sett á 1990. Allir brjóstahaldarar á 1300. Dömu boxerar frá 450. G strengir frá 350 . Heildsölu verð í smásölu. Allt Smart laugavegi 46. S. 551 1040.



Leðurhanskar, rauðir, grænir, brúnir, bleikir, svartir. Verð 1990. Heildsöluverð í smásölu. Allt Smart Laugavegi 46. S. 551 1040.

Bílskúrshurðaþjónusta. Bílsk.hurðir og mótorar, varahl. - viðgerðir. S. 892 7285.

Rúllugardínur. Sparið og komið með gömlu rúllugardínukeflin og fáið nýjan dúk á keflin. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

Teskeiðarekki og rúmlega 100 túristaskeiðar, mjög sterkir ljóskastarar með hleðslurafhlöðu, antik loftljós og videospólur til sölu. S. 893 0966.

**EKKI KASTA**
**Play Station**
Aðeins 650 kr.
GEISLADISKAVIÐGERÐIN
★ ★ ★
**XBOX**
Aðeins 650 kr.
GEISLADISKAVIÐGERÐIN
★ ★ ★
**NINTENDO**
Aðeins 650 kr.
GEISLADISKAVIÐGERÐIN
★ ★ ★
**DVD**
Aðeins 650 kr.
GEISLADISKAVIÐGERÐIN
★ ★ ★
**CD**
Aðeins 650 kr.
GEISLADISKAVIÐGERÐIN
Við gerum við allar tegundir geisladiska
www.grensasvideo.is
Grensásvegi 24
S: 568 6635
Opið 14.00 - 23,30

**Hár**
Innbú úr hárgreiðslustofu til sölu. M.a. vaskar, stólar, sjóðsvél, rúlluborð og margt fl. Uppl. í s. 821 6670.

Danskir antík stofuskápar frá 1900, 3 stk., mahony, mikið útskornir til sölu. Seljast saman eða í sitt hvoru lagi. Uppl. í s. 892 7664.

**Skransala Skipholti 29 A**
Föstudag frá 12-18. laugard og sunnud 10-14 S.694-6016. Komið og gerið góð kaup.

Húsgögn, gjafavara - Frábært verð. www.heildsalinn.is Vantar sölufólk um allt land. S. 848 6448.

Eins og nýr, en yfir 50 ára ekta pels til sölu. (Bjórskinn) Kr. 65-70.000. Uppl. í s. 898 0506.

Rauð skúffa/pallur 4x8 fet af Chevrolet Silverado, plastklædd með skel. Óryðguð og óskemmd. Verð kr. 150 þús. Upplýsingar í s. 866 6840.

Stafaparket 18 mm. þykkt, valinn hlynur, 50 fm. Selst á 2 þús kr. fm Uppl. í s. 893 4655.

Brúnt leðursófasett til sölu 3+2+1. Mjög vel með farið. Uppl. í s. 659 2558.

**Er þvottavélin biluð?**
Til sölu ódýrir varahlutir í flestar gerðir þvottavéla. Seljum einnig þvottavélar og tökum bilaðar uppí. Sækjum og sendum. Sími 847 5545.

Til sölu eldhúsinnrétting með helluborði, nýlegum bakaraofn og fl. Einnig nýr og ónotaður stofuskápur með gleri á ca. 150 þ. Uppl. í s. 864 7670 & 553 4430.

**Hva Hvað er að ske ?**
Á Gleðistíg í Kolaportinu er verðið að selja notaðan fatnað og gefa heilan helling. Sjáumst hress.

Til sölu notuð 4ra pósta bílalyfta Istobal. Burðargeta 4 tonn. Litur mjög vel út, Master hitablásari 150. Einnig Wald Country vetrarhjólbarðar, stærð 235-70/16 M.s. Uppl. í s. 699 6605.

**Parket**
Eigum til gegnheilt parket á mjög góðu verði. Verð frá 1.800 kr. fm. Leggjum einnig og slípum. Góð og persónuleg þjónusta. Sími 822 8928.

Ferða DVD spilari með skjá, 12 og 220 wolta. Verð 29 þús. S. 844 0889.

Habitat Aquila sófi, dökkblár, 6 ára gamall til sölu. 20.000 kr. Sími 699 4548.

## Gefins

Blandaður hvolpur fæst gefins á gott heimili. Uppl. í s. 517 7336.

## Óskast keypt

F. veitingahús: borð, stólar, gaseldav., háfur, ofn, kæl. ofl. Uppl. k_eggerts@yahoo.com S. 565 7034, Sirrý.

Óska eftir skíðaskóm nr. 25, og einnig vantar skíði fyrir 7 ára. Uppl. í s. 660 0790

Óska eftir að kaupa mótor rafsuðuvél eða rafstöð. Uppl. í s. 894 0053 og 431 2529.

## Heimilistæki

Uppþvottvél kr. 7.000. Á sama stað vantar ódýra þvottavél. S. 690 3897.

Til sölu nýtt og ónotað B&O myndbandstæki. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 892-2700.

## Hljóðfæri

Hef til leigu nýtt hljóðkerfi hentar í flestar stærðir húsa. Uppl. í s: 865 7349. Geymið auglýsinguna.

Til leigu æfingaraðstaða fyrir hljómsveitir. Nokkur herbergi laus, snyrtileg og góð aðkoma. Upplýsingar í síma 893 9678.

Okkur vantar trommuleikara. Erum þrír fjallhressir að fara af stað í ballbransann. Uppl. í s. Þórbergur 899 2409, Þórir 865 2683, Gulli 849 7614.

Til sölu rafmagnsgítar og 15W magnari, fínt fyrir byrjendur. Uppl. í síma 699 4075.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153. Frá kl 8-23.

Til sölu 17” Dell skjár, lítið notaður, 1 1/2 árs. Verð 10 þús. Uppl. í s. 691 3374.

Til sölu 17” Dell skjár, lítið notaður, 1 1/2 árs. Verð 10 þús. Uppl. í s. 691 3374.

## Vélar og verkfæri

Til sölu sambyggð, lítil trésmíðavél, einfasa. Gott eintak. Uppl. í s. 897 2735.

**Hilti-steypusög!**
Hilti DS PS5-E, rafmagns sleðasög með öllu til sölu. Uppl. í síma 869 1318.

Til sölu 20 lítra 3ja fasa kjötfassvél. Uppl. í s. 453 8153.

## Bækur

Til sölu bókalager. 2-3 þús eintök. Yfir 70 titlar. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 696 3762.

## Til bygginga

Vantar dokaplötur til kaups. Daníel s. 899 6999.

## Verslun




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Útsalan hafin 20-50% afsláttur af gjafavöru. H-Gallerí Grænatúni 1 kóp. S. 554 5800.




# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Tökum að okkur hreingerningar á stigagöngum og hjá litlum fyrirtækjum. Vönduð vinnubrögð, áralöng reynsla. Uppl. í s. 555 3766 eða 697 3694 Krissi, 861 9559 Júlíus.

## Ræstingar

Þrif á stigagöngum upp að fjórðu hæð. Við hjá Jökli erum vanir ræstingum. Tilboðið inniheldur þrif á : Gleri, veggjum, göngum, stigum, gólfum, hurðum. teppum, flísum og lyftu. Þá myndum við viðhalda þrifum einu sinni í viku. Tilboðið er 9.639 á mán án vsk. Hafðu samband í s. 696 3010. Jökull.

## Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.
**Sími 892 1663.**

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

Húsfélagið Gyðufell 10 óskar eftir tilboðum í endurmálun á stigagangi. Uppl. í s. 894 4492 eða á valdist@mi.is.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 869 3934.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð á flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Vantar þig flutning á einhverju? Kem á staðinn og flyt það sem þú óskar eftir. Nýr bíll og þrifalegur, 9 rúmmetrar. Fer hvert á land sem er. Tímagjald eða fast tilboð. Landsbyggðar fólk! Vantar ykkur flutning með hraði frá Rvík. Þá talið við mig og ég redda málunum. Er við allan sólahringinn. G. Baldvinsson flutningar ehf. sími 891 7585.

## Húsaviðhald




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Byggingameistari**
Byggingafélag getur bætt við sig verkefnum. Úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. Upplýsingar í síma 845 3374.

TB FLÍSAR. Þarftu að flísaleggja? Breyta, bæta? Getum tekið að okkur verkefni núna! Vönduð vinna - góður frágangur. Hafðu samband: tbflisar@gmail.com eða í s. 662 4804 & 663 5169.

**Múrvinna.**
Flísalagnir, múrviðgerðir, almenn múrvinna, flotlagnir, múrklæðning. Fljót og góð þjónusta. Múrklæðning ehf. S. 848 2576.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

## Stífluþjónusta

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla. T&G S. 696 3436.

Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. ATH Opið allan sólahringinn. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

## Spádómar

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og hugleikningar. Einkatímar 847 7596, Hanna. S. 908 6040. Frá kl. 15 til 01.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 2288 - (129 mín.). Símaspá, draumaráðn. Opið 14 til 23.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumaráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

SPÁSÍMINN 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

## Skemmtanir



**Fögnum nýju ári með hinum vinsæla trúbador Viðari Jónssyni. Stór 390 kr. allt kvöldið**

FRÍTT INN !!
Getum tekið á móti hópum í mat og drykk. Lítill salur til útleigu. Munið okkar vinsæla heimilsmat í hádeginu alla virka daga.
**Símar 566 6657 & 566 8822**
**Áslákur “Alvöru Sveitakrá” Mos**

## Múrarar

Tek af mér flísalagnir og almenn múrverk. Uppl. í s. 891 9193.

## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Smiður. Get bætt við mig allrahanda smíðavinnu. S. 898 9602.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**

## Önnur þjónusta

Myndbandaþjónusta. CD-DVD-VHS-fjölföldun, tökur-klippingar-prentun á diska. o.m.f.l. Jenna film s. 896 3785.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Frábær líðan.. Alveg síðan.. HERBALIFE www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Viltu léttast? Auka orku? ShapeWorks er lausnin. www.321.is s. 577 2777.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun**
Alhliða styrktaræfingar og lífsstílsbreyting, aðhald, brennsla, mælingar og mataræði Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

## Fæðubótarefni



Vantar dreifingaraðilar um allt land. Loksins á Íslandi. Alkamin Coral kalsíum Heilsuefni hafsins. Gigt, Exem, Síþreyta, Beinþynning, Úthaldsleysi, Ofnæmi og veikt ónæmiskerfi líkamans? Kynnið ykkur efnin og reynslusögurnar á: www.simnet.is/heilsukorall S. 568 2049 & 659 2049.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

## Nudd

Nuddbekkur til sölu, 70 cm breiður, með tösku. S. 863 0180. Nálastungur Íslands ehf.

**Nudd og heilun**
Tek fólk í nudd og heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

## Snyrting




## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator
Microsoft nám á hagstæðu verði MCP Windows XP á 69.900, MCSA 270 st. á aðeins 209.900. Hefst 7. feb. MCDST á 119.900. Hefst 8. feb. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

TÓNLEIKAR

# Klassískt og skemmtilegt

Tveir ungir sellóleikarar leika einleik á hinum árlegu tónleikum strengjasveitar Listaháskóla Íslands, sem haldnir verða í Neskirkju á morgun.

Þær Júlía Mogensen og Guðný Jónsdóttir eru báðar á öðru ári við strengjadeild Listaháskólans. Þær leika einleik í konsert í g-moll fyrir tvö selló og strengjasveit eftir Vivaldi.

„Þetta er ekkert óskaplega erfitt verk, mjög klassískt og skemmtilegt en ekkert of oft spilað,“ segir Júlía, sem byrjaði ung að læra á sellóið, eins og Guðný gerði reyndar líka.

„Ég byrjaði sjö eða átta ára að spila á selló ég en Guðný var aðeins yngri, sex ára held ég.“

Þær ætla báðar sem skiptinemar út fyrir landsteinana næsta haust. Júlía fer til London en Guðný til Berlínar.

Á tónleikunum flytur strengjasveitin einnig Brandenborgarkonsert númer 5 eftir Johann Sebastian Bach. Í þessu verki bætist sveitinni heldur betur liðsauki því þær Sif Tulinius fiðluleikari, Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari leika einleik í þessu verki. Þær léku einnig einleik í þessu sama verki þegar það var flutt af KaSa-hópnum á tónleikum í Salnum í Kópavogi skömmu fyrir jólin.

Þriðja og síðasta verkið á efnisskránni verður Adagietto fyrir hörpu og strengi eftir Gustav Mahler þar sem Elísabet Waage sér um einleikinn á hörpuna. Verkið er fjórði kaflinn úr fimmtu sinfóníu Mahlers, en er oft flutt eitt og sér og þykir einstaklega hrífandi.

Stjórnandi á þessum tónleikum er Gunnar Kvaran sellóleikari. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. ■



**GUNNAR KVARAN** Stjórnar strengjasveit Listaháskóla Íslands í Neskirkju í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR** Ætlar að miðla af fróðleik sínum á námskeiði um menningarheim araba.

# Arabar og heimur þeirra

Jóhanna Kristjónsdóttir heldur námskeiðið Um menningarheim araba hjá Mími símennt og byrjar það fimmtudaginn 20. janúar. Þetta er fimm kvölda námskeið og hafa þau notið mikilla vinsælda.

Í fyrsta tímanum er rætt um islam og sögð saga Múhammeðs spámanns. Í næsta tíma er fjallað um konur í hinum ýmsu löndum araba og leitast við að skýra stöðu þeirra. Ekki hvað síst er rætt um menntun kvenna og klæðnað en þessi tvö atriði eru meðal þess sem vefst fyrir mörgum. Í þriðja tíma eru rædd menningartengd efni og byrjað á nútímasögunni þegar Ísraelsríki er stofnað og þær afleiðingar sem það hefur haft á svæðinu.

Í fjórða tíma er haldið áfram með söguna og þá er þátttakendum einnig boðið upp á arabískan mat. Í fimmta og síðasta tímanum er rætt um Íraksstríðin.

Námskeiðið er haldið í fyrra fallinu núna þar sem Jóhanna er á förum til Írans síðari hluta febrúar. ■



**STÓRA HÖLLIN** Grand Palais-safnið í París hefur verið lokað síðan 1993. Stefnt er að því að opna það að nýju fyrir almenning á næsta ári.




# Einmenningskynlíf á bláþráðum



**Klám hefur fylgt tölvuleikjum frá upphafi. Fyrst í stað var um kubbalegt kynlíf að ræða en með aflmeiri tölvum og betri grafík hefur reynst auðveldara að skapa sýndarveruleikakynlíf sem gætið hrifið fólk með sér. Franz Gunnarsson lítur hér yfir sögu tölvuleikjakynlífsins.**

Kynlíf verður æ fyrirferðarmeira í nútíma skemmtanaiðnaði. Hvort sem menn leita afþreyingar í kvikmyndum, sjónvarpi, tónlistarmyndböndum, tímaritum, leikhúsum eða tölvunni heima, er alls staðar reynt að höfða til neytendans með beru holdi og vafasömum kynlífstilburðum.

Íþróttaiðnaðurinn er síst undanskilinn þessum áróðri því heilsíðuauglýsingar og heimasíður með hálfberum íþróttamönnum hafa náð góðri fótfestu í fjölmiðlamenningu nútímans. Kynlíf hefur fylgt tölvuleikjum frá upphafi og nú, með enn betri tækni, er auðveldasti hlutur í heimi að fullnægja einni af frumhvötum mannskepnunnar með sýndarveruleika.

### Kubbalegt sex

Þegar tölvuleikir komu fyrst á markað var vélbúnaður til að keyra leikina og svo kunnáttan að búa þá til af skornum skammti. Það stoppaði samt ekki frumkvöðla leikjaiðnaðarins að bjóða upp á kynlífstilburði í leikjum. Þó svo að grafíkin væri svo og samansettir legokubbar, sem frekar líktust karakterum úr leikjum í stað raunverulegra manneskja, gerði innihaldið leikina afar umdeilda. Margir álitu sem svo að tölvunördar væru einna helst að setja kynlíf í leiki sína til að þjóna eigin kynhvöt, en veruleikinn sýndi að markaðurinn fúlsaði ekki við leikjum sem þessum og tók kynlífstilburðum í tölvuleikjum opnum örmum.

### Kynlífsleikir fyrir karla

Í tölvuleiknum *Custers Revenge*, sem var einn af fyrstu klámtölvuleikjunum, er markmið leikmannsins að stjórna Custer hershöfðingja, forða honum frá fljúgandi indíánaörvum, og nauðga indíánastúlkum sem eru fastar við tréstólpa. Leikur þessi olli miklu fjaðrafoki meðal frumbyggja í Bandaríkjunum þar sem fyrirlitning gagnvart þeim þótti algjör og fáar verslanir vildu selja leikinn.



*Strip Poker* rataði snemma í heimilistölvur og veitti þúsundum tölvunotenda ánægju þegar misfallegar meyjar fækkuðu fötum ef góð spil féllu í hendi spilarans. Einn sá vinsælasti var *Samantha Fox Strip Poker* en margir muna eftir hinni brjóstgóðu söngstjörnu frá níunda áratugnum þar sem hún prýddi plaköt og dagatöl berbrjósta. Macintosh-tölvan hafði svo á sínum snærum forritið *MacPlaymate* þar sem kvenkyns tölvukarakter lá og stundi munúðarlega meðan spilarinn gældi við hana með músinni og öðrum tiltækum hjálpartækjum.



### Game Over

Þar sem meirihluti tölvunotenda á þessum bernskuárum tölvunnar voru karlmenn, var ekki gert ráð fyrir karlkyns útgáfu af *MacPlaymate*. Skömmu seinna birtist *Larry Lafater*, tölvuleikjafígúra með aðeins eitt takmark; að fá sér á broddinn. Táningspiltar hópum saman og um allan heim urðu samferða Larry í krossferðinni og lærðu snemma í leiknum að noti maður ekki smokk er allt eins víst að maður verði kynsjúkdómum að bráð. Umræddur Larry fór á kvennafar í alls sjö leikjum frá 1987 til 1996, og enn er Larry kallinn kominn á kreik í nýjum kynlífsævintýraleik: *Leisure Suit Larry Magna Cum Laude.*

Hlutverkaleikir hafa ávallt verið vinsælir en fengu nýtt líf í tölvuheiminum snemma á níunda áratugnum. *Ultima*-leikirnir stóðu upp úr hinni ljósbláu tegund tölvuleikja og voru merkilegir fyrir þær sakir að spilaranum gafst kostur á sælustund með báðum kynjum á baðstofu í bænum Buccaneer's Den í landinu Britannia. Samkynhneigðir eignuðust þar með sinn fyrsta kynlífsleik.

Nokkrum árum síðar kom á markað fyrsti lesbíu-tölvuleikurinn *Fear Effect 2: Retro Helix*. En síðan allir þessir leikir komu á markað hafa fáir gert eins mikinn usla og *Grand Theft Auto*-serían þar sem ofbeldi og kynlíf helst hressilega í hendur.

| Titill | Útgáfuár | Framleiðandi |
|---|---|---|
| Custer's Revenge | 1982 | Mysticue |
| Strip Poker | 1983 | Artworx |
| Soft Porn | 1983 | Chuck Benson |
| Samantha Fox Strip Poker | 1986 | Martech |
| McPlaymate | 1986 | Mike Saenz |
| Leasure Suit Larry | 1987 | Sierra |
| Golgo 13: Top Secret Episode | 1988 | Vic Tokai |
| Golgo 13: The Mafat Conspiracy | 1990 | Vic Tokai |
| Rise Of The Dragon | 1992 | Dynamix |
| Ultima 7 The Black Gate | 1992 | Origin Systems |
| Lula: The Sexy Empire | 1998 | CDV Software Ent. |
| Planescape Torment | 1999 | Black Isle Studios |
| The Sims | 2000 | Maxis |
| Erotica Island | 2000 | Flare Media |
| Fear Effect 2 | 2001 | Kronos Digital Ent. |
| BMX XXX | 2002 | Z-Axis |
| GTA: Vice City | 2003 | Rockstar North |
| Singles: Flirt Up Your Life | 2004 | Robobee |









Aðeins útgefnir leikir eru hér að ofan. Java-leikir tengdir klámi eru ekki teknir fyrir en þeir eru fáanlegir í þúsundatali á netinu. Einnig eru ekki tekin fyrir kynlífsforrit á borð við Red Light District og tölvugert klám hvort sem það er japanskt eða Bandarískt.

### Skaðleg áhrif

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum kynlífs í tölvuleikjum á fólk. Skiptar skoðanir eru á því hvort tölvuleikir hafi áhrif en margir vilja meina að saklaus ungmenni séu berskjölduð fyrir áhrifum þeirra. Máli sínu til stuðnings benda þeir á að ofbeldi í tölvuleikjum geti hafi áhrif á spilarana. Má þar meðal annars nefna mál sem kom upp í Bandaríkjunum fyrir skömmu þar sem tólf ára drengur myrti besta vin sinn og jafnaldra á hrottalegan hátt – á sama hátt og hann hafði gert í tölvuleik.

Í velflestum tölvuleikjum fær spilarinn þó hvorki að sjá né stjórna kynlífsverknaðinum í hverslags mynd sem hann birtist. Oftast líkjast ástaratlot í tölvuleikjum mildum ástarsenum í kvikmyndum – ritskoðað og að því virðist saklaust. Í einstaka leikjum er þó hægt að stjórna ferðinni og þá er hægt að fara vel yfir öll velsæmismörk.

Þrátt fyrir ljósblátt innihald eru leikir með kynlífstilburðum ávallt bannaðir börnum og því á valdi foreldra og endursöluaðila að gæta þess að börn komist ekki í þann efnivið.

### Soralifnaður á netinu

Frá upphafi var klámiðnaðurinn fljótur að tileinka sér dreifingu efnis á netinu og því í góðri aðstöðu til að metta markaðinn með nýjum leiðum. Netið auðveldar fólki að tengjast öðrum manneskjum. Þannig virkar til dæmis íslenski tölvuleikurinn *Eve Online* þar sem þúsundir spilara tengjast einum heimi og spila saman á netinu.

Gott dæmi um kynlífsforrit þar sem fólk hvarvetna í heiminum tekur þátt er *Red Light District*. Fólk í leit að kynlífi getur þannig tengst netinu og komist í samband við raunverulegt fólk, annað hvort í netspjalli með hljóði og mynd, eða þá hreinlega með raunverulegu stefnumóti.

Áhugi fyrir þess háttar starfsemi fer vaxandi og nú framleiða æ fleiri fyrirtæki efni sem inniheldur sýndarveruleikakynlíf. Vefmyndavélar og heyrnartól með hljóðnema eru tól sem nýtast í tölvuklámiðnaðinum.

Þá hafa samfaraforrit verið að sækja á brattann með góðri markaðshlutdeild en þar stýrir notandinn þrívíddarkarakter í samförum við föngulegar meyjar. Sumir hafa kallað þessa leiki kennsluforrit í unaðsleikjum ástarlífsins en þeir eru í raun ekkert annað en tölvuklám. Japanar gera mikið af teiknimyndaklámi og hafa kynlífsleiki með karakterum úr þeirra teiknimyndum náð talsvert mikilli fótfestu á Vesturlöndum.



### Framtíðin

Sýndarveruleiki er til staðar og nóg er framboðið, þótt sú tegund tölvuleikja hafi ekki náð að festa sig í sessi á fjöldamörkuðum sökum mikils kostnaðar við gerð þeirra. Á endanum verður tæknin þó orðin aðgengileg notendum og kaupvænni. Bandaríski herinn hefur til dæmis þróað fullkominn sýndarveruleika til að þjálfa hermenn sína í mismunandi bardagaumhverfi. Þegar tæknin verður viðráðanlegri má búast við úrvali sýndarveruleikatölvuleikja sem bjóða fyrst og fremst upp á kynlíf, eða þá hreinlega forrit og búnað sem fullnægja frumhvötum notandans á netinu.

Þessar nýju leiðir munu eflaust vekja upp umræðu hjá þeim sem berjast gegn þessari tegund klámvæðingar en aðrir munu eflaust fagna þessum nýjungum, borga fyrir þær með glöðu geði og þannig viðhalda kynlífsmenningu á netinu um ókomin ár. ■

KOLAPORTIÐ
20% 30% 50%
ÚTSALA
20% 30% 50%
á mörgum vörum
opið um helgina fá kl. 11-17



Nicotinell®

# Og fjallið það öskrar

**Á morgun, sunnudag, eru tíu ár liðin frá því að snjóflóð féllu á Súðavík í Álftafirði. Þau hrifu með sér fjórtán mannslíf, gereyddu mörgum híbýlum og öðrum eigum fólks og skildu eftir sig sár sem aldrei gróa. Björn Þór Sigbjörnsson blaðamaður og Pjetur Sigurðsson ljósmyndari heimsóttu Súðavík í vikunni.**




FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KOMIÐ INN Í LITLA ÞORPIÐ VIÐ ÁLFTAFJÖRÐINN** Gamla byggðin blasir við og yfir gnæfir fjallið Kofri. Snjókoman á dögunum var sú mesta í tíu ár.

Það var dimmt yfir Álftafirði fyrri part viku. Kalt í veðri og strekkingsvindur. Alhvítur snjórinn hafði ekki aðeins lagst af þunga yfir byggðina heldur líka á sálir fólksins. Það minntist hamfaranna ógurlegu 1995. Hafði ekki séð annan eins snjó síðan þá.

Og ekki var nóg með að erfiðar hugsanir leituðu á fólk vegna veðursins, náttúran lét finna áþreifanlega fyrir sér. Snjóflóð féllu og tepptu vegi og Súðavík var símasambandslaus í nærri hálfan sólarhring.

Sigríður Rannveig Jónsdóttir, sem missti eins árs dóttur sína og tengdaforeldra fyrir tíu árum, ók fram á flóð sem fallið hafði á veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur seinni part mánudags. Hún var á leið heim frá Ísafirði þar sem hún vinnur. Vanlíðanin steyptist yfir hana og hún stífnaði undir stýri. Hélt reyndar að hún myndi ekki lifa þetta af.

Vegagerðin var snör á vettvang, ruddi flóðinu frá og hleypti bílum sem biðu í gegn. Veginum var svo lokað og hann ekki opnaður aftur fyrr en morguninn eftir.

Um sama leyti og Sigríður Rannveg kom að flóðinu frá Ísafirði óku blaðamaður og ljósmyndari að því Súðavíkurmegin. Snjórinn sem áður hafði hvílt í fjallinu en ruddi sér braut niður hlíðina skildi fólkið að sem ætlaði að hittast morguninn eftir.

Óttinn við að fleiri flóð myndu falla, hugsunin um að liggja undir snjófarginu, jafnvel hafa sveipast með því í sjó fram, leitaði á huga þeirra sem komu að.

### Óveðursskýin hrannast upp

Óvenjudjúp lægð kom upp að landinu að morgni sunnudagsins 15. janúar 1995 og gekk norður með austurströndinni. Vindurinn var gríðarlegur og til marks um það hafði vindhraði ekki áður mælst jafn mikill á Hveravöllum og þennan dag. Um leið var fannfergið ógurlegt.

Vindurinn sneri sér úr austri í norðvestan og skilyrði urðu öll hin fátíðustu. Snjór safnaðist upp í fjallshlíðarnar ofan Súðavíkur sem aldrei fyrr.

Um þetta voru sérfræðingar Veðurstofunnar og heimamenn í Súðavík meðvitaðir. Snjóflóðahætta vofði yfir staðnum og afráðið var að gera fólki í tilteknum húsum að yfirgefa þau. Við þá ákvörðun var stuðst við þá þekkingu og reynslu sem menn höfðu af þeim snjóflóðum sem fallið höfðu úr Súðavíkurhlíð, Traðargili og Sauradal, þekktum farvegum snjóflóða í Álftafirði.

Heimildir voru til um snjóflóð sem fallið höfðu ofan byggðarinnar í Súðavík allt frá árinu 1884. Árið 1973 féll flóð úr Traðargili og braut hlöðu. Árið 1983 féll flóð úr Súðavíkurhlíð sem hafnaði á fjárhúsi. 50 fjár drápust. Í desember 1994 féll flóð úr Traðargili á bæinn Saura. Einn maður var inni, andyra og bjargaðist talsvert þrekaður. Íbúðarhúsið og tvö fjárhús eyðilögðust og fimm kindur drápust.

### Hið ótrúlega gerðist

Það snjóaði allan sunnudaginn fyrir áratug og vindurinn blés af kappi. Þegar vindáttin breyttist um kvöldið vofði hættan yfir. Sveitarstjórinn í Súðavík var í símasambandi við sýslumann og sérfræðinga á Veðurstofunni og að ganga tvö um nóttina var orðið ljóst að mikil hætta var á flóði.

Hús voru rýmd þar sem hættan var talin mest. Það var undan Traðargili, á þeim slóðum sem flóð hafði fallið tæpum mánuði áður.

Atburðir þeir sem síðar urðu kenna mönnum að aldrei er of varlega farið. Sagan má sín lítils þegar óblíð náttúran er annars vegar.

Þegar klukkan var sautján mínútur gengin í sjö að morgni mánudagsins 16. janúar 1995 féll gríðarlegt snjóflóð úr Súðavíkurhlíð. Flóðið ruddi sér braut yfir 16 íbúðarhús. Í þeim voru alls 48 manns. 22 sluppu ómeiddir, 12 slösuðust. 14 létust.

Um kvöldið féll annað flóð, að þessu sinni úr Traðargili, og ruddist yfir þrjú hús. Enginn var innandyra.

Snjóflóð höfðu áður fallið niður báða farvegina; bæði úr Súðavíkurhlíð og Traðargili. Þau höfðu aldrei náð jafn langt, aldrei verið jafn ógurleg. Aldrei hrifið með sér mannslíf.

### Leit og björgun hefjast

Björgunarstörf hófust þegar í stað og voru unnin af heimamönnum einum fyrstu klukkustundirnar þar sem óveðrið teppti samgöngur til Súðavíkur. Skyggnið var lítið og aðstæður allar hinar verstu.

Miðstöð björgunarstarfs og aðhlynningar slasaðra var komið upp í frystihúsinu og þaðan var aðgerðum stjórnað.

Ástandið var skelfilegt. Margra var saknað og margir voru alvarlega slasaðir. Flestir voru klæðalitlir enda undir hlýjum sængum þegar flóðið kom.

Aðhlynning slasaðra var erfið og Sigríður Hrönn Elíasdóttir, sem var sveitarstjóri í Súðavík veturinn 1995, minnir á það í viðtali við Fréttablaðið í dag að hvorki var læknir né hjúkrunarfræðingur á staðnum. Ekki heldur Rauðakrossdeild.

Heimamenn sinntu öllu leitar- og hjálparstarfi fyrstu klukkustundirnar en klukkan tíu um morguninn lagðist Fagranesið að bryggju með á fimmta tug björgunarsveitarmanna, lækna og hjúkrunarfræðinga. Að auki voru fjórir leitarhundar með í för sem skiptu sköpum við björgunarstörfin.

„Heimamenn voru uppgefnir. Þeir höfðu verið úti í kolvitlausu veðri og það þurfti að skipta og koma skipulagi á hlutina. Allir höfðu verið á útopnu,“ segir Sigríður Hrönn.

### Atburðirnir spyrjast út

Fréttir af snjóflóðinu í Súðavík tóku að berast milli manna víðs vegar um land fljótlega eftir að það féll. Tíðindin bárust símleiðis fyrstu klukkustundirnar því Almannavarnanefndin vestra meinaði fréttaflutning fjölmiðla af atburðunum þar til klukkan hálf ellefu. Voru þá rúmar fjórar klukkustundir liðnar frá því flóðið féll. Engu að síður var það á margra vitorði og erlendar fréttastofur höfðu meira að segja haft spurnir af hörmungunum.

Tíðindin höfðu meðal annars borist út á sjó og til eyrna áhafnarinnar á togaranum Bessa. Þar um borð voru meðal annarra Súðvíkingarnir Hafsteinn Númason og Ómar Már Jónsson.

Fyrstu upplýsingar voru óljósar og misvísandi.

Um tíma héldu þeir að um lítið flóð væri að ræða en síðar skildist þeim að enn stærri hluti byggðarinnar hefði farið undir en raunin var.

Báðir áttu Hafsteinn og Ómar fólk í Súðavík; Hafsteinn eiginkonu og þrjú lítil börn og Ómar foreldra, systur og hennar fjölskyldu. Börn Hafsteins og konu hans létust, systurdóttir Ómars lést.

Átta af þeim fjórtán sem létust í snjóflóðunum í Súðavík voru börn.

### Leitað í 36 tíma

Ekkert lát var á óveðrinu. Áfram var leitað af kappi í snjófarginu og rústum húsa. Liðsauki bættist leitarmönnum með fleiri skipum og íbúar Súðavíkur voru fluttir sjóleiðina til Ísafjarðar.

Fyrst eftir að flóðið féll fundust fjórir á lífi. Fyrri part mánudagsins fundust ellefu, þar af fimm látnir. Á mánudagskvöldinu fundust fjórir. Þrír voru látnir en fjórtán ára stúlka var á lífi. Hún hafði legið undir snjónum í sextán klukkustundir. Aðfaranótt þriðjudagsins fannst einn látinn en undir morgun gerðist nokkuð sem margir töldu kraftaverk. Tíu ára piltur fannst á lífi. Hann hafði þá verið í snjónum í 23 klukkustundir. Á þriðjudeginum fundust þeir fimm síðustu sem saknað var, allir látnir.

Leit stóð linnulaust í einn og hálfan sólarhring frá því að flóðið féll og þar til yfir lauk. Á þriðja hundrað manns kom að leit og björgun og vann við gríðarlega erfiðar aðstæður; í aftakaveðri, rafmagnsleysi og með hættuna á frekari snjóflóðum yfir höfði sér.

### Ný Súðavík rís

Loks rofaði til. Fólk reyndi að ná áttum en gekk misjafnlega. Áfallið var skelfilegra en orð fá lýst.

Við tók óvissa um framtíð byggðar í Súðavík, óvissa um hagi fjölda fjölskyldna, óvissa um lífið í kjölfar hamfaranna og þess sára missis sem svo margir urðu fyrir.

Þjóðin fylgdist með og reyndi að leggja sitt af mörkum. Afráðið var að flytja byggðina í Súðavík innar í fjörðinn og reisa þar nýtt þorp. Þeir sem vit hafa á og að komu segja þann gjörning þrekvirki. Slíkt hafði aldrei verið gert og verður sjálfsagt aldrei gert aftur.

Áfram stendur gamla byggðin og þar er dvalið í hverju húsi yfir sumarmánuðina. Í gömlu byggðinni miðri stendur minningarreitur um þá sem fórust og verður hann vígður í sumar, þegar grasið er grænt.

*Fyrirsögnin er fengin úr lagi Bubba Morthens, Með vindinum kemur kvíðinn.*

ÚTSALA
10%-50%
AFSLÁTTUR
Opið til 16 í dag
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 • HAFNARFIRÐI • SÍMI 565 4100

# Allir gerðu miklu meira en þeir gátu

**Sigríður Hrönn Elíasdóttir var sveitarstjóri í Súðavík þegar snjóflóðin féllu 1995. Áður hafði hún, í samráði við sýslumann og sérfræðinga Veðurstofunnar, látið rýma nokkur hús í þorpinu enda vofði snjóflóðahættan yfir. Það dugði ekki til. Flóðið féll annars staðar en reiknað var með og varð stærra og ógurlegra en áður hafði sést í Álftafirði.**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SIGRÍÐUR HRÖNN ELÍASDÓTTIR, FYRRVERANDI SVEITARSTJÓRI, VIÐ KROSSINN Í MINNINGARREITNUM SEM VERÐUR VÍGÐUR Í SUMAR** „Við fundum einstaklega vel fyrir hlýhug samfélagsins og þetta hefði aldrei gengið öðruvísi. Við fengum hjálp frá ríkinu, almenningi, félagasamtökum, frá útlöndum, heilbrigðisstéttinni, bara alls staðar. Þessi aðstoð var ómetanleg.“

Sigríður Hrönn leið segir blaðamanni og ljósmyndara um gömlu byggðina í Súðavík og sýnir hvar áður stóðu hús sem ýmist lentu undir flóðinu eða voru flutt í nýju byggðina. Hún þekkir svæðið vel enda hefur hún búið í Súðavík bróðurpart ævinnar. Snjóflóðin og það sem þeim fylgdi reyndu mjög á hana en hún hugsar ekki mikið um atburðina. Ekki lengur. „Ég get ekki sagt að ég hugsi oft um þetta. En þetta er alltaf í undirmeðvitundinni. Mér og fleirum hefur tekist að vinna úr þessum málum en öðruvísi kemst fólk ekki í gegnum lífið. Við þurfum að taka því sem að höndum ber og vinna úr því. Sama hver áföllin eru.“

Og vitaskuld man hún glögglega hversu mikið hörmungarnar reyndu á hana. „Þetta tók mjög mikið á mig. Ég hef aldrei, hvorki fyrr né síðar, þurft að vaka í tvo eða þrjá sólarhringa og vera með allt á útopnu. Og þetta tók ekki bara á mig, allir gerðu miklu meira en þeir gátu. Þannig var ástandið.“

Sigríður Hrönn rifjar upp hvernig aðstæður voru í þorpinu þegar flóðið féll. Veðrið var vitlaust, vegir tepptir og sjóleiðin torsótt. „Hér var björgunarsveit skipuð heimamönnum. Svo var bara sveitarfélagið. Það var ekki Rauðakrossdeild, við vorum ekki með lækni og ekki hjúkrunarfræðing. Þannig var staðan hjá okkur. Við notuðum bara það sem við höfðum og fengum síðan aðstoð með skipi rétt fyrir tíu um morguninn. Heimamenn voru uppgefnir. Þeir höfðu verið úti í kolvitlausu veðri og það þurfti að skipta og koma skipulagi á hlutina. Allir höfðu verið á útopnu.“

**Unnið samkvæmt hættumati**

Þegar atburðir á borð við Súðavíkursnjóflóðin eiga sér stað skoða menn auðvitað hvort rétt var að málum staðið. Spurningar um frekari rýmingu húsa og jafnvel hvort þegar hefði átt að vera búið að færa byggðina undan hlíðinni skutu upp kollinum. Sigríður Hrönn segir að enginn hafi haft hugmyndaflug til að ráðast í slíkar framkvæmdir þó öllum hafi fundist það sjálfsagt eftir að flóðin féllu. „Unnið var eftir gildandi hættumati, sem var fárra missera gamalt. Ég held að engum hafi dottið í hug að það þyrfti að rýma þar sem flóðið féll, hvað þá að flytja byggðina. En síðan eru komnar allt aðrar upplýsingar. Menn nota tölvuforrit til útreikninga og forsendur hafa gjörbreyst, ekki bara hér heldur um allt land. Þar sem eru fjallshlíðar og snjór, þar getur allt gerst.“

Sigríður Hrönn bendir á að margt hafi lærst á þeim tíu árum sem liðin eru og þannig sé það alltaf. „Við lærum í lífinu.“

Hún minnist líka aðstoðarinnar sem Súðvíkingar nutu í kjölfar hamfaranna. „Við fundum einstaklega vel fyrir hlýhug samfélagsins og þetta hefði aldrei gengið öðruvísi. Við fengum hjálp frá ríkinu, almenningi, félagasamtökum, frá útlöndum, heilbrigðisstéttinni, bara alls staðar. Þessi aðstoð var ómetanleg.“

**Sálræna aðstoðin skipti sköpum**

Sigríði Hrönn finnst sem Súðvíkingum hafi flestum tekist að vinna sig út úr sorginni sem skall svo harkalega á þessu litla samfélagi fyrir áratug. „Ég held að fólk hafi tekið á öllu sem hefur komið upp á og unnið úr því. Þetta hefur gengið skref fyrir skref, ekki með stórum stökkum.
Fólk hefur haldið áfram að lifa og tekið því sem að höndum hefur borið af æðruleysi. Samheldnin er mikil og fólk hefur stutt hvert annað.“

Níu mánuðum eftir snjóflóðin í Súðavík féll gríðarlegt snjóflóð á Flateyri og hreif með sér tuttugu mannslíf. Sárar minningar Súðvíkinganna helltust yfir. „Þá áttu margir Súðvíkingar erfitt.

Snjóflóðið hér rifjaðist upp og allt var þetta svo ofarlega í hugsuninni. En fólk hefur lent í áföllum hér í gegnum tíðina. Hér fórust skip og menn misstu sína nánustu. Þá var ekki þessi sálræna aðstoð sem fólk fékk 1995. Við sjáum það líka í kjölfar flóðanna í Asíu að sérfræðingar segja að fólk eigi að sýna tilfinningar til að geta unnið úr sínum málum. Fyrir 20 til 30 árum átti fólk að harka af sér.

Þetta er allt svo gjörbreytt. Ég held að þessi aðstoð hafi gert það að verkum að fólk hefur getað unnið úr þessu, orðið eðlilegar manneskjur aftur og lifað eðlilegu lífi.“ ➲





FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÓMAR MÁR JÓNSSON SVEITARSTJÓRI MEÐ NÝJU SÚÐAVÍK Í BAKSÝN** „Samhugurinn, samheldnin og þátttaka þjóðarinnar og fólks utan landsteinanna við uppbygginguna og aðstoð við þá sem misstu, allt er þetta ómetanlegt. Það var til dæmis athyglisvert og þakkarvert þegar fyrstu íbúarnir voru fluttir héðan til Ísafjarðar eftir flóðið að þá stóðu þeim allar dyr opnar.“

## Á morgun

Í Fréttablaðinu á morgun birtast viðtöl við Sigríði Rannveigu Jónsdóttur og Hafstein Númason sem bæði misstu börn í snjóflóðunum fyrir tíu árum. Einnig verður rætt við Lindu Rut Ásgeirsdóttur, dóttur Rannveigar, sem var fimm ára þegar flóðið féll. Hún lá undir farginu í fimm klukkustundir áður en hundurinn Hnota fann hana.

# Tíminn læknar ekki öll sár

Súðvíkingurinn Ómar Már Jónsson hefur verið sveitarstjóri Súðavíkurhrepps í rúm tvö ár. Hann var skipverji á Bessanum þegar flóðin féllu fyrir áratug. Ómar er bjartsýnn á framtíð Súðavíkur og segir stemninguna einstaka, sérstaklega yfir sumartímann, þegar íbúafjöldinn margfaldast. Gamla byggðin iðar þá af lífi og fjöri.

Gott útsýni er yfir Álftafjörðinn af skrifstofu sveitarstjóra Súðavíkurhrepps sem er á efri hæð þjónustuhússins við Grundarstræti. Þar eru að auki pósturinn, sparisjóðurinn, heilsugæslusel og verslunin, sem sagt allt til alls. Og líkt og útsýnið er hljóðið í sveitarstjóranum gott. Helsta vandamálið sem hann glímir við þessi dægrin er húsnæðisskortur. Færri búa í Súðavík en vilja. En það stendur allt til bóta, í bígerð er að reisa tvö hús í fyrsta kastinu og uppi eru hugmyndir um að veita fólki styrki til húsbygginga.

Það stendur líka til að reisa atvinnuhúsnæði á Langeyrinni, rétt innan við byggðina. Krafturinn einkennir Súðvíkinga.

Ómar Már stýrir rekstri sveitarfélagsins af festu og gerir ráð fyrir að í lok árs verði níu milljóna króna afgangur. Hann talar tæpitungulaust um framtíðina, alveg eins og fortíðina.

Fyrir tíu árum var hann um borð í Bessa ÍS 410. Skipið var að koma af veiðum og ætlaði að sigla inn í höfnina í Súðavík eins og það hafði svo oft áður gert. Nú brá hins vegar svo við að veðurofsinn var slíkur að það var ekki hægt.

### Óljósar fréttir í byrjun

„Það er eftirminnilegt hvað veðrið var svakalegt. Þrýstingurinn var svo mikill að við fengum hellu fyrir eyrun og þetta stóra skip hallaðist mjög undan vindinum,“ segir Ómar Már þegar hann hugsar til baka. „Svo fengum við fregnir af því að snjóflóð hefði fallið. Fyrstu fréttir voru mjög óljósar og á reiki hvert umfang þess hefði verið. Fyrst var talað um að það hefði verið lítið og farið inn um glugga eða brotið hurð. Svo þegar þetta skýrðist betur fóru fréttirnar alveg á hinn endann og þá töldum við um tíma að mun stærri hluti byggðarinnar hefði farið undir flóð heldur en raunin var.“

Í landi voru foreldrar Ómars, systir hans og hennar fjölskylda. Kona hans og börn voru hins vegar á Ísafirði.

„Við fregnuðum að flóðið hefði fallið á Túngötuna en fyrir miðri Túngötunni bjuggu foreldrar mínir og um 100 metrum utar í götunni bjuggu systir mín og fjölskylda hennar. Um tíma hélt ég að þau væru öll farin, en rétt áður en við komumst í land fékk ég fréttir af því að foreldrar mínir hefðu sloppið við flóðið, en systir mín og fjölskylda hennar hefðu lent í flóðinu og að systir mín ein væri fundin.“

### Stórt skarð blasir við

Með Ómari um borð í Bessanum var Hafsteinn Númason, sem átti fjölskyldu í Súðavík, eiginkonu og þrjú börn. „Við Hafsteinn fundum hjá okkur mikla þörf fyrir að komast í land. Við gátum ekki lagst að vegna veðurofsans og meðan við biðum eftir að komast í land reyndum við að lýsa upp með ljóskösturum þann stað sem við töldum að snjóflóðið hefði fallið á í þeirri von að við gætum hjálpað leitarmönnum eitthvað. Um ellefuleytið fórum við svo á tuðru yfir í Haffarann, sem var minni en Bessinn og gat hann komið okkur í land.“

Þegar upp á höfnina kom var enn mikið hvassviðri, él og dimmt, en þegar þeir voru lagðir af stað gangandi upp hafnarkantinn rofaði aðeins til og þá sáu þeir hvað hafði gerst. „Það var stórt skarð í byggðinni og þá fyrst gerði ég mér almennilega grein fyrir því hvað tjónið var gríðarlegt.“

Ómar byrjaði á að sannreyna að foreldrar hans, systir og hennar fjölskylda væru heil á húfi. „Þá kom í ljós að hús systur minnar og fjölskyldu hefði orðið undir flóðinu, systir mín og maðurinn hennar voru fundin en voru slösuð en dætur þeirra tvær voru ófundnar.“ Stuttu eftir að hann kom í land fannst eldri dóttirin, Linda Rut, en sú yngri, Hrafnhildur Kristín, fannst látin talsvert síðar.

Seinna um daginn fór Ómar með Fagranesinu til Ísafjarðar en næstu daga tók hann þátt í flutningum á milli staðanna. „Svo þegar fór að rofa til í þessu öllu saman fór ég að grafa upp úr grunnunum sem var mikið vandaverk, því þá skipti miklu máli að bjarga því sem bjargað varð. Þegar allt er farið eins og þarna gerðist öðlast margir hlutir nýtt gildi og verða hlutir eins og ljósmyndir og myndbandsupptökur afskaplega dýrmætir.“

### Felldi ekki tár

Ómar man atburðarásina ágætlega enda situr hún fast í honum eins og flestum sem upplifðu hörmungarnar með einhverjum hætti. Hann hélt hins vegar aftur af tilfinningunum á sínum tíma. „Ég var mjög kaldur gagnvart þessu og og sýndi engar tilfinningar, felldi ekki eitt einasta tár meðan á þessu stóð. Mér fannst ég líka hafa verið lánsamur og fannst að veita ætti þeim sem misstu, alla þá aðstoð og hjálp sem möguleg var. Að þeim ætti að einbeita sér. Það var ekki fyrr en einu og hálfu ári síðar, þegar ég var búsettur í Reykjavík og kom í heimsókn til Súðavíkur, sem ég gekk í gegnum það sem ég þurfti og reyndi að gera þetta upp eins og hægt var. Áfallahjálp var veitt á staðnum, strax eftir flóðið og eitthvað þar á eftir og þeir sem veittu hana gerðu það eftir bestu getu en þá var áfallahjálp nokkuð ný fyrir fólki og á margan hátt verið að þreifa sig áfram í þeim efnum.“

Ómar segir ljóst að myndu sambærilegir atburðir gerast í dag yrði brugðist öðruvísi við og áfallahjálp beitt með öðrum hætti en þá var gert. „Til dæmis hefði mátt fylgja þeim sem misstu hvað mest mun betur og lengur eftir en gert var.“

Ómar sveitarstjóri þekkir sitt fólk og veit sem er að atburðirnir og missirinn í janúar 1995 munu alltaf hvíla á sálum Súðvíkinga og þeirra sem misstu. „Tíminn læknar ekki öll sár og þeirra sem fórust er saknað. Ég tel þó að langflestir geri sér grein fyrir mikilvægi þess að geta lifað lífinu áfram, lífið heldur áfram og það er mikilvægt að gera það besta úr því. Engin veit ævi sína fyrr en öll er, eins og náttúruöflin minntu okkur illilega á þennan örlagaríka morgun.

Maður heyrir um vanlíðan margra þegar mannskæðar náttúruhamfarir verða eins og nú í Asíu og einnig geta komið erfiðir tímar, eins og í óveðrinu hér um daginn.“

### Margt ber að þakka

Nú, þegar tíu ár eru liðin frá því að snjóflóðin féllu í Súðavík, hugsar Ómar ekki bara til þess sorglega. Honum finnst ekki síður mikilvægt að minnast alls þess góða sem gerðist eftir á. „Samhugurinn, samheldnin og þátttaka þjóðarinnar og fólks utan landsteinanna við uppbygginguna og aðstoð við þá sem misstu, allt er þetta ómetanlegt. Það var til dæmis athyglisvert og þakkarvert þegar fyrstu íbúarnir voru fluttir héðan til Ísafjarðar eftir flóðið að þá stóðu þeim allar dyr opnar.

Ísfirðingar opnuðu heimili sín upp á gátt fyrir þeim sem þurftu húsaskjól og margir verslunareigendur opnuðu verslanir sínar og buðu vörur sínar án endurgjalds. Alls staðar ríkti þetta viðhorf, einnig á höfuðborgarsvæðinu þegar Súðvíkingar komu þangað.“

Ómar nefnir líka söfnunina Samhug í verki sem hrundið var af stokkunum fljótlega eftir að flóðin féllu. „Hún var ótrúleg. Allir tóku átt, allir lögðust á eitt um að auðvelda þeim sem misstu að koma undir sig fótunum. Margir gáfu háar fjárhæðir og efnahagur fjölskyldna skipti þar engu. Þetta er eftirtektarvert og fyrir þetta ber að þakka.“

Súðvíkingurinn Ómar Már, sem er kominn heim aftur eftir nokkurra ára dvöl í Reykjavík, horfir út með firðinum og segir að lokum: „Ég veit að þeir sem fórust hefðu viljað að þeir sem eftir lifðu gætu notið lífsins og fengið sem mest úr því.“

Þau orð verða vart dregin í efa.

**Stórútsala á húsgögnum**

Ótrúlegt verð, nú á allt að seljast td. leðursófasett, sófaborð, skenkir, leðurhornsófar, borðstofustólar, skemlar, innskotsborð, nuddstólar, sjónvarpsskápar, myndir, tungusófar, borðstofuborð, skrifborðstólar, glerborð, tausófasett, hægindastólar, glerskápar, mottur, svefnsófar, eldhúsborð og stólar, stakir stólar, lampaborð, legubekkir, kommóður, nautshúðir á gólf, sjónvarpsborð, hornborð, speglar ofl.

GP gæðahúsgögn

Bæjarhraun 12 opið mán.-fös. 10-18 og lau. 11-16 sími 565 1234




## Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu

Hámark söfnunarinnar er í beinni sjónvarpsútsendingu **Sjónvarpsins**, **Stöðvar 2** og **Skjás eins** sem hefst í kvöld kl. **19.40**.

**Söfnunarsími sjónvarpsútsendingarinnar er:**

# 755 5000

Hægt er að leggja beint inn á reikning söfnunarinnar sem **Landsbankinn** gætir. Reikningsnúmerið er: **0101 - 26 - 755500** og kennitala: **470105-3990**. Notendur Einkabanka geta lagt beint inn á söfnunarreikninginn. Nánari upplýsingar um söfnunina er að finna á **visir.is** og á **mbl.is**.

Enn er hægt að hringja í söfnunarnúmerin:

| 901-1000 | 901-3000 | 901-5000 |
|---|---|---|
| 1.000 kr. | 3.000 kr. | 5.000 kr. |

Þú velur þér upphæð, 1.000, 3.000 eða 5.000 kr., hringir í viðeigandi símanúmer og upphæðin bætist við símreikninginn þinn.

Allur kostnaður vegna söfnunarinnar er í boði viðkomandi aðila og renna framlög því óskipt til neyðarhjálparinnar. Verndari söfnunarinnar er **Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrverandi forseti Íslands.

Sjálfboðaliðar taka við framlögum **í Smáralind**, **í Kringlunni** og **á Glerártorgi** í dag og boðið er upp á skemmtilega dagskrá.

**Í Smáralind:**
- **Töframaðurinn Bjarni**
- **Nemendur úr Söngskóla Maríu og Siggu**
- **Fóstbræður undir stjórn Árna Harðar**
- **Skoppa og Skrítla**
- **Hljómskálakvintettinn**
- **Bjössi bolla**

**Í Kringlunni:**
- **Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir**
- **Tenórarnir þrír og Steinunn Birna Ragnarsdóttir**
- **Bjössi bolla**
- **Diddú og Steinunn Birna Ragnarsdóttir**
- **KK**

**Á Glerártorgi:**
- **Óskar Pétursson skemmtir með einsöng**
- **Helgi Þórsson kveður rímur**
- **Börn úr Tónlistarskóla Akureyrar og Tónlistarskóla Dalvíkur syngja**

**Neyðarhjálp úr norðri**

Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu

Samtökin sem að þessari söfnun koma eru hver um sig aðilar að alþjóða hjálparneti sinna samtaka. Hjá þeim starfar fólk með mikla reynslu og faglega þekkingu á þeim vandamálum sem taka þarf á við svona hörmulegar aðstæður. Samtökin einbeita sér öll að því að hjálpa þeim sem verst eru settir. Þá skipta trúarbrögð ekki máli, stjórnmál, kyn eða hvað annað sem aðgreinir fólk. Þetta eru mannúðarsamtök með skýr markmið, siða- og starfsreglur, sem skila árangri.

Barnaheill Save the Children Iceland · Hjálparstarf kirkjunnar · Rauði kross Íslands · SOS-barnaþorpin · unicef

ENNEMM / SÍA / NM14790

# sport

sport@frettabladid.is

**Við vonumst til...**

... að íslensk fyrirtæki sjái sér fært að styðja við bakið á fremsta kvenkylfingi landsins, Ólöfu Maríu Jónsdóttur sem mun, fyrst íslenskra kylfinga, taka þátt í evrópsku mótaröðinni á næstunni. Þátttakan er mjög dýr og þarf Ólöf María á öllum stuðningi að halda.



**Við hrósum...**

... Knattspyrnufélagi Siglufjarðar fyrir að ákveða að fella niður æfingagjöld hjá iðkendum sínum fram á sumar. Þess í stað vonast forráðamenn félagsins eftir því að foreldrar iðkendanna greiði upphæðina í Landssöfnunina til styrktar fórnarlamba flóðanna í Asíu. Frábært framtak hjá Siglfirðingum og nú bíðum við eftir því að önnur félög fylgi fordæmi þeirra.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Sala Real Madrid á **Fernando Morientes** til Liverpool hefur afhjúpað að Morientes vildi fara frá Spáni eftir komu **Michaels Owen** til Madrid. Með tilkomu **Owens** urðu framherjar liðsins fjórir talsins og sagðist **Morientes** strax hafa velt því fyrir sér að segja skilið við liðið. „Þetta gerði mér erfitt fyrir þar sem ég var orðinn sá fjórði í röðinni," sagði **Morientes**. Kappinn vildi þó ekki meina að samband hans við Owen hefði beðið hnekki. „Við áttum gott samband þó að tungumálakunnáttan hefði vafist fyrir okkur."



LeBron **James**, leikmaður Cleveland Cavaliers, er orðinn betri en **Kobe Bryant** hjá LA Lakers í NBA-körfuboltanum. Þetta fullyrðir **Jack McCallum**, einn af körfuboltaspekingum bandaríska tímaritsins Sports Illustrated, í grein um kappana tvo. Þar eru **James** og **Bryant** bornir saman hvað varðar sóknar- og varnareiginleika, leiðtogahæfileika o.s.frv. **James**, sem er nýorðinn tvítugur, hefur einnig verið hampað fyrir að vera einhvers konar blanda af **Michael Jordan** og **Magic Johnson**, þ.e. frábær skorari og alltaf með augað opið fyrir samherjum. Dæmi svo hver fyrir sig um þá umsögn í garð leikmanns sem er á öðru ári sínu í deildinni.

# Kraftlaust gegn Frökkum

**Landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson sagði allan kraft hafa vantað í íslenska landsliðið sem tapaði fyrir Frökkum, 30–26, í vináttulandsleik á fjögurra þjóða móti á Spáni í gærkvöld.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handbolta tapaði í gær fyrir Frökkum, 30-26, í Ciudad á Spáni í fyrsta leik liðsins á fjögurra þjóða móti sem markar upphaf lokaundirbúnings liðsins fyrir heimsmeistaramótið í Túnis sem hefst eftir rúma viku.

Leikurinn var jafn framan af fyrri hálfleik en Frakkar sigu fram úr þegar líða tók á hálfleikinn og leiddu með fjórum mörkum, 16-12, þegar flautað var til leikhlés.

Franska liðið gaf ekkert eftir í síðari hálfleik og náði mest sjö marka forystu um hálfleikinn miðjan. Íslenska liðið náði þó að laga stöðuna undir lokin og svo fór að Frakkar fóru með sigur af hólmi, 30-26.

Viggó Sigurðsson, þjálfari íslenska liðsins, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að allan kraft hefði vantað í íslenska liðið í leiknum. „Það var deyfð yfir þessu hjá okkur og menn virkuðu þreyttir. Við spiluðum illa og vantaði allan neista. Við vorum út af í 22 mínútur og það var mest fyrir klaufaleg brot. Franska liðið er gífurlega sterkt og mér fannst menn kannski bera of mikla virðingu fyrir þeim. Ég sef alveg yfir þessum leik en það er alveg ljóst að við blásum í lúðrana gegn Spánverjum á morgun," sagði Viggó í gær. Hann sagði línumennina Róbert Gunnarsson og Vigni Svavarsson hafa staðið upp úr í íslenska liðinu.

oskar@frettabladid.is

| FRAKKLAND | ÍSLAND |
|---|---|

**30–26 (16–12)**

**Mörk Íslands:** Róbert Gunnarsson 6/2, Vignir Svavarsson 5, Guðjón Valur Sigurðsson 4, Ólafur Stefánsson 3/1, Alexander Petersson 2, Arnór Atlason 2, Vilhjálmur Halldórsson 1, Einar Örn Jónsson 1, Dagur Sigurðsson 1

**Varin skot:** Hreiðar Levy Guðmundsson 6, Roland Eradze 4.



**LÍNUMAÐURINN RÓBERT GUNNARSSON** var markahæstur í íslenska liðinu gegn Frökkum með sex mörk.

Danski landsliðsmaðurinn Thomas Gravesen:

# Farinn til Real Madrid

**FÓTBOLTI** Danski miðjumaðurinn Thomas Gravesen er genginn til liðs við spænska stórliðið Real Madrid. Hinn sköllótti Gravesen, sem hefur spilað frábærlega með Everton í ensku úrvalsdeildinni í vetur, átti aðeins sex mánuði eftir af samningi sínum við félagið og því ákváðu forráðamenn Everton að selja hann núna.

Real Madrid mun, samkvæmt heimildum BBC, borga Everton 2,5 milljónir punda fyrir Gravesen en félagið keypti hann á sömu upphæð frá þýska liðinu Hamburg árið 2000. Gravesen, sem er 28 ára gamall, mun skrifa undir þriggja og hálfs árs samning við spænska liðið en honum er ætlað að koma með hörku inn í lið sem er fullt af stjörnum.

John Sivebaek, umboðsmaður Gravesens, sagði við fjölmiðla í gær að Gravesen væri mjög spenntur fyrir því að ganga til liðs við Real Madrid en að sama skapi sorgmæddur yfir því að yfirgefa Everton þar sem hann hefði átt fimm frábær ár. „Hann var mjög ánægður hjá Everton en þegar Real Madrid vill þig, þá er ekki hægt að segja nei," sagði Sivebaek. ■



**DANINN THOMAS GRAVESEN** Nýjasti leikmaðurinn í stjörnum prýddu liði Real Madrid.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

21 22 23 **15** 25 26 27

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 14.00 **ÍBV** og **Stjarnan** eigast við í Vestmannaeyjum í DHL-deildinni í handknattleik kvenna.
- 14.00 **Stjörnuleikur kvenna í körfuknattleik** í Valsheimilinu.
- 15.00 **Þór Ak.** og **Drangur** eigast við í íþróttahöllinni á Akureyri í 1. deild karla í körfuknattleik.
- 15.00 **Fram** og **Haukar** eigast við í Framhúsinu í DHL-deildinni í handknattleik kvenna.
- 16.00 **Stjörnuleikur karla í körfuknattleik** í Valsheimilinu.

### SJÓNVARP

- 11.20 **NBA** á Sýn. Útsending frá **San Antonio Spurs** og **Dallas Mavericks** sl. nótt.
- 11.50 **Upphitun** á Skjá einum. Spáð í leiki helgarinnar.
- 12.15 **Ólympíuleikarnir í Aþenu** á RÚV.
- 12.25 **Liverpool – Manchester United** á Skjá einum. Bein útsending.
- 13.35 **Enski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Liverpool** og **Watford**.
- 14.10 **Stjörnuleikur kvenna í körfubolta** á Rúv. Bein útsending frá stjörnuleik KKÍ sem fram fer í Valsheimilinu.
- 14.30 **Á vellinum með Snorra Má** á Skjá einum.
- 15.00 **Tottenham-Chelsea** á Skjá einum. Bein útsending.
- 15.15 **K-1** á Sýn. Sýnt frá fjölmörgum bardagaíþróttum.
- 15.40 **Handboltakvöld** á RÚV. Nýjustu fregnir úr handboltanum.
- 16.00 **Stjörnuleikur karla í körfubolta** á RÚV. Bein útsending frá stjörnuleik KKÍ sem fram fer í Valsheimilinu.
- 17.10 **Bolton – Arsenal** á Skjá einum. Bein útsending.
- 17.30 **World Supercross** á Sýn. Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
- 18.25 **The World Football Show** á Sýn. Fótbolti um víða veröld.
- 19.00 **Inside the US PGA Tour 2005** á Sýn. Vikulegur fréttaþáttur um bandarísku mótaröðina í golfi.
- 19.25 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá hnefaleikakeppni í Phoenix. Á meðal þeirra sem mættust voru **Kostya Tszyu** og **Sharmba Mitchell**.
- 20.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Real Madrid** og **Barcelona**.
- 22.30 **Ameríski fótboltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **New York Jets** og **Pittsburgh Steelers**.









# Félagsmiðstöðvardagurinn er í dag

**Opið hús fyrir alla fjölskylduna í félagsmiðstöðvum ÍTR**
Árseli, Bústöðum, Frostaskjóli, Hólmaseli, Miðbergi, Tónabæ, Þróttheimum, 100 og1*.

**Komdu og kynntu þér starfsemi félagsmiðstöðvanna og hvað er í boði fyrir börn og unglinga.**

- Ýmiss skemmtiatriði
- billjard
- borðtennis
- léttar veitingar

**Opið verður milli kl. 13.00 – 15.00**

## Allir velkomnir!

ÍTR

*Félagsmiðstöðvar í Grafarvogi verða með opið hús/félagsmiðstöðvadag 19. febrúar

gun/fit








# STUÐ MILLI STRÍÐA | Váleg tíðindi í Hollywood

**FREYR BJARNASON** SKRIFAR UM SAMBANDSSLIT BRAD PITT OG JENNIFER ANISTON.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það skiptast á skin og skúrir í lífi fræga fólksins í Hollywood. Um síðustu helgi gerðust þau válegu tíðindi að hjónaband hjartaknúsarans Brad Pitt og Jennifer Aniston úr Friends leystist upp eftir fjögur og hálft ár í sviðljósi fjölmiðlanna.

Enn eitt Hollywood-hjónabandið er þar með farið í súginn. Pitt, sem er talinn einn kynþokkafyllsti maður veraldar, vildi víst eignast barn en Aniston einbeita sér að kvikmyndaframanum, enda getur hún ekki lengur stólað á sjónvarpsþættina vinsælu. Nú fara þau semsagt hvort í sína áttina og vonandi finna þau bæði það sem þau leita að.

Miðað við kenningu rokkarans ráma Rod Stewart í vikunni hefði hjónaband Pitt og Aniston ekki átt að fara í vaskinn. Stewart, sem er vel sjóaður í kvennamálum, hélt því fram að fólk undir þrítugu ætti ekki að giftast því það sé ekki nógu þroskað til að stíga slíkt skref. Pitt er 41 árs og ætti að vita hvað hann vill og Aniston er 35 að ég held. Þau hafa því afsannað kenninguna, nema þau séu undantekningin sem sanni regluna. Nei, ég held ekki.

Nú er bara spurningin hvert þessir fallegu leikarar snúi sér næst. Aniston tel ég líklega til að byrja með förðunarráðgjafa sínum sem hún flutti inn til eftir skilnaðinn. Hún er örugglega komin með leið á því að vera með annarri stórstjörnu og finnst nóg um athyglina sem hún sjálf fær. Pitt gæti byrjað með Angelinu Jolie, sem virðist daðra við hvern sem henni dettur í hug þessa dagana hvort sem það er Pitt, fyrrverandi eiginmaður hennar Johnny Lee Miller, eða Colin Farrell.

Já, þessi sápuópera getur sko verið miklu meira spennandi en hin hefðbundna Hollywood-vella þar sem allt er gott sem endar vel. ■






# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman









## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell









## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Ágætis afþreying í rauntíma

**[ TÖLVULEIKIR ]**

UMFJÖLLUN

Margir rauntímahernaðarleikir hafa litið dagsins ljós undanfarin ár með misjöfnum áherslum og útkomum. Full Spectrum Warrior er sérstakur leikur í þessum geira. Hann er í raun æfingaleikur hannaður sérstaklega fyrir bandaríska herinn til að þjálfa hermenn í baráttu á strætum Íraks. Leikurinn kennir hermönnum að meta hættu og bregðast við umhverfinu.

Tvö teymi, Alpha og Bravo, þurfa að vinna saman til að halda lífi í hermönnum teymanna og tapast leikurinn ef einhver liðsmaður fellur.

Spilarinn stýrir teymunum í rauntíma og fær aðstoð annarra deilda í hernum við erfiðar aðstæður. GPS-kerfi hjálpar teymunum að nálgast óvinasvæði úr mismunandi áttum og hægt er að biðja um eftirlitsþyrlu til að staðsetja óvini nákvæmlega.

Þegar liðsmaður særist í skotbardaga þarf að flytja hann til sjúkraliða fyrir utan bardagasvæðið. Það tekur sjúkraliðann nokkrar sekúndur að tjasla hermanninn saman þannig að hann verði hress og kátur og tilbúinn í slaginn aftur. Það dregur úr raunveruleikagildi leiksins en sjálfsagt skiljanlegt miðað við að bandarískir hermenn spili leikinn mikið og herinn vilji ekki sýna dauðsföll hermanna.



Verkefnin í leiknum eru oft á tíðum keimlík en inni á milli eru þrælspennandi hasarverkefni.

Leikurinn ber með sér ýmsa galla eins og að hermennirnir ganga í gegnum hvorn annan og jafnvel í gegnum farartæki eins og draugar og einstaka sinnum festast þeir. Hermennirnir eiga stundum í vandræðum með að skjóta óvini af stuttu færi í beinni sjónlínu.

Grafíkin er sæmileg og umhverfið ber með sér óspennandi yfirbragð. Hljóðsetningin er ágæt en skipanir til liðsmanna Alpha og Bravo verða pirrandi til lengdar. Tónlistin er með hernaðarlegum undirtón sem má heyra í annarri hverri amerískri stríðsmynd.

Þrátt fyrir að ýmislegt misfarist í þessum leik náði hann ágætis tökum á mér. Metnaðurinn í að klára verkefnin án teljandi meiðsla varð að lykilatriði og framvinda stríðsins varð forvitnilegri með hverju verkefninu. Alveg ágætis afþreying fyrir rauntíma hernaðarleikjaspilara og góð innsýn í vinnubrögð bandaríska hersins.

**FULL SPECTRUM WARRIOR**

**LEIKJABÚNAÐUR** : PC

**NIÐURSTAÐA:** Stríðshermir hannaður fyrir bandaríska herinn. Rauntíma hernaðarleikur sem gerist í Mið-Austurlöndum í dag. Gallaður leikur sem er annars ágætis afþreying.

franzgunnarsson@hotmail.com

# Tölvuleikjamolar

**Peter Molyneux** einn helsti tölvuleikjafrömuður í Bretlandi var sæmdur OBE (Order of the British Empire) orðunni nú á dögunum fyrir störf sín í þágu leikjaiðnaðarins. Orðan var veitt af drottningunni og þykir merkilegur titill. Peter sem setti á laggirnar fyrirtækin *Bullfrog og Lionhead Studios* sem meðal annars gerði leikina *Black & White* og *Fable* er að vonum hreykinn af orðunni en sagði í samtali við BBC að þetta hafi komið honum verulega á óvart.

Senn líður að því að nýju handfrjálsu tölvurnar frá **Sony** og **Nintendo** komi á Evrópumarkað. Sony-vélin kemur í vor og Nintendo er áætluð á svipuðum tíma. Spennan magnast á hverjum degi og nýir leikir staðfestir í hverri viku. ■



**IPOD SHUFFLE** er nýjasti iPodinn sem bætist í hóp iPod-fjölskyldunnar. Hann var kynntur til sögunnar í San Francisco á þriðjudaginn.

# Nýr iPod kynntur til sögunnar

Apple hefur enn á ný kynnt nýjan iPod til sögunnar; iPod Shuffle. Sá er þeim kostum gæddur að geta stokkað upp í lögunum og sífellt komið manni á óvart í lagavali. Nýi iPodinn er gríðarlega lítill og nettur og varla stærri en tyggjópakki. Hann var kynntur á Macworld-ráðstefnu í San Francisco á þriðjudaginn.

Á nýja iPodinum er að sjálfsögðu hinn þekkti kringlótti stýritakki og með honum fylgir hleðslubatterí sem endist í tólf tíma og USB-tengi og hann virkar bæði fyrir PC-tölvur sem og Macintosh. Hægt er að hafa nýja iPodinn í bandi um hálsinn eða á armbandi um úlnliðinn. Það besta við þennan litla gaur er verðið. iPod Shuffle sem rúmar 512 MB eða 120 lög kostar einungis 99 dollara og einnig er hægt að fá dýrari gerð sem rúmar 1GB eða 240 lög og kostar 149 dollara.

Apple-fyrirtækið hefur selt rúmlega 10 milljón iPod-tæki síðan sala á þeim hófst. Einnig mun fyrsta kynslóð af iTunes-farsímum, framleiddum af Motorola, koma á markað á næstu sex mánuðum. Bílaframleiðendur hafa einnig ráðist á iPod-heiminn þar sem Mercedes, Nissan, Volvo, Sion og Ferrari munu bætast í hóp þeirra bílaframleiðenda sem framleiða bíla með iPod-innstungur. ■



**MARTIN Á FLÓÐASVÆÐUNUM** Söngvarinn Ricky Martin heimsótti flóðasvæðin og leyfði ungum Taílendingi að prófa sólgleraugun sín við mikinn fögnuð viðstaddra.



# menning

menning@frettabladid.is

# Kórar kóranna

**Óperukórinn hefur gefið út geisladisk með ýmsum þekktustu kórum óperubókmenntanna.**

Óperukórinn gerði garðinn svo sannarlega frægan þegar hann opnaði vetrarstarfið í Carnegie Hall með flutningi á Elía eftir Mendelssohn, undir stjórn Garðars Cortes í nóvember síðastliðinum. Eftir tónleikana fékk Garðar í hendur skriflega yfirlýsingu frá stjórnendum hússins, þar sem sagði að „hann hefði skapað nýjan mælikvarða á þá hópa sem boðið yrði til tónleikahalds í Carnegie Hall“ og var honum síðan boðið að koma aftur til að stjórna þar – og helst með þessa framúrskarandi íslensku kóra með sér, en auk Óperukórsins tóku karlakórinn Þrestir, einn færeyskur og einn danskur kór þátt í flutningnum, auk þriggja ástralskra kóra, einum frá Englandi og einum amerískum.

Óperukórinn þykir einn besti óperukór á Norðurlöndum og því fagnaðarefni að út sé kominn diskur, „Óperukórinn býður til veislu“, með ýmsum af stórbrotnustu kórverkum óperubókmenntanna; úr Tannhäuser, Óþelló, Aidu, Évgení Ónegin, Igor fursta, Cavalleria Rusticana, Galdra-Lofti og Þrymskviðu og Carminu Burana.

Nýi diskurinn er aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal, því Óperukórinn hyggur á enn frekari útgáfu. „Við eigum efni frá Verdi tónleikum sem við héldum í tilefni af hundrað ára ártíð Verdis, ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands,“ segir Garðar. „Einnig frá afmælistónleikunum sem Söngskólinn hélt í fyrra. Þar kom kórinn mikið við sögu vegna þess að flestir kórfélaganna hafa verið í skólanum. Galdra-Loftur var fluttur í útvarpinu á nýársdag og það er upptaka sem verður vonandi gefin út fljótlega.“

Þegar Garðar er spurður hvers vegna einmitt þessi kórverk hafi verið valin til útgáfu, segir hann: „Þetta eru kórar kóranna – og alveg ótrúlega flott tónlist.“

Haustið hefur verið annasamt hjá kórnum, með tónleikunum í Carnegie Hall, Næturtónleikum í Langholtskirkju á „dánarstund“ Mozarts fyrir jólin, svo eitthvað sé nefnt. Garðar segir upplifunina í Carnegie Hall hafa verið „æðislega“.

„En ég held að kórarnir hafi upplifað tónleikana sterkar og lengur en ég – því ég var svo önnum kafinn. Kórarnir stóðu auðvitað á sviðinu með allan salinn í fanginu og urðu að takast á við þá stórkostlegu og yfirþyrmandi tilfinningu sem þau urðu fyrir. Ég sneri aftur á móti baki í allan glamúrinn og fór að vinna.“



**GARÐAR CORTES** Þetta er aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal.

Garðar er fyrstur Íslendinga til þess að stjórna í Carnegie Hall og hefur verið boðið að koma á sama tíma að tveimur árum liðnum til þess að opna vetrarstarfið enn og aftur. Það þykir mikill heiður að vera með opnunartónleikana í Carnegie Hall, einkum vegna þess að mest er fjallað um þá tónleika starfsársins. En áður en að því kemur, er síður en svo lognmolla í kringum þennan frábæra kór. Í mars tekur kórinn þátt í tónleikum Domingos í Egilshöll og í apríl flytur hann Fordæmingu Fausts eftir Berlioz ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói. Og þar tekur annar stórsöngvari þátt í flutningnum – enginn annar en Kristinn okkar Sigmundsson.

Það er því nóg til að hlakka til. ■



**SALONHLJÓMSVEIT SIGURÐAR INGVA SNORRASONAR** Guðrún Ingimarsdóttir sópran syngur með hljómsveitinni á nýárstónleikum í Salnum.

# Fólk kemur til að skemmta sér

„Þette er virkilega skemmtileg efnisskrá hjá okkur, blanda af tónlist sem heyrist ekki oft og svo þekktum melódíum,“ segir Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona sem syngur Vínartónlist á Nýárstónleikum Salarins í Kópavogi í dag ásamt Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar.

Á efnisskránni eru Vínarljóð, óperettuaríur, polkar, valsar og önnur gleðitónlist sem einvalalið hljóðfæraleikara flytur ar einlægri ánægju.

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari er konsertmeistari hljómsveitarinnar, og hún leikur einnig einleik í vals úr Rósariddaranum eftir Richard Strauss.

Auk hennar er hljómsveitin skipuð þeim Pálínu Árnadóttur fiðluleikara, Bryndísi Höllu Gylfadóttur sellóleikara, Hávarði Tryggvasyni kontrabassaleikara, Martial Nardeau flautuleikara, Sigurði Ingva Snorrasyni klarínettuleikara, Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara og Pétri Grétarssyni sem leikur á slagverkshljóðfæri.

„Það er ekkert auðvelt að flytja svona tónlist því það þarf að skila henni frá sér á ákveðinn hátt,“ segir Guðrún og bætir því við að oft geti verið erfiðara að syngja óperettutónlist heldur en óperur. „Þetta form er svo viðkvæmt og það hentar ekkert öllum.“

Aftur á móti segir hún oftast það vera ákaflega gaman að flytja þessa tegund af tónlist vegna þess hve áhorfendur eru þakklátir.

„Fólk sem kemur á svona tónleika kemur alltaf til þess að skemmta sér.“ ■


Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT

TOSCA

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

**Frumsýning 11. feb. kl.20.00 – UPPSELT** – 2. sýning 13.feb. kl. 19.00
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – **FÁAR SÝNINGAR**

Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 – endurmenntun@hi.is

**Miðasala á netinu: www. opera.is**

www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.



VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Fös. 21/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 29/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 virkadaga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

TENÓRINN
fös. 4. feb. kl. 20.00
sun. 13. feb. kl. 20.00
sun. 20. feb. kl. 20.00
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR
fös. 21. jan kl. 20.00
lau. 29. jan. kl. 20.00
Sýningum fer fækkandi

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
NÍTJÁNHUNDRUÐ UPPSELT Í KVÖLD!

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld lau. 15/1 **uppselt**, sun. 16/1 **örfá sæti laus**, lau. 22/1 **uppselt**, sun. 23/1 **örfá sæti laus**, fös. 4/2 **örfá sæti laus**, sun. 13/2 **nokkur sæti laus**, lau. 19/2 **örfá sæti laus**.

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Sun. 16/1 kl.14:00 **örfá sæti laus**, sun. 23/1 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 30/1 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**. **Fáar sýningar eftir.**

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
Fim. 20/1 **örfá sæti laus**, lau. 29/1 **örfá sæti laus**.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir.**

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
6. sýn. fös. 21/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 28/1 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 5/2 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/2 **nokkur sæti laus**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Í kvöld lau. 15/1 **uppselt**, lau. 22/1 **örfá sæti laus**, lau. 29/1.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**BÓNDINN Á MILLI OKKAR** - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Fim. 20/1 **örfá sæti laus**, fim. 27/1, lau. 29/1 **nokkur sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **13:00-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **13:00-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - rauð kort - **UPPSELT**
Su 16/1 kl 20 - græn kort - **UPPSELT**
Fö 21/1 kl 20 - blá kort - **UPPSELT**
Lau 22/1 kl 20 - **UPPSELT**
Fim 27/1 kl 20 - **Aukasýning**
Lau 29/1 kl 20 - **UPPSELT**, Su 30/1 kl 20
Fi 3/2 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14, Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 ***Síðustu sýningar***

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**
*Fjölskyldusýning*
*THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI*
Í dag kl 14, Lau 22/1 kl 14

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ*

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson*
*Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Su 16/1 kl 20 - **UPPSELT**
Fi 20/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Su 30/1 kl 20,
Lau 5/2 kl 20 - **UPPSELT**
***Sýningum lýkur í febrúar***

**AUSA eftir Lee Hall og STÓLARNIR eftir Ionesco**
*Í samstarfi við LA*
Í kvöld kl 20
***Síðasta sýning á Stólunum***

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fi 20/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson*
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning Su 16/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20
**ATH: Bönnuð yngri en 12 ára**

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
**- gildir ekki á barnasýningar**

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA



• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878

Geirmundur Valtýsson um helgina

www.kringlukrain.is

BROADWAY
Veislusalir fyrir öll tilefni
www.broadway.is
Sími: 533-1100



Allra meina bót... Alla laugardaga

Átthagakvöld austfirðinga
"Glimt við Þjóðveginn"
Föstudagskvöld 14. janúar




Hljómsveitin *Spilafíklarnir* heldur uppi fjörinu alla helgina 14. og 15. jan. á *Classik*
Ármúla 5 við hliðina á gamla Hollywood

FRÍTT INN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

12 13 14 **15** 16 17 18

### Laugardagur

### KVIKMYNDIR

☐ 16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir ítölsku myndina **La Notte** eftir Antonioni í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Kvikmyndasafnið fékk rithöfundinn **Thor Vilhjálmsson** til þess að velja þrjár uppáhaldskvikmyndir sínar til sýninga og er þetta sú fyrsta af þeim.

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Boston Tufts** sinfóníuhljómsveitin verður með tónleikar í Grafarvogskirkju ásamt **Öldu Ingibergsdóttur** sópran.

☐ 16.00 **Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar** ásamt **Guðrúnu Ingimarsdóttur** sópransöngkonu flytja Vínarljóð, óperettuaríur, polka, valsa og aðra gleðitónlist á Nýárstónleikum Salarins í Kópavogi. **Sigrún Eðvaldsdóttir** leikur einleik og er jafnframt konsertmeistari.

☐ 17.00 **Óperukór Hafnarfjarðar** syngur á síðkjólum, bregður á leik og skapar sanna Vínarstemningu á nýárstónleikum Tónlistarfélags Reykjanesbæjar í Kirkjulundi. Stjórnandi kórsins er **Elín Ósk Óskarsdóttir** sópran. Hún syngur einnig einsöng ásamt **Snorra Wium** tenór og nokkrum öðrum söngvurum úr röðum kórfélaga. Píanóleikari er **Peter Máté** og fiðluleikari **Guðný Guðmundsdóttir**.

☐ 23.00 Hljómsveitirnar **Drep, Changer** og **Denver** spila á Grand Rokk.

☐ Rokksveitin **Atómstöðin** spilar á neðri hæð Gauksins. Á efri hæðinni ræður **Dj Maggi** ríkjum.



### LISTOPNANIR

☐ 14.00 Sýning á ljósmyndum, skúlptúrum, teikningum og myndböndum eftir þýsku listakonuna **Rosemarie Trockel** verður opnuð í Gerðubergi.

☐ 15.00 **Birgir Snæbjörn Birgisson** og **Elías B. Halldórsson** opna sýningar á verkum sínum í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Á neðri hæð safnsins stendur einnig yfir sýning á völdum verkum úr einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur.

☐ 15.00 **Valgerður Guðlaugsdóttir** opnar sína sjöundu einkasýningu í Listasafni ASÍ við Freyjugötu.

☐ 15.00 Á sýningunni **Hér stóð bær** er brugðið upp á þriðja hundrað ljósmyndum úr myndasafni Þjóðminjasafnsins af óþekktum sveitabæjum. Myndirnar eru allar frá 20. öldinni og flestar teknar á árunum frá 1930-60. Ljósmyndasýningin **Átján álagablettir** varpar síðan samtímaljósi á ævaforna þjóðtrú Íslendinga.

☐ 16.00 **Birgir Breiðdal** opnar sýningu á verkum sínum í Listmunahúsinu, Síðumúla 34.

☐ 16.00 **Ívar Brynjólfsson** opnar ljósmyndasýninguna „Bardagavellir“ í Slunkaríki á Ísafirði.

☐ „Leikur að steinum“ nefnist sýning **Kristínar Tryggvadóttur** sem opnuð verður á Thorvaldsen.



### SKEMMTANIR

☐ Hljómsveitin **Sex volt** skemmtir í Pakkhúsinu, Selfossi.

☐ Dúettinn **Acoustics** skemmtir á Ara í Ögri.



☐ **Liz Gammon** spilar og skemmtir gestum á Café Romance.

☐ **Spilafíklarnir** skemmta á Classic Rock í Ármúla.

☐ **Addi M.** spilar á Catalinu.

☐ Sveiflukóngurinn **Geirmundur** skemmtir ásamt hljómsveit sinni á Kringlukránni.

☐ **Svörtu Zapparnir** framreiða fullorðins rokk fyrir Suðurnesjamenn á Paddy's í Keflavík.

☐ Snúðarnir **Svali** og **Þröstur 3000** verða við stjórnvölinn í búrinu á Sólon með ferskustu dansmúsíkina.

☐ Hljómsveitin **Sixties** leikur fyrir dansi í Klúbbnum við Gullinbrú.



☐ Hljómsveitin **Norðurbandalagið** spilar í Vélsmiðjunni á Akureyri.

### DANSLIST

☐ 14.00 Á fjölskyldusýningu **Íslenska Dansflokksins** í Borgarleikhúsinu verða sýnd þrjú verk: **Bolti** eftir Katrínu Hall, **Æfing í Paradís** eftir Stijn Celis og **The Match** eftir Lonneke van Leth.



Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


















# FRÉTTIR AF FÓLKI



**Minnie Driver** hefur játað að samband sitt við fyrrum tilvonandi tengdamóður sína, **Barböru Streisand**, hafi verið ansi stormasamt. Driver var trúlofuð **Josh Brolin**, sem er sonur **James Brolin**, eiginmanns Streisand. Driver og Brolin hættu saman í október 2001. Þegar hún var spurð í nýlegu viðtali um tilhugsunina um Streisand sem tengdamóður sagði hún: „Það hefði sko verið.....athyglisvert.“



**Teri Hatcher** segist vera búin að gefast upp á að finna ástina – vegna þess að mennirnir sem hún vill eru alltaf fráteknir. Teri hefur nýlega verið orðuð við fyrrverandi mann sinn, Jon Tenney, og **Jay Leno** reyndi meira að segja að kynna hana fyrir tannlækni. En Teri bíður enn eftir stóru ástinni: „Ég er mjög feimin og líka mjög upptekin. Ég hitti eiginlega aldrei neinn. En þegar ég hitti einhvern á hann alltaf kærustu sem er rosa flott súpermódel. Það er eiginlega ekki á stefnuskránni hjá mér núna að verða ástfangin og giftast,“ sagði Hatcher.



**Sarah Jessica Parker** mun leika í Shrek 3. Hún mun lána persónu rödd sína í myndinni og bætist þar með í hóp með **Mike Myers, Cameron Diaz, Eddie Murphy og Antonio Banderas**. Hún segist hlakka til að færa sig úr Sex and the City-bransanum og í vinsæla stórmynd. „Mér finnst æðislegt að leika hlutverk í mynd sem börnin mín og börn vina minna geta séð,“ sagði hún.




■ KVIKMYNDIR

# Bestu bíóbrellurnar

Upphafsatriði fyrstu Stjörnustríðsmyndarinnar Episode IV: A New Hope er besta tæknibrelluatriði kvikmyndasögunnar ef marka má nýja skoðanakönnun tímaritsins SFX. Kvikmyndagestir gripu andann á lofti þegar þeir urðu fyrst vitni að því í kvikmyndahúsi að risavaxinn Stjörnuspillir hins illa Keisaraveldis elti uppi lítið geimfar uppreisnarmanna.

„Þetta atriði var Stóri hvellur í nútíma tæknibrellum,“ segir Dave Golder, ritstjóri SFX, um þetta sígilda atriði. „Sú staðreynd að Star Wars skuli toppa í þessari könnun tekur líka af öll tvímæli um hversu mikilvæg þessi mynd er í hugum kvikmyndaáhugafólks. Enn þann dag í dag kemst ekkert nærri tilfinningunni sem þú færð þegar þetta risastóra geimfar flýgur yfir skjáinn – enda er skipið hreint út sagt risavaxið.“

Það vekur athygli að flest atriðin sem komust á topp 10 listann eru komin vel til ára sinna og þannig nær tæknundrið Gollrir, úr Hringadróttins sögu, ekki nema 7. sæti. Nýjasta atriðið sem kemst á blað er svo mikilfenglegur bardagi Köngulóarmannsins og Doctor Octopus í hraðlest í Spider-Man 2. ■



**STJÖRNUSPILLIR KEISARAVELDISINS** Þetta risavaxna geimskip leggur hvíta tjaldið undir sig í upphafi fyrstu Stjörnustríðsmyndarinnar en þetta atriði þykir enn þann dag í dag flottasta bíótæknibrella allra tíma.

**BESTU BÍÓBRELLURNAR**

1 Star Wars – Upphafsatriði (1977)
2 King Kong – Hápunktur (1933)
3 The Thing – Köngulóafætur vaxa út úr höfði (1982)
4 Jason and the Argonauts – Beinagrindurnar (1963)
5 Terminator 2: Judgment Day – T-1000 (1991)
6 Forbidden Planet – Krell-vélbúnaðurinn (1956)
7 The Lord of the Rings – Gollrir (2001-2003)
8 The Matrix – Neo forðast byssukúlur (1999)
9 Alien – Geimveran brýst út úr brjóst kassa John Hurt (1979)
10 Spider-Man 2 – Slagsmál í hraðlest (2004)

## [ MYNDBÖND ]

**VINSÆLUSTU MYNDBÖNDIN**



**THE BOURNE SUPREMACY** Matt Damon er að gera það gott í hlutverki njósnarans Jason Bourne og lætur Jennifer Garner ekki fella sig úr fyrsta sætinu.

1 THE BOURNE SUPREMACY
2 13 GOING ON 30
3 CRIMSON RIVERS 2
4 THE GIRL NEXT DOOR
5 KING ARTHUR
6 THE LADYKILLERS
7 ETERNAL SUNSHINE OF THE SPOTLESS MIND
8 I, ROBOT
9 THE STEPFORD WIVES
10 THE CRONICLES OF RIDDICK















## TÓNLIST

# Aðgangseyrir til Asíu

Bjarmaland, framleiðslufyrirtæki kvikmyndarinnar Í takt við tímann, og Skífan létu aðgangseyri af öllum sýningum kvikmyndarinnar í Regnboganum á föstudag renna óskiptan til söfnunarinnar Neyðarhjálp úr norðri.

Íslandsbanki mun tvöfalda þá heildarupphæð sem síðan verður lögð óskipt til söfnunarinnar. Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt átakinu lið og þegar hafa safnast umtalsverðar fjárhæðir sem renna til uppbyggingarstarfs vegna hinna gríðarlegu náttúruhamfara við Indlandshaf í Asíu á annan í jólum. ■



**Í TAKT VIÐ TÍMANN** Í takt við tímann er framhald á Stuðmannamyndinni vinsælu Með allt á hreinu.

## TÓNLIST

# Pólsk aðdáendasíða opnuð

Pólsk aðdáendasíða hljómsveitarinnar Sigur Rósar hefur verið opnuð. Á slóðinni sigur-ros.art.pl. má sjá nýjustu fréttir af sveitinni, blaðagreinar, viðtöl, texta og margt fleira, allt saman á pólsku.

Fyrir þá sem þyrstir í meira efni tengt Sigur Rós á netinu má nefna síðuna hafssol.co.uk þar sem gítargrip við lög sveitarinnar er að finna. Einnig ætti gagnagrunnurinn popplagid.com að nýtast hinum almenna aðdáanda Sigur Rósar vel. ■



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós á sér dygga aðdáendur víða um heim, þar á meðal í Póllandi.

## TÓNLIST



**HOT DAMN!** Dúettinn Hot Damn! spilaði nýtt lag í þættinum Óp á dögunum.

# Lag um óvenjulegan dans

Dúettinn Hot Damn, með Jenna úr Brain Police og Smára Tarfi í broddi fylkingar, kom nýlega fram í sjónvarpsþættinum Óp og spilaði nýtt lag sem heitir Butt Bumpin' Boogie.

Lagið fjallar um óvenjulegan dans sem Jenni þróaði með sér á handboltaárum sínum með íþróttafélaginu Þór á Akureyri. Lagið verður í annarri útgáfu á væntanlegri plötu Hot Damn! sem heitir The Big'n Nasty Groove'O Mutha og kemur út í mars. ■






## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Double Whammy (Bönnuð börnum) **8.00** Live From Bagdad **10.00** Lloyd **12.00** Two Family House **14.00** Live From Bagdad **16.00** Lloyd **18.00** Two Family House **20.00** Last Action Hero (Bönnuð börnum) **22.10** True Lies (Stranglega bönnuð börnum) **0.25** Double Whammy (Bönnuð börnum) **2.00** True Lies (Stranglega bönnuð börnum) **4.15** The 6th Day (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

**18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **23.00** Robert Schuller **0.00** Miðnæturhróp C. Parker Thomas **0.30** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **21.00** Bravó **22.15** Korter

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **14.00** Sjáðu (e) **15.00** Popworld 2004 (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e) **21.00** Meiri músík

## Í TÆKINU

**ANGELINA LEIKUR Í LARA CROFT 2 KL. 21.20 Á STÖÐ 2 Í KVÖLD.**

# *Ætlaði að verða útfararstjóri*

Angelina Jolie Voight fæddist 4. júní árið 1975 í Los Angeles í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Hún ólst upp við leiklistina þar sem faðir hennar er leikarinn Jon Voight og móðir hennar leikkonan Marcheline Bertrand.

Jolie erfði fallega útlitið frá foreldrum sínum og hóf fyrirsætuferil þegar hún var aðeins fjórtán ára. Seinna skráði hún sig í Lee Strasberg Theatre Institute, sótti New York-háskóla og byrjaði að leika í skólaleikritum. Þrátt fyrir þennan starfsframa dreymdi Jolie alltaf um að verða útfarastjóri.

Fyrsta alvörumyndin hennar árið 1993, Cyborg 2, gleymdist ansi fljótt en hún kom sér aðeins á kortið með eftirminnilegri frammistöðu í Hackers árið 1995. Loksins fékk Jolie viðurkenningu og Golden Globe árið 1997 fyrir frammistöðu hennar í sjónvarpsmyndinni George Wallace og stuttu síðar var hún tilnefnd til Emmy-verðlauna fyrir myndina Gia árið 1998.

Frægðarsólin hélt áfram að rísa og árið 2000 vann Jolie Óskarsverðlaun fyrir besta aukahlutverkið, í myndinni Girl, Interrupted. Ári seinna komst hún loksins á toppinn sem fornleifafræðingurinn Lara Croft. Síðan hefur hún leikið í mörgum rómuðu myndum eins og Taking Lives og Sky Captain: The World of Tomorrow.



Það verður seint sagt að Jolie sé ekki hrifin af hneykslum og hefur hún alltaf verið milli tannanna á slúðurblöðamönnum. Nú síðast hefur hún verið sökuð um að spilla hjónabandi sjarmörsins Brad Pitt og hinnar vinalegu Jennifer Aniston, sem tilkynntu um skilnað sinn í síðustu viku. Dæmi nú hver fyrir sig.

**Þrjár bestu myndir Angelinu:** **Hackers** – 1995. **Girl, Interrupted** – 1999. **Sky Captain and the World of Tomorrow** – 2004.


**TILBOÐ**

**Humar 1.290,-**
**Marlinsteikur 1.990,-**

**Ath: Opið laugardag frá 10.00 - 14.30**

**Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –**

**Höfðabakka 1 - sími 587 50 70**

NÁTTFÖT NÆRFÖT NÁTTFÖT NÆRFÖT NÁTTFÖT NÆRFÖT

ÚTSALA

20-40% AFSLÁTTUR



JOE BOXER

Skólavörðustíg 2 • Sími 552 1700



**ÚTSALA**

**÷ 30-70%**

**CHANGE**

SMÁRALIND
Sími 517 7007




▶ **18.10** *Ævintýri*

**Geimskipið Enterprise. Þriðja skiptið um geimskiptið enterprise en nú eru áhorfendur staddir í 22. öldinni.**



▶ **21.20** *Bíó*

**Lara Croft Tomb Raider: The Cradle of Life. Fornleifafræðingurinn Lara Croft gerir eina mestu uppgötvun allra tíma.**



▶ **12:25** *Enski boltinn*

**Liverpool – Manchester United. Sannkallaður stórleikur í beinni þar sem þessi lið hafa ávallt verið erkifjendur.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Bú! **8.13** Brandur lögga **8.23** Kóalabræður **8.37** Bitti nú **9.04** Tobbi tvisvar **9.22** Ævintýri H.C Andersens **9.55** Stundin okkar **10.25** Hundrað góðverk **11.00** Viltu læra íslensku? **11.20** Kastljósið **11.45** Óp

**12.15** Ólympíuleikarnir í Aþenu **14.10** Stjörnuleikur kvenna í körfubolta. **15.40** Handboltakvöld **16.00** Stjörnuleikur karla í körfubolta. Stjörnulið Íslendinga mætir stjörnuliði erlendra leikmanna einnig skot- og troðslukeppni. **18.00** Táknmálsfréttir

▶ **18.10 Geimskipið**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Neyðarhjálp úr norðri** Söfnunarþáttur vegna flóðanna í Asíu sendur út í samvinnu við Skjá einn og Stöð 2. Fjöldi listamanna kemur fram í þættinum og verndari söfnunarinnar er Vigdís Finnbogadóttir. Kynnar í þættinum eru Brynhildur Ólafsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Vilhelm Anton Jónsson. Útsendingu stjórnar Egill Eðvarðsson.
**20.45 Spaugstofan** Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik.
**22.15 Kæri guð** (Dear God)Bandarísk bíómynd frá 1996. Þegar svör fara að berast við bréfum til guðs er fólk furðu lostið en póstþjónustunni er ekki skemmt. Leikstjóri er Garry Marshall og meðal leikenda eru Greg Kinnear og Laurie Metcalf.

**00.05 Fiðrildamaðurinn** (The Mothman Prophecies) Bandarísk spennumynd frá 2002 **2.00** Utanbæjarfólk **3.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Í Erilborg, Í Erlilborg, Snjóbörnin, Sullukollar, Með Afa, Véla Villi, Beyblade) **10.20** Rookie of the Year

**12.00** Bold and the Beautiful **13.50** Idol Stjörnuleit (e) **14.50** Idol Stjörnuleit (e) **15.20** The Apprentice 2 (14:16) (e) **16.15** Sjálfstætt fólk (e) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes (e)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.54 Lottó**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.15 Whose Line is it Anyway** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.
**19.40 Neyðarhjálp úr norðri** Söfnunarþáttur vegna flóðanna í Asíu sendur út í samvinnu við Skjá einn og Stöð 2. Fjöldi listamanna kemur fram í þættinum og verndari söfnunarinnar er Vigdís Finnbogadóttir. Kynnar eru Brynhildur Ólafsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Vilhelm Anton Jónsson.
▶ **21.45 Lara Croft Tomb Raider 2** (Grafarræninginn 2) Fornleifafræðingurinn Lara Croft er hetja nýrra tíma. Hún er fulltrúi þess góða þegar ill öfl vilja sölsa undir sig heiminn. Lara Croft hefur nú gert eina mestu uppgötvun allra tíma en leyndarmálið spyrst út. Aðalhlutverk: Angelina Jolie, Gerard Butler, Ciarán Hinds, Chris Barrie. Leikstjóri: Jan De Bont. 2003. Bönnuð börnum.

**23.40** The Mephisto Waltz (Stranglega bönnuð börnum) **1.25** Baby Boy (Stranglega bönnuð börnum) **3.30** Fréttir Stöðvar 2 **4.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**11.50** Upphitun (e)

▶**12.25** Liverpool – Manchester Utd **14.30** Á vellinum með Snorra Má **15.00** Tottenham – Chelsea **17.10** Bolton – Arsenal

**19.00 The Drew Carey Show (e)** Drew Carey frá Cleveland, Ohio.
**19.40 Neyðarhjálp úr norðri** Söfnunarþáttur vegna flóðanna í Asíu sendur út frá RÚV í samvinnu við SKJÁEINN og Stöð 2. Fjöldi listamanna kemur fram í þættinum og verndari söfnunarinnar er Vigdís Finnbogadóttir. Kynnar eru Brynhildur Ólafsdóttir, Vilhelm Anton Jónsson og Gísli Marteinn Baldursson. Útsendingu stjórnar Egill Eðvarðsson.
**21.40 Red Dawn** Það er upphaf þriðju heimstyrjaldarinnar. Hópur unglinga safnast saman til þess að vernda heimabæ sinn fyrir innrásarliði Sovétríkjanna.Í aðalhlutverkum eru Patrick Swayze og C. Thomas Howell.

**23.35** The Long Firm (e) **0.20** Law & Order (e) **1.05** Law & Order: Criminal Intent (e) **1.50** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.35** Jay Leno (e) **3.20** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**10.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN

**8.00** World News **8.30** International Correspondents **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** World News **11.30** Next@CNN **12.00** World News **12.30** People In The News **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News **14.30** Diplomatic License **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** World News **16.30** Design 360 **17.00** World News **17.30** Inside Africa **18.00** World News **18.30** World Business This Week **19.00** World News **19.30** CNN Business Traveller **20.00** World News **20.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **21.00** World News **21.30** World Sport **22.00** World News **22.30** International Correspondents **23.00** World News **23.30** World Sport **0.00** World News **0.30** People In The News **1.00** World News **1.30** Design 360 **2.00** Larry King Weekend **3.00** World Business This Week **3.30** Global Challenges **4.00** World News **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Rally: Rally Raid Dakar **8.00** Football: Top 24 Clubs **8.30** Cross-country Skiing: World Cup Nove Mesto Czech Republic **9.45** Cross-country Skiing: World Cup Nove Mesto Czech Republic **11.30** Alpine Skiing: World Cup Wengen Switzerland **13.00** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **13.15** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **14.45** Tennis: WTA Tournament Sydney Australia **16.00** Ski Jumping: World Cup Kulm / Bad Mitterndorf Austria **17.30** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **19.00** Football: EFES Pilsen Cup **21.00** All sports: WATTS **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.15** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.45** News: Eurosportnews Report **23.00** Boxing **0.30** Rally: Rally Raid Dakar

### BBC PRIME

**7.00** Big Strong Girls **7.30** To Buy or Not to Buy **8.00** Cash in the Attic **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Antiques Roadshow **9.45** Bargain Hunt **10.15** Flog It! **11.00** Animal Hospital **11.30** Animal Hospital **12.00** Diet Trials **12.30** Diet Trials **13.00** Diet Trials **13.30** Diet Trials **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Zingalong **15.15** Tikkabilla **15.35** Bill and Ben **15.45** Bill and Ben **15.55** 50/50 **16.20** Blue Peter Flies the World **16.45** S Club 7: Viva S Club **17.10** Top of the Pops **17.40** The Generation Game **18.40** Casualty **19.30** Parkinson **20.30** Lewis Carroll – Curiouser & Curiouser **21.30** The League of Gentlemen **22.00** The Fast Show **22.30** This Life **23.10** This Life **0.00** Supernatural Science **1.00** Walk On By: the Story of Popular Song **2.00** Flooded Britain **3.00** Back to the Floor **3.30** Bindi Millionaires **4.00** Search **4.15** Search **4.30** English Time: Get the Grammar **4.50** Friends International **4.55** Friends International

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**16.00** Built for the Kill: Cat **17.00** Built for the Kill: Shark **18.00** Killer Leopards **19.00** Maneater: Killer Tigers of India **20.00** Inside the Britannic **21.00** Return to Titanic **22.00** Who Dares Wins **0.30** Air Force One **1.30** Death At the Airshow

### ANIMAL PLANET

**16.00** Crocodile Hunter **17.00** Pet Star **18.00** Wild on the Set **18.30** Wild on the Set **19.00** Animals Did it First **20.00** Talking with Animals **21.00** Ferocious Crocs **22.00** The Jeff Corwin Experience **23.00** Prowling Sharks **0.00** Riddle of the Rays **1.00** In Search of the Giant Anaconda **2.00** In Search of the King Cobra **3.00** The Crocodile Hunter Diaries **4.00** Crocodile Hunter

### DISCOVERY

**16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** The Mummy Detective **18.00** Face of Evil Reinhard Heydrich **19.00** Ultimates **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** Secret Life of Formula One **23.00** Trauma – Life in the ER **0.00** Bronx – Crime & Justice **1.00** Rides **2.00** Rex Hunt Fishing Adventures **2.30** Mystery Hunters **3.00** Bull Shark **4.00** Ray Mears' Extreme Survival

### MTV

**8.00** World Chart Express **9.00** Top 10 at Ten **10.00** On Tour – Green Day & New Found Glory **10.30** American Rock **11.00** Making the Video **11.30** American Rock **12.00** MTV Jammed **12.30** MTV Diary **13.00** Making the Video **13.30** American Rock **14.00** Greenday Makes A Video **14.30** MTV Jammed **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Globally Dismissed **17.00** Dance Floor Chart **18.00** European Top 20 **19.00** $2 Bill – The Foo Fighters **20.00** Viva La Bam **20.30** The Assistant **21.00** Top 10 at Ten **22.00** MTV – I Want A Famous Face **22.30** MTV Mash **23.00** Just See MTV **2.00** Chill Out Zone **4.00** Just See MTV

### VH1

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Happy Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** 100 Sexiest **15.00** Brat Pack Fabulous Life Of **15.30** Cast of Friends Fabulous Life Of **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** 100 Sexiest **22.00** Viva la Disco

### CARTOON NETWORK

**7.30** Ed's 60 **8.20** Codename: Kids Next Door **8.45** The Grim Adventures of Billy & Mandy **9.10** The Powerpuff Girls **9.35** Spaced Out **10.00** Dexter's Laboratory **10.25** Courage the Cowardly Dog **10.50** Time Squad **11.15** Sheep in the Big City **11.40** Evil Con Carne **12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo and the Boo

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**NEYÐARHJÁLP ÚR NORÐRI** *Stöð 2 og Skjár Einn* **kl. 19.40**

### *Safnað fyrir fórnarlömbum*

***Verndari söfnunarinnar er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands***

Hér er á ferð söfnunarþáttur til styrktar fórnarlömbum flóðanna í Asíu. Söfnun hófst á mánudaginn 10. janúar en nær hámarki með útsendingunni í kvöld. Að söfnuninni koma þrjár sjónvarpsstöðvar, þrjár verslunarmiðstöðvar, níu útvarpsstöðvar, þrjú dagblöð, listamenn, fyrirtæki og almenningur.

Fjölmargir listamenn koma fram í þættinum en landsmönnum gefst kostur á að hringja í sérstakan söfnunarsíma en einnig er safnað í Smáralind og Kringlunni í dag en söfnunarféni verður varið til neyðaraðstoðar nú og uppbyggingar á næstu árum. Kynnar í þættinum eru Brynhildur Ólafsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Vilhelm Anton Jónsson en útsendingu stjórnar Egill Eðvarðsson.



Vilhelm Anton Jónsson er einn af kynnum þáttarins.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You know the rules – keep your mouth shut and your legs open!"**

**Svar:** Mavis úr kvikmyndinni Once Were Warriors frá árinu 1994.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Hamingjuleitin **15.20** Með laugardagskaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.05** Lifandi blús

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Í þjónustu hennar hátignar **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Leiðarljós og spegilmynd **21.05** Fimm fjórðu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Púlsinn á föstudegi **23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**10.03** Lífsleikni (Ásdís Olsen) **11.00** Morgunstund með Rósu Ingólfs **11.03** Rósa Ingólfs

**12.25** Smáauglýsingar **13.00** Heil og sæl (endurfl.) **14.00** Menningaþátturinn **16.00** Endurfluttningur frá vikunni sem er að líða



**22.50** *Íþróttir*

**Ameríski fótboltinn. Nú er komið að undanúrslitum í NFL deildinni en sigurvegarar verða krýndir um næstu helgi.**

## SÝN

**11.20** NBA (SA Spurs – Dallas)

**13.35** Enski boltinn. Útsending frá fyrri leik Chelsea og Manchester United í undanúrslitum deildabikarsins. **15.15** K-1 **17.30** World Supercross **18.25** The World Football Show

**18.54 Lottó**

**19.00 Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér sjáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.

**19.25 Hnefaleikar** (Kostya Tszyu – Sharmba Mitchell) Útsending frá hnefaleikakeppni í Phoenix. Á meðal þeirra sem mættust voru Kostya Tszyu og Sharmba Mitchell en í húfi var heimsmeistaratitill IBF-sambandsins í veltivigt. Það var Tszyu sem átti titil að verja.

**20.50 Spænski boltinn** (La Liga) Bein útsending frá spænska boltanum en um helgina mætast eftirtalin félög: Albacete – Racing, Bilbao – Espanyol, Barcelona – Sociedad, Betis – Mallorca, Deportivo – Numancia, Real Madrid – Zaragoza, Getafe – Atl. Madrid, Levante – Villarreal, Osasuna – Valencia og Malaga – Sevilla.

**22.50 Ameríski fótboltinn** (NFL 04/05)Bein útsending frá úrslitakeppni NFL.

Brothers **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Digimon II **7.40** Pokémon **8.05** Spider-Man **8.30** Medabots **8.55** NASCAR Racers **9.20** Eerie, Indiana **9.45** Black Hole High **10.10** So Little Time **10.35** Princess Sissi **11.05** Braceface **11.30** Lizzie Mcguire **11.55** Totally Spies **12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps **15.30** Goosebumps

**MGM**

**8.00** Kid Colter **9.40** Midsummer Night's Sex **11.10** Sweet Smell of Succes **12.45** Sunburn **14.30** Marie: a True Story **16.20** Martin's Day **18.00** Submarine X – 1 **19.30** Till There Was You **21.00** I Want to Live! **23.00** Too Scared to Scream **0.45** Palais Royale **2.15** Purple Haze

**TCM**

**20.00** North by Northwest **22.15** The Naked Spur **23.45** The Teahouse of the August Moon **1.45** Savage Messiah **3.25** Arturo's Island

**HALLMARK**

**8.00** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **9.45** To Dance With The White Dog **11.30** McLeod's Daughters **12.15** Wounded Heart **13.45** Walter and Henry **15.15** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **17.00** To Dance With The White Dog **18.45** McLeod's Daughters **19.30** Prince Charming **22.45** Taking Liberty


ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR
Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00



ego dekor
**Tungusófi**
microfiber áklæði með óhreinindavörn
Verð áður: 139.000.-
-20%
Verð nú:
111.200.-

ego dekor
**Mango collection**
Borð 180x100
og sex **Balero** stólar án sessu.
Verð áður: 99.000.-
-20%
Verð nú:
79.200.-



ego dekor
**Leðursófasett**
3+1+1
Verð áður: 248.000.-
-20%
Verð nú:
198.400.-



ego dekor
**Frábær heilsudýna, rúmgafl**
**og tvö náttborð** í Queen stærð.
Verð áður: 189.000.-
-30%
Verð nú:
132.300.-

**Frábær heilsudýna, rúmgafl**
**og tvö náttborð** í Cal king stærð.
Verð áður: 214.000.-
-30%
Verð nú:
149.800.-

- Ath. tveir heilsukoddar fylgja hverju rúmtilboði!
- 10% afsláttur af öllum rúmteppum meðan á útsölu stendur





ego dekor
**Legubekkur**
fáanlegur í svörtu og hvítu leðri
Verð áður: 82.000.-
-40%
Verð nú:
49.200.-



ÚTSALAN ER HAFIN
20-50% AFSLÁTTUR

hönnun: www.pixill.is

## HRÓSIÐ



*... fær Björn Steinbekk Kristjánsson, sem hefur í samstarfi við Sigurjón Sighvatsson og aðra fjárfesta sjónvarpsrekstur á hinum Norðurlöndunum á næstunni. Sjónvarpsstöðin hefur fengið nafnið Big TV og á að ná til átta milljón norrænna heimila.*

## | 5STELPUR SPURÐAR |

**G-strengur?**



**Guðrún Ásmundsdóttir:**

Aria á G streng eftir Bach er fegursta tónlist sem skrifuð hefur verið. Er ég jafnan að tuða um það við börnin mín að þá tónlist beri að flytja við jarðarförina mína þegar þar að kemur, við litlar vinsældir afkomendanna. Í síðasta jólaboði þegar ég hóf máls á þessari hinstu ósk minni gall í einu barnabarninu: „Er amma farin að ganga í g-streng?". Þegar búið var að útskýra fyrir mér hvaða g-streng verið væri að tala um stakk ég upp á því að 6 stelpur myndu bera kistuna mína út úr kirkjunni í þessum vinsæla veraldlega g-streng einum klæða. Ég vissi að 5 stelpur væru áreiðanlega til, það þyrfti bara að semja við þá sjöttu. Ég fékk engan hlátur á þessa tillögu mína, heldur hneykslun. Eitt barnabarnið sagði um leið og hún kvaddi: „Aldrei tala um g-streng framar amma að minnsta kosti ekki í jólaboðum."



**Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir:**

Örugglega huggulegt fyrir þær og þá sem hafa smekk fyrir puski í naflanum og aðskotahlutum í rassinum. Ég er meira boxer týpa.



**Edda Björgvinsdóttir:**

G-strengur er viss tegund af nærhaldi sem gerir álíka mikið gagn í frosthörkunum á Íslandi og að hefta eyrnapinna á skallann á sér í stað þess að setja upp góða loðhúfu! Fyrir utan að ef konur vilja endilega þjást með því að ganga með tannþráð í rassinum, af hverju ekki að ganga alla leið og setja teiknibólur í skóna líka??!!



**Unnur Ösp Stefánsdóttir:**

Ágætur í hófi. Getur verið mjög aðlaðandi á réttum stundum og réttum rössum en getur einnig verið afar ógirnilegur. Mikilvægt að finna góðan g-streng. Mjaðma boxer klikka síður.



**Björk Jakobsdóttir:**

G-fyrir Gunna!



**Lárétt:** **2** úthald, **6** tónn, **8** málmur, **9** ábreiða, **11** komast, **12** samtal, **14** fuglar, **16** prófgráða, **17** traust, **18** beljaka, **20** hreyfing, **21** hæðir.
**Lóðrétt:** **1** dans, **3** einkennisstafir, **4** út af fyrir sig, **5** veitingastaður, **7** ekki sekur, **10** kimi, **13** hérað ( gamalt), **15** gler, **16** augnlok, **19** skóli.

**Lausn.**

**2** þrek, **6** as, **8** eir, **9** lak, **11** ná, **12** skraf, **14** lómar, **16** ba, **17** trú, **18** rum, **20** ið, **21** ásar.
Lóðrétt: **1** vals, **3** re, **4** einfari, **5** krá, **7** saklaus, **10** kró, **13** amt, **15** rúða, **16** brá, **19** ma.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 6

1. Gissur Pétursson.
2. 218 milljónum króna.
3. Hækkun í þéttbýli nemur um 30 þúsund krónum á ári og um 40 þúsund krónum í dreifbýli.

**HAMFARIRNAR Í ASÍU**: FIMM MANNÚÐARSAMTÖK STANDA FYRIR SÖFNUN

# Neyðarhjálp úr norðri

Á þriðjudaginn hófst landssöfnunin „Neyðarhjálp úr norðri" til hjálpar þeim sem lifðu af hamfarirnar í Asíu. Fyrir söfnuninni standa þrjár sjónvarpsstöðvar, þrjár verslunarmiðstöðvar, níu útvarpsstöðvar, þrjú dagblöð, listamenn, fyrirtæki og almenningur. Aldrei fyrr hafa svo margir aðilar á Íslandi tekið höndum saman um neyðarhjálp til útlanda.

### Fimm mannúðarsamtök

Söfnunarfénu verður varið til neyðaraðstoðar og uppbyggingar á næstu árum á vegum fimm mannúðarsamtaka; Barnaheilla – Save The Children, Hjálparstarfs Kirkjunnar, Rauða Kross Íslands, SOS barnaþorpa, og UNICEF – barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Þessi samtök eru hver um sig aðilar að alþjóðahjálparneti sinna samtaka. Hjá þeim starfar fólk með mikla reynslu og faglega þekkingu á þeim vandamálum sem koma upp við svona hörmulegar aðstæður. Læknar og hjúkrunarfólk á vegum allra samtakanna vinna hörðum höndum að halda þeim á lífi sem komust lífs af. Búa þarf um sár, bólusetja, sótthreinsa. Það er nauðsynlegt að láta þetta ekki stranda á því að efnislega hjálp vanti.



**BÖRNIN ÞARFNAST HJÁLPAR** Það eru börnin sem þurfa helst á hjálp fólks að halda. Hér sést ung taílensk stúlka gramsa í fatahrúgu sem hefur verið gefin til Rauða Krosssins. Um fjögurþúsund Taílendingar eru heimilislausir eftir hamfarirnar.

### Íslendingar leggja sitt af mörkum

Landsmönnum gefst kostur á að hringja í sérstaka söfnunarsíma og eru framlög skuldfærð á símreikning handhafa. Á laugardag munu þekktir einstaklingar í samfélaginu sitja við símann frá tvö til hálftíu og taka við stærri framlögum. Fyrirtæki eru hvött til að gefa til söfnunarinnar og verður frumlegust aðferðanna getið að góðu.

Landsmenn hafa nú þegar látið talsvert fé af hendi rakna en enn er að koma í ljós hversu stórt umfang hamfaranna er og hversu mikil þörf er fyrir hjálpinni. Með þessari söfnun geta einstaklingar og fyrirtæki lagt sitt af mörkum til þess að styðja við bakið á neyðarstofnunum sem og þeirri gríðarlegu uppbyggingarstarfsemi sem er fyrir höndum.

### Hjálparþörfin er mikil

Mikil þörf er á peningum á hamfarasvæðunum og hver þúsundkall skiptir máli. Eyðileggingin er gífurleg og uppbyggingarstarfið sem framundan verður yfirgripsmikið. Langtímaáætlun Rauða krossins gerir ráð fyrir 5 ára uppbyggingarstarfi á þeim stöðum sem urðu verst úti í flóðunum.

Meðal mikilvægra bygginga sem eyðilögðust er miðstöð mæðraverndar Barnaheill/Save The Children í Aceh-héraði í Indónesíu sem eyðilagðist algjörlega. Starfsemi miðstöðvarinnar var ætlað að draga úr mæðra- og ungbarnadauða og 10 ljósmæður sem þar störfuðu fórust. Börnin hafa tapað skólabókum og skólabúningum. Sumstaðar eru skólar fullir af fólki sem hafa misst heimili sitt og er nauðsynlegt að finna samastað fyrir þetta fólk svo skólahald geti hafist.

Það er óskandi að sem flestir sjái sér fært að láta fé af hendi rakna til allra þeirra sem mega þola þjáningar af völdum hamfaranna. Aðstandendur söfnunarinnar eiga hrós skilið fyrir þetta frábæra framtak. Frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari söfnunarinnar sem nær hámarki með sameiginlegri beinni útsendingu Sjónvarpsins, Stöðvar 2 og Skjás Eins klukkan 19:40 í kvöld.

hilda@frettabladid.is

**SÖFNUNARSÍMAR:**

901 1000 sem gefur 1.000 kr.
901 3000 sem gefur 3.000 kr.
901 5000 sem gefur 5.000 kr.

Tekið verður við stærri framlögum í síma 755 5000 sem opnar í dag kl. 14.

Útsala



Nuddstóll
Verð kr. 46.900
• Með nuddi • ítalskt leður
• Verð áður 62.500,-



30% afsláttur

Hægindastóll
Verð kr. 29.800
• Microfiber
• Verð áður 38.900,-

Stólar frá 29.900,-
2ja sæta sófar frá 39.900,-
3ja sæta sófar frá 42.900,-

OPNUNARTÍMI
MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA......14 - 18
LAUGARDAGA......11 - 17
SUNNUDAGA......12 - 16

SETT

SETT EHF • HLÍÐASMÁRA 14 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 534 1400

# Hatturinn hans Dúdda á uppboði

Söfnunin Neyðarhjálp úr Norðri nær hámarki klukkan 19:40 í kvöld þegar sjónvarpsstöðvarnar Skjár Einn, Stöð 2 og Sjónvarpið senda allar út þennan söfnunarþátt til styrktar fórnarlömbum flóðbylgjunnar í Asíu.

Vilhelm Anton Jónsson er einn stjórnenda þáttarins en með honum verða þau Gísli Marteinn frá Sjónvarpinu og Brynhildur frá Stöð 2.

„Í þættinum verður fullt af tónlistarmönnum og þekktu og skemmtilegu fólki sem kemur fram. Sigur Rós mun taka nýtt lag, strákarnir í 70 mínútum verða með innslag, Stuðmenn koma fram auk þess sem Bubbi og Björgvin Halldórsson taka lagið saman."

Villi sér meðal annars um þann hluta þáttarins þegar frægir munir verða boðnir upp.

„Á uppboðinu er árituð treyja frá Eiði Smára, hatturinn hans Dúdda sem varð frægur í myndinni Með Allt á Hreinu, teinóttu jakkafötin hans Björgólfs, Bjarkarsvanakjóllinn sem Ólafía Hrönn klæddist í áramótaskaupinu, frakkinn sem Pálmi Gunnars klæddist í undankeppni Eurovision á Rúv þegar hann flutti Gleðibankann í fyrsta sinn og gítarinn hans Bubba sem hann notaði þegar hann samdi lögin á plötunni Sögur af Landi."



**STUÐMENN** er ein þeirra hljómsveita sem koma fram í söfnunarþætti til styrktar fórnarlömbum flóðbylgjunnar sem sýndur verður á þremur sjónvarpsstöðvum í kvöld.

Uppboðið er nú þegar farið í gang og getur fólk hringt í síma: 847-0060 til þess að bjóða í hlut. Lágmarksupphæð er hundrað þúsund.

„Einnig munum við tala við fólk sem var úti í Asíu þegar hörmungarnar dundu yfir. Það verður svo nóg af óvæntum uppákomum og þetta verður umfram allt skemmtilegur þáttur, það er gaman að hjálpa!"

Í þættinum gefst landsmönnum kostur á að hringja í söfnunarsíma og verður fénu varið til neyðaraðstoðar og uppbyggingar á hamfarasvæðunum á næstu árum. ■


HVER ER
SÆTUR?
BRAGÐ • ENGINN SYKUR
PEPSI
MAX
EKKI ÉG!
ALVÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**Dreifing:** 515 7520 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Viltu vinnna?
Sendu SMS skeytið BT UTS á númerið 1900 og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
Aðalvinningur er MEDION XXL tölva með 17" flatskjá!
99 kr/skeytið



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# Óheppni

Fjandakornið, segi ég. Ég missti af Kiefer Sutherland þegar hann var hérna um áramótin. Ég sem var búinn að láta þýða alla pistlana mína yfir á ensku og var með þá í vasanum allan tímann. Þýddi líka bókina mína. Hefði verið fjári gott ef stjarnan hefði náð að renna yfir textann og gaman hefði verið að fá hans álit á stílbrögðunum. En svona er þetta. Ég sat fyrir honum bæði á Vegamótum og á Thorvaldsen en kappinn lét ekki sjá sig. Frétti af honum á Hressó en var of seinn. Ég var líka að gæla við að láta hann hafa drög að handriti að bíómynd sem ég hef svona verið að dunda við að skrifa í rúminu áður en ég fer að sofa. Og ef ég hefði náð honum á flug hefði ég kannski skotið að honum einni hugmynd að sjónvarpsþætti.

**UM HVAÐ?** Ja, ég ætla svo sem ekkert að ljóstra því upp svo auðveldlega. Þetta er bara dálítið sem ég hefði viljað ræða við Kiefer í róleg-heitum. En mér sem sagt datt í hug, fyrst þið endilega viljið heyra það, hvort ekki mætti gera dálítið krassandi sjónvarpsþáttaröð um Alþingi Íslendinga. Kiefer gæti leikið Halldór Blöndal. Þáttaröðin myndi heita 63, eða SixtyThree, og myndi gerast í rauntíma. Svaka fjör. Allt brjálað. Tom Hanks yrði Davíð Oddsson. Samuel L. Jackson yrði Steingrímur J.

**ÉG SÉ** fyrir mér senu: Tom Hanks stígur í pontu og segir: „Nobody but the Coalition in Iceland is against the restoration of democracy in Iraq. They don´t want to be big and they are nothing but a bunch of old-school-commie-loosers.“ Samuel L. Jackson rýkur þá til og stuggar við Tom, tekur orðið og segir: „O, yeah! You are nothing but a slut and a coward!“ Og þá slær Kiefer í bjölluna.

**ÞIÐ SJÁIÐ** Þetta svínvirkar á ensku. Yrði svaka hasar. En fjandakornið. Bara ef ég hefði hitt Kiefer sjálfan og náð að lýsa þessu fyrir honum. Sjálfsagt hefði ég þurft að stugga einhverjum stelpum frá til þess að komast að honum, sem hefði þurft dáldið átak, og ekki síður að halda þeim í fjarlægð á meðan ég talaði við gaurinn. Ég hefði þurft að vera ákveðinn.

**EN ÞAÐ** er huggun harmi gegn að ég hitti Kate Winslet á Rex. Ég útlistaði þetta fyrir henni í löngu máli, þetta með sjónvarpsþáttinn og það allt. Fór líka aðeins yfir bíómyndina, sem myndi fjalla um innrás Íslendinga inn í Írak, og svo lét ég hana hafa pistlana mína og bókina. Mjög fínar þýðingar. Hún var ofsalega jákvæð hún Kate, og ég var rosalega upp með mér og bjartsýnn. Þess vegna voru það auðvitað ákveðin vonbrigði þegar ég las í DV að þetta var alls ekki Kate heldur einhver íslensk stelpa sem lítur út eins og hún. Af hverju gat hún ekki bara sagt mér það strax? Árans vitleysa er þetta.

**AÐ** láta mig babbla svona á ensku í tvo tíma án þessa að segja neitt. Tóm niðurlæging. ■




© Inter IKEA Systems B.V. 2004
IKE 26747 12.2004

Útsölulok
á
morgun

Nýtt kortatímabil

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 18:30 | www.IKEA.is

IKEA®